

## **Umsagnir um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum**

*Eftirfarandi er samantekt á umsögnum sem umhverfisnefnd hefur borist um frumvarpið.  
Skjalið er vinnuskjal nefndarinnar og ekki ætlað til dreifingar.*

### **I. KAFLI**

**Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**

**1. gr.**

*Markmið.*

Markmið laga þessara er:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar á umhverfið,
- c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.

#### **Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

1. gr. Í b. lið eru neikvæð áhrif nefnd. Þetta er erfitt orð því að jákvæð og neikvæð áhrif eru oft háð persónulegu mati og upplifunum. Dæmi: Mörgum finnst skógrækt hafa neikvæð áhrif því að hún dregur úr útsýni o.s.frv. Ég legg til að orðið verði fellt út og sett inn orðið "óafturkræf" sem ég tel heppilegri mælikvarða.

Ég bendi einnig á að í athugasemdunum með 1. gr. segir að greinin sé efnislega óbreytt frá gildandi lögum samt sem áður er nú engin tilvísun í 1. gr. frumvarpsins til skipulagsáætlana. Kannski er það ekki nauðsynlegt en þá þarf e.t.v. að skýra af hverju.

#### **Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Bætt verði við nýjum staflíð fremst og aðrir liðir færast aftar sem því nemur.

Markmið laga þessara er:

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

- a. að tryggja að framkvæmdir séu í sátt við umhverfið og hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- b. óbreytt
- c. að stuðla að samvinnu og gagnkvæmum skoðanaskiptum framkvæmdaraðila, fagaðila og almennings við ákvörðun framkvæmdar.
- d. óbreytt

Mikilvægt er að í markmiði laganna komi einnig fram hvert sé markmið með því að setja framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum, ekki einungis að markmiðið sé að fram fari mat á umhverfisáhrifum, hvernig það er unnið og kynnt. Þetta er í samræmi við markmið annarra laga á sviði umhverfisverndar.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Markmið er aðstefnd staða, en tilgangur lýsir aðgöngu að markmiði, þ.e. leiðum til þess. Snerpa þarf á þessu í þessari grein, t.d. með því að skjóta inn í upphafi greinarinnar markmiði sem stöðulýsingu:

“Markmið laga þessara er (sem mest) óspillt og óraskað umhverfi þjóðarinnar í landinu af völdum framkvæmda,”

eða “...umhverfi sem minnst spillt eða raskað af framkvæmdum. Að því skal stefnt með...”

eða “...að framkvæmdir spilli eða raski umhverfi sem minnst, með því ...”

( síðan fylgi liðir a, b, c). Þar með er slegið föstu að hverju skuli stefnt, og er þá miklu minni hættu á einhverjum mistökum í matsferlinum og við fellingu úrskurðar vegna ófullnægjandi lýsingar á markmiði.

**Hollustuvernd ríkisins:**

Hollustuvernd ríkisins telur rangt að skilgreina umhverfisáhrif sem jákvæð eða neikvæð í lagatexta. Stofnunin telur það vera hlutverk matsins að greina hvort áhrifin séu jákvæð eður ei. Bent er á að aðgerðir sem til skamms tíma eða á ákveðnu sviði virðast jákvæðar geta til lengri tíma leitt afsér viðameiri neikvæð áhrif. Stofnunin leggur því til að orðið neikvæð verði tekið út úr texta, sérstaklega í b – lið 1. gr., i – og l – liðum 3. gr. og 5. mgr. 11. gr.

1. gr. Hollustuvernd ríkisins telur að markmiðssetningu frumvarpsins þurfi að bæta. Telur stofnunin að markmið laganna þurfi að vera meira en að fram fari mat. Tilgangur matsins hlýtur að vera einhverjar hagsbætur fyrir umhverfi – og þá einnig samfélagið. Hollustuvernd bendir til hliðsjónar á að slík markmið er að finna í markmiðssetningu annarra meginlaga um umhverfismál hér á landi, þ.e. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 44/1999 um náttúruvernd, nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og skipulags- og byggingarlög nr. 70/1997. Stofnunin leggur því til að 1. gr. frumvarpsins verði endurskrifuð og leggur fram eftirfarandi tillögu:

**„I. KAFLI.**

Markmið, tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

**1. gr.**

**Markmið og tilgangur**

Markmið laga þessara er að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir óbætanleg

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Jafnframt er markmiðið að umgangast og nota auðlindir svo sem jarðefni, jarðveg, vatn, gróður, dýrastofna, umhverfi og náttúru af fyrirhyggju.

Áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, skal fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Tilgangurinn með mati á umhverfisáhrifum er:

- a. að skrá og meta umhverfisáhrif framkvæmda,
- b. að kynna mögulegar mótvægisáðgerðir gegn þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmd veldur,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr áhrifum framkvæmda á umhverfi,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“

**Landgræðsla ríkisins:**

Við 1. og 2. gr. Vakin er athygli á því að í 1. gr. a og c liðum sem og í 2. gr. er talað um umtalsverð umhverfisáhrif. Þessi orð ber að skilja skv. skilgreiningu frv. á hugtakinu í 3. gr. 1-lið og takmarkast því gildissvið laganna við þá merkingu sem þar greinir. Er þetta í góðu samræmi við tilvitnaðar tilskipanir ESB sbr. einnig tilvitnuð rit ESB í aths. Lgr. við 5.gr.

**Landvernd:**

1. gr. Frumvarpsins þar sem fjallað er um markmið laganna, segir að þau skuli tryggja mat á umhverfisáhrifum, stuðla að samvinnu aðila sem hagsmuna hafa að gæta til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfi og kynna almenningi áhrif framkvæmda og mótvægisáðgerðir og gera almenningi kleift að koma með athugasemdir og upplýsingar. Í þessari upptalningu virðist vanta höfuðmarkmiðið sem er skv. tilskipun ESB að draga fram upplýsingar um neikvæð og jákvæð áhrif framkvæmda svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun. Landvernd telur að það hljóti einnig að vera markmið þessara laga að koma í veg fyrir framkvæmdir sem valda óviðunandi skaða. Sama gildir um framkvæmdir sem hafa neikvæð áhrif á heilsufar. Að mati Landverndar skýrði það betur blutverk laganna að þessi tvö síðastnefndu markmið væru tilgreind í 1. gr. 1. gr. b. segir að lögín séu til að stuðla að samvinnu þeirra sem hafa hagsmuni að gæta. Landvernd telur afar mikilvægt að það sé tilgreint sérstaklega að umhverfis- og náttúruverndarsamtök séu hagsmunaaðilar við mat á umhverfisáhrifum. Verksvið og hlutverk umhverfis- og náttúruverndarsamtaka er undantekningalaust að stuðla að verndun náttúru, sjálfbærni nýtingu auðlinda og að vinna gegn hvers konar umhverfisspjöllum. Til að koma veg fyrir þann möguleika að aðild umhverfis- og náttúruverndarsamtaka að matsferlum sé vefengd, er nauðsynlegt að tilgreina stöðu þeirra í lögnum. Þetta mætti gera með því að skilgreina hvað er átt við með hagsmunaaðilar í 3.gr. og að heildarsamtök um umhverfis- og náttúruvernd eins Landvernd, væru þar tilgreind sem hagsmunaaðili. Þess má geta að bæði í Svíþjóð og Danmörku eru forsendur aðildar umhverfis- og náttúruverndarsamtöka tryggðar í lögum.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Náttúruverndarráð:**

1. grein verði: Meginmarkmið laga þessara er að koma í veg fyrir að hvers kyns nýframkvæmdir eða breytingar á eldri framkvæmdum valdi óásættanlegum breytingum eða spjöllum á umhverfi.

Til þess að ofangreint markmið náist er nauðsynlegt að yfirvöld sem skv. lögum taka ákvörðun um tilteknar framkvæmdir og/eða veita framkvæmdaleyfi hafi sem áreiðanlegasta vitneskju um hvaða líkur eru á því að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á umhverfið, og hvers eðlis áhrifin eru. Því skal með lögum þessum tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Með lögnum er einnig lögð áhersla á að:

- a) stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta sem leitt geti til þess að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda
- b) Í b lið komi c liður 1. greinar frumvarpsins.

Greinargerð með breytingartillögu við 1. grein.

Meginmarkmið umhverfismats er að tryggja að lögbær stjórnvöld taki og/eða veiti leyfi til framkvæmdar í ljósi bestu tiltækrar vitneskju um hvaða líkur eru á því að tilgreind framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið (sjá. 1. hliðsjónargrein bls .1 í tilskipun 97/11/EB).

Til skýringar á orðinu “Óásættanlegar” í 1. málsgrein þá er vísað til þess að meginmarkmið laganna er að koma í veg fyrir framkvæmdir sem flestir (stjórnvöld og almenningur) eru sammála um að séu óásættanlegar vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem þær hafa, hver svo sem þau eru.

**Orkustofnun:**

1.gr. Orðalag greinarinnar er að mati Orkustofnunar betra en í gildandi lögum. Það er hnitmiðað og skýrir tilgang laganna. Þess er enn fremur gætt að vera ekki að skjóta inn í þessi lög ákvæðum annarra laga. Í einni útgáfu frumvarpsins hófst 1.gr. þannig: Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að umhverfinu verði spillt?.. Svona ákvæði eru óþörf því að í lögum um náttúruvernd (44/1999) segir nefnilega um markmið (1.gr.): Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis, þannig að hvorki spillist líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft, og áfram lögin eigi að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Hvað framkvæmdum líður er tilgangurinn með lögnum fyrirst og fremst að tryggja að framkvæmdaraðili hafi kannað gaumgæfilega hvaða áhrif framkvæmd kann að hafa á þá hagsmuni sem t.d. lög um náttúruvernd eða minjavernd eiga að gæta. Þau eiga ekki að fjalla um eð askera úr um hvað telst umtalsverð áhrif.

**Skipulagstofnun:**

1. gr.

Skipulagsstofnun telur að markmið laga um mat á umhverfisáhrifum eigi að vera að koma í veg fyrir óásættanleg áhrif á umhverfið af völdum tiltekinna framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Það markmið náist með því að meta áhrif

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

framkvæmdanna á umhverfið eftir ákveðnum leiðum, áður en leyfi eru veitt til framkvæmdanna. Einnig með því að tryggð sé viðtækt samráð og kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum, mati á umhverfisáhrifum þeirra og mögulegum mótvægisáðgerðum. Skipulagsstofnun telur þessa nálgun samræmast markmiðum tilskipunar 97/11/EB, sem frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er m. a. ætlað að uppfylla, verði það að lögum. Skipulagsstofnun telur ófullnægjandi að markmið laganna sé að fram fari mat á umhverfisáhrifum, heldur hljóti matsferlið að vera leið að því marki að vernda umhverfið fyrir óásættanlegum áhrifum sem framkvæmdir kunna að hafa á það. Ennfremur telur stofnunin að skýr markmið séu nauðsynleg undirstaða þeirra matskenndu ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna, sbr. 6., 7., 8., 11. og 13. gr. frumvarpsins. Skipulagsstofnun telur að markmið þetta komi að nokkru leyti fram í athugasemdum með frumvarpinu, en skili sér ekki inn í lagatextann. Skipulagsstofnun leggur til að markmiðsákvæði 1. gr. orðist svo: "Markmið laga þessara er að tryggja að komið sé í veg fyrir óásættanleg áhrif á umhverfið af völdum framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, með því að meta umhverfisáhrif þeirra áður en leyfi er veitt fyrir þeim. Ennfremur að tryggja að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sé fyrirhuguð framkvæmd, mat á umhverfisáhrifum hennar og mögulegar mótvægisáðgerðir vel kynnt og tryggð að öllum sé gert kleift að koma á framfæri upplýsingum og athugasemdum áður en endanleg ákvörðun er tekin."

**Eftirtaldir aðilar stóðu að umsögn umhverfisráðs Samorku: Samorka, Orkubú Vestfjarða, Hitaveita Suðurnesja, RARIK, Orkuveita Reykjavíkur, Hita- og vatnsveita Akureyrar og Landsvirkjun:**

**1. gr. Markmið**

Samorka telur að markmið frumvarpsins séu skýrari en núverandi lög um mat á umhverfisáhrifum og séu því til bóta. Hins vegar er það mat Samorku að enn sé ekki nægilega greint frá megintilgangi mats á umhverfisáhrifum sem felst í því að afla nauðsynlegra upplýsinga um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið. Mat á umhverfisáhrifum er aðferðarfræði til að safna upplýsingum um áhrif framkvæmdar á umhverfið á kerfisbundin hátt, og stuðlar hún að því að tekið sé tillit til umhverfisins við ákvarðanatöku um framkvæmd. Slikt markmið er í samræmi við markmið tilskipun Evrópusambandsins, 1. lið í 97/11/EB.

**Orkustofnun:**

**1. gr. Markmið**

Orðalag greinarinnar er að mati Orkustofnunar betra en í gildandi lögum. Það er hnitmiðað og skýrir tilgang laganna. Þess er ennfremur gætt að vera ekki að skjóta inn í þessi lög ákvæðum annarra laga. Í einni útgáfu frumvarpsins hófst 1. gr. þannig: Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að umhverfinu verði spillt?.. Svona ákvæði eru óþörf því að í lögum um náttúruvernd (44/1999) segir nefnilega um markmið (1. gr.): Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis, þannig að hvorki spillist líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft, og áfram lögin eiga að tryggja eftir föngum

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Hvað framkvæmdum líður er tilgangurinn með lögnum fyrst og fremst að tryggja að framkvæmdaaðili hafi kannað gaumgæfilega hvaða áhrif framkvæmd kann að hafa á þá hagsmuni sem t.d. lög um náttúruvernd eða minjavernd eiga gæta. Þau eiga ekki að fjalla um eða skera úr um hvað telst umtalsverð áhrif.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga við 1. gr:

„1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er:

- a. að koma í veg fyrir og draga úr umhverfisáhrifum vegna framkvæmda sem valdið geta umtalsverðum, óæskilegum breytingum og spjöllum á náttúru og samfélagi manna,
- b. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr **umtalsverðum neikvæðum** áhrifum framkvæmdar á umhverfið,
- d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“

Greinargerð:

Frumvarpstextinn í þessari grein fjallar nær alfarið um tilgang eða leiðir að markmiði/um. Ófært er að greina ekki frá meginmarkmiðum með lögum þessum. Breytingartillagan byggir að hluta á texta í athugasemdum með lagafrumvarpinu (sbr. bls. 17, neðsta mgr.) og á stefnu EB í umhverfismálum, sem er grundvölluð á varúðarreglunni og þeim meginreglum að stemma skuli á að ósi, koma í veg fyrir umhverfisspjöll og leggja bótaskyldu á þann sem mengun veldur (sbr. tilskipun 97/11/EB frá 3. mars 1997).

Í c-lið (var áður b-liður) er „neikvæðum“ skipt út fyrir „umtalsverðum“ til samræmis við b- og d-lið.

**Náttúruverndarráð:**

**Lagt er til að 1. grein verði:**

Meginmarkmið laga þessara er að koma í veg fyrir að hvers kyns nýframkvæmdir eða breytingar á eldri framkvæmdum valdi óásættanlegum breytingum eða spjöllum á umhverfi.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Til þess að ofangreint markmið náist er nauðsynlegt að yfirvöld sem skv. lögum taka ákvörðun um tilteknar framkvæmdir og/eða veita framkvæmdaleyfi hafi sem áreiðanlegasta vitneskju um hvaða líkur eru á því að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á umhverfið, og hvers eðlis áhrifin eru. Því skal með lögum þessum tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Með lögnum er einnig lögð áhersla á að:

a. stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta sem leitt geti til þess að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda

Í b lið komi c liður 1. greinar frumvarpsins.

Greinargerð með breytingartillögu við 1. grein:

Meginmarkmið umhverfismats er að tryggja að lögbær stjórnvöld taki og/eða veiti leyfi til framkvæmdar í ljósi bestu tiltækrar vitneskju um hvaða líkur eru á því að tilgreind framkvæmd hafi veruleg áhrif á umhverfið (sjá. 1. hliðsjónargrein bls .1 í tilskipun 97/11/EB).

Til skýringar á orðinu "Óásættanlegar" í 1. málsgrein þá er vísað til þess að meginmarkmið laganna er að koma í veg fyrir framkvæmdir sem flestir (stjórnvöld og almenningur) eru sammála um að séu óásættanlegar vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem þær hafa, hver svo sem þau eru.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

1. gr.

Meginmarkmið laga þessara er að koma í veg fyrir að hvers kyns nýframkvæmdir eða breytingar á eldri framkvæmdum valdi óásættanlegum breytingum eða spjöllum á umhverfi.

Til þess að ofangreint markmið náist er nauðsynlegt að yfirvöld sem skv. lögum taka ákvörðun um tilteknar framkvæmdir og/eða veita framkvæmdaleyfi hafi sem áreiðanlegasta vitneskju um hvaða líkur eru á því að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á umhverfið, og hvers eðlis áhrifin eru. Því skal með lögum þessum tryggja .....(eins og a) liður í frumvarpinu). Með lögnum er einnig lögð áhersla á að:

· stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta sem leitt geti til þess að draga úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda

· EINS OG GREIN c) Í FRUMVARPINU

Greinargerð með breytingartillögunni:

Það má ekki láta hjá líða að greina frá því sem hlýtur að vera meginmarkmið laganna. Þá jaðrar við hringrök (tautologia) að segja að fyrsta markmið laga um X sé að tryggja að X sé framkvæmt, en þannig má skilja a) liðinn í frumvarpinu (í því tilfelli er X= umhverfismat). Meginmarkmið umhverfismats er að tryggja að lögbær stjórnvöld taki og/eða veiti leyfi til framkvæmdar í ljósi bestu tiltækrar vitneskju um hvaða líkur eru á því að tilgreind framkvæmd

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

hafi veruleg áhrif á umhverfið (sjá. 1. hliðsjónargrein bls.1 í tilskupun 97/11/EB).

Lykilhugtak í fyrstu málsgrein þarfnast skýringar. “Óásættanlegar”: Þegar öllu er á botni hvolfi er meginmarkmið laganna að koma í veg fyrir framkvæmdir sem flestir (stjórnvöld og almenningur) eru sammála um að séu óásættanlegar vegna neikvæðra áhrifa sem þær hafa.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

1. grein

Greinin er að stofni til sú sama og í gildandi lögum, en itarlegri. Meginbreytingin frá gildandi lögum felst í nýrri skilgreiningu á hugtakinu "umtalsverð umhverfisáhrif" (sjá 3. gr. frv. um skilgreiningar), en með henni er markmið laganna skert verulega frá því sem áður var.

Í gildandi lögum er markmiðið að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, *sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið*. Samkvæmt frumvarpinu verður markmið nýrra laga hins vegar að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, *sem kunna að hafa í för með sér veruleg óasturkræfneikvæð umhverfisáhrifeða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum*. Það er alveg ljóst að hér er verið að leggja til verulega breytingu á markmiði gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þessi breyting stangist ekki aðeins á við tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EB heldur einnig á við ýmsa alþjóðlega samninga á sviði umhverfismála, sem Ísland á aðild að og ber að fylgja (sjá athugasemd við 3. gr. frv.). Stofnunin telur einnig að þessi breyting geri það að verkum að mjög erfitt verður að framfylgja lögnum (sjá athugasemd við 6. gr. frv.).



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í lofti, í landhelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

Gildissvið laganna er of takmarkað ef notað er umtalsverð umhverfisáhrif og lagt er til að notað verði umhverfisáhrif í stað umtalsverð umhverfisáhrif. Síðan er metið hvort umhverfisáhrifin eru umtalsverð og þá hvort og hvernig fallist er á framkvæmdina. Mikilvægt er að ekki leiki nokkur vafi á að loft er innan gildissviðs laganna.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Niður falli orðið “umtalsverð”, því að matsferlið miðar m.a. að ákveða, hvort umhverfisáhrif séu umtalsverð. Skilgreint er í kafla III og í viðaukum um hvaða framkvæmdir er að ræða.

**Náttúruvernd ríkisins:**

2. gr. Hér ætti að taka fram að andrúmsloft sé einnig innan gildissviðs laganna. Náttúruvernd ríkisins leggur því til að 2. gr. verði breytt:

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í lofti, í landhelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

**Náttúruverndarráð:**

Varðandi 2. grein má velta fyrir sér hvort hún eigi líka við um lofthelgi landsins eða flutning varasamra efna í lofthelginni.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

**2. grein**

Til bóta er að allur vafi er af tekinn um gildissvið laganna með þessari grein, en grein um gildissvið vantar í gildandi lög.

Í athugasemdum við greinina í greinargerð með frumvarpinu (bls. 20) er fullyrt að gildandi lög nái ekki yfir framkvæmdir utan stórstraumsfjöru! Hvergi kemur fram hvaðan

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

frumvarpshöfundar hafi þessa vitneskju sína, en þetta takmarkaða gildissvið kemur hvergi fram í lögnum. Þvert á móti ná þau til hafna (5. gr., 10. liður laganna), sem væntanlega ná út fyrir stórstraumsfjörumörk. Einnig þótti ástæða til að taka fram í 5. gr. laganna (4. liður) að ákvæði um efnistöku nái einungis til efnisnáms á landi. Í reglugerð laganna nr. 179/1994 er m. a. fjallað um veiðar botndýra á grunnsævi, eldi sjávarlífvera /kvíaelði í sjó) og þang og þangskurð. Fleira mætti nefna sem sýnir vel að lögin áttu að ná út fyrir stórstraumsfjöru, enda hljóta lög að ná til allrar lögsögu ef annað er ekki tekið fram.

Þetta atriði er gert að umtalsefni hér vegna þess að umhverfisráðuneytið er nú í annað sinn á stuttum tíma að viðra þann einkennilega skilning að lög sem hafa ekki sérstaka grein um gildissvið nái ekki til sjávar, jafnvel ekki lög sem fjalla um náttúru landsins! Mörg eldri lög hafa ekki slíka grein um gildissvið og er því mjög varasamt að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að taka þennan pól í hæðina. Minna má á að Ísland hefur lýst því yfir að ýmsum ákvæðum um sjóinn í alþjóðlegum samningum sé fullnægt hér á landi með visun til laga sem ekki hafa sérstaka grein um gildissvið. Slíkar yfirlýsingar hafa verið bornar fram á Alþingi án athugasemda.

Lagt er til að umhverfisnefnd taki með einhverjum hætti afstöðu til þess hvort 2. gr. frumvarpsins feli í sér verulega breytt gildissvið eða hvort hún taki aðeins af allan vafa um gildissviðið og skýri það.

**Eftirtaldir aðilar stóðu að umsögn umhverfisráðs Samorku: Samorka, Orkubú Vestfjarða, Hitaveita Suðurnesja, RARIK, Orkuveita Reykjavíkur, Hita- og vatnsveita Akureyrar og Landsvirkjun:**

2. gr.

Samorka telur mikilvægt að gildissvið laga um mat á umhverfisáhrifum sé skýrt afmarkað og leggur til að skilgreint verði hvað afmörkun mengunarlögsögu hefur í för með sér.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga við 2. gr:

„2. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvort heldur er á landi, í landhelgi eða í mengunarlögsögu Íslands.

**Lög þessi breyta ekki strangari ákvæðum annarra laga er varða mat á umhverfisáhrifum." Greinargerð:**

Lögin eru um mat á umhverfisáhrifum, en ekki um mat á umtalsverðum umhverfisáhrifum. Það er síðan í samræmi við laganna hljóðan að kveða úr um hvort framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruverndarráð:**

Varðandi 2. grein má velta fyrir sér hvort hún eigi líka við um lofthelgi landsins eða flutning varasamra efna í lofthelginni.

**Skipulagsstofnun:**

Í 2. gr. kemur fram að löggin skuli gilda í mengunarlögsögu Íslands. Í tillögu nefndarinnar var miðað við að löggin gildi í efnahagslögsögu landsins. Um efnahagslögsöguna, mörk og heimildir íslenska ríkisins innan hennar er fjallað í II kafla laga nr. 41/1979. Skipulagsstofnun er ekki kunnugt um að hugtakið mengunarlögsaga sé skilgreint í lögum. Það er hins vegar skilgreint í athugasemd með 3. gr. frumvarps til laga um varnir gegn mengun sjávar sem "innsævi, landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn Íslands" með vísan til skýringa í viðkomandi lögum. Skipulagsstofnun telur að rétt sé að skilgreining "mengunarlögsögu" komi fram í lögnum eða í nefndaráliti umhverfisnefndar.

Skipulagsstofnun telur rétt að tekin sé afstaða til framkvæmdar mats á umhverfisáhrifum á varnarsvæðum sbr. 61. gr. skipulags- og byggingarlaga.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

3. gr.

*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér segir:

- a. *Athugun Skipulagsstofnunar*: Formleg kynning matsskýrslu, umfjöllun stofnunarinnar og álitsumleitun. Athugun lýkur með úrskurði Skipulagsstofnunar.
- b. *Framkvæmdaraðili*: Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem lög þessi taka til.
- c. *Framkvæmd*: Hvers konar nýframkvæmd eða veruleg breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir.
- d. *Leyfi til framkvæmda*: Endanlegt leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir.
- e. *Leyfisveitandi*: Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda.
- f. *Matsáætlun*: Áætlun Skipulagsstofnunar byggð á tillögu framkvæmdaraðila um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í matsskýrslu, um kynningu og samráð við gerð matsskýrslu og kröfur um lágmarksgögn.
- g. *Matsskyld framkvæmd*: Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.
- h. *Matsskýrsla*: Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.
- i. *Mótvægisáðgerðir*: Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.
- j. *Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.
- k. *Umhverfisáhrif*: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á náttúrulegt umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.
- l. *Umtalsverð umhverfisáhrif*: Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Í j. – lið vantar "jarðmyndanir" (sjá til samanburðar upptalningu í 9. gr.).

l. – liður gæti hljóðað svo: "Veruleg umhverfisáhrif, einkum óafturkræf áhrif á umhverfið eða spjöll á umhverfinu, sem ekki er hægt að fyrirbyggja né bæta úr með mótvægisáhrifum." Þetta er rýmra orðalag, en þess er full þörf í lagatexta. Ella mætti einskorða "umtalsverð umhverfisáhrif" við óafturkræf eða óbætanleg spjöll.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

Skilgreina þyrfti "verndarsvæði", því að til eru náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði og þjóðminjaverndarsvæði samkvæmt þar að lútandi lögum.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Lagt er til að eftirfarandi hugtök verði skilgreind

Mengunarlögsaga

Verndarsvæði

Þéttbýli

EES-nefnd

Einnig verði skilgrein hvað er átt við með sama svæði sbr. 2. mgr. 5. gr.

Í skilgreiningu j. liðar verði bætt inn orðinu jarðmyndanir.

j. Umhverfi: Samheiti fyrir vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir og landslag, samfélag.....

Í k. lið verði orðinu neikvæð sleppt, þar sem það er óþarft og getur verið erfitt að túlka það sem er neikvætt fyrir einn þátt umhverfisins getur verið jákvætt fyrir annan þátt.

k. Umtalsverð umhverfisáhrif: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll.....

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Ég tel afar nauðsynlegt að nú verði fenginn einhver botn í það hver eindanlegur leyfisveitandi er, sem getur verið mismunandi að sjálfsögðu, og endanlegt leyfi. Í d. lið er vísað til endanlegs leyfis. Getur t.d. framkvæmdaleyfi verið endanlegt leyfi? Eða t.d. leyfi landeiganda? Mér finnst að það þurfi að taka af skarið hér og m.a. og fjalla betur um tengsl við 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og framkvæmdaleyfi þegar það á við og einnig um aðrar leyfisveitingar, t.d. sveitarstjórna. Geta þessi leyfi einhvern tíma verið endanlegt leyfi?

Ég geri aftur athugasemd við orðið "neikvæð" í i. lið, sbr. fyrri athugasemd við 1. gr. og tel að miða eigi við hvort aðgerðir komi í veg fyrir, dragi úr eða bæti fyrir óafturkræf áhrif.

Ég legg eindregið til að hugtakið "umhverfi" í j. lið verði ekki skilgreint og að það verði tekið út úr frumvarpinu. Ástæða þessa er m.a. sú að nánast ógjörningur er að skilgreina hugtakið að mínu mati og einnig vantar í skýringuna samspilið á milli einstakra þátta sem er hluti af umhverfinu.

Í k. lið er ekki tekið tillit til umhverfis sem er manngert einungis þess sem er náttúrulegt. Ég nefni t.d. varnagarða, endurheimt votlendi, uppgrædd svæði o.s.frv. Að mínu mati þarf að bæta manngerðum þáttum við skilgreininguna. Jafnframt tel ég að bæta þurfi við upphaf k. liðs orðunum óbein, bein, samverkandi og uppsöfnuð. Þá myndi k. liður hljóða svo: Umhverfisáhrif: Óbein, bein, samverkandi og uppsöfnuð áhrif framkvæmdar ...

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Við 1. lið geri ég sömu athugasemd og fyrr við orðið "neikvæð" og legg til að skilgreiningin hljóði svo. Umtalsverð umhverfisáhrif: Óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll ...

**Hollustuvernd ríkisins:**

3. gr.: Hollustuvernd ríkisins telur að nokkrar skilgreiningar beri að endurskoða. Vísað er annars vegar til umræðu framar í umsögn stofnunarinnar um orðið „neikvæð" og hins vegar til eftirtalinna atriða:

1 – liður. Hollustuvernd ríkisins leggur til að þessi liður verði felldur út. Stofnunin telur það falla undir Skipulagsstofnun að úrskurða eftir matið hvort umhverfisáhrif séu veruleg, óafturkræf, neikvæð eða að mótvægisáðgerðir vegi ekki upp á móti áhrifunum. Þegar hugtakið er fest í skilgreiningum er þegar búið að meta framkvæmdir s.s. skv. 1., 2., 6., 7., 11. og 18. gr. auk 2. viðauka. Ef hugtakið er ekki strangt skilgreint fellur það undir álit Skipulagsstofnunar hvort ákvæði ofangreindra gr. eigi við í viðeigandi tilfellum.

Hollustuvernd ríkisins telur að skilgreining á orðinu verndarsvæði verði að koma í lagatexta. Nú er skilgreiningu að finna í viðauka og athugasemdum með viðaukum sem er ekki fullnægjandi.

**Landgræðsla ríkisins:**

3. gr. Landgræðslan lýsir ánægju sinni með þær auknu orðskýringar sem gerðar hafa verið.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Náttúruvernd ríkisins telur að bæta verði við skilgreiningum á nokkrum hugtökum til að lagatextinn verði nógu skýr. Um er að ræða skilgreiningar á eftirtöldum hugtökum: Mengunarlögsaga, þéttbýli, EES-nefnd, verndarsvæði.

Varðandi verndarsvæði má t.d. benda á skilgreiningu á náttúruverndarsvæðum í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Til náttúruverndarsvæða teljast friðlýst svæði, önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Við upptalningu í skilgreiningu á orðinu umhverfi í j-lið 3. gr. verði bætt orðinu jarðmyndanir. Skilgreiningin verði þá þannig:

j. Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruverndarráð:**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 3. grein:

d liður verði:

*Leyfi til framkvæmda:* Endanlegt leyfi lögbærra yfirvalda til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir en með því er átt við framkvæmda- eða byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum eða starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Greinargerð með breytingartillögu við d lið.

Nauðsynlegt þykir að í þessari grein sé vísað til annarra laga sem gilda um leyfi til framkvæmda. Það þurfi þó að huga að því hvort í öðrum lögum felist leyfi er geta snert þessi lög.

l liður verði:

*Umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif:* Óafturkræf, neikvæð umhverfisáhrif sem ekki er unnt að fyrirbyggja eða bæta fyrir með mótvægisáðgerðum.

Í beinu framhaldi kæmi til breytinga á texta frumvarpsins í þeim greinum sem hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif kemur fyrir, þar sem orðinu "neikvæð" yrði bætt inn.

Greinargerð með breytingartillögu við l lið.

Gagnvart íslensku máli virðist einsýnt að ekki er hægt að skilgreina og nota hugtakið "umtalsverð umhverfisáhrif" með þeim hætti sem hér er gert. Hugtökin "umhverfi" og "umhverfisáhrif" eru skilgreind vítt í liðum j og k og látin ná til atvinnu og efnislegra verðmæta. Þetta hefur í för með sér að langflestar framkvæmdir hafa í för með sér bæði jákvæð (oftast í sambandi við atvinnu og tengda hluti) og neikvæð áhrif (oftast tengt náttúrunni) og hvort tveggja geta verið umtalsverð samkvæmt íslenskri málvenju. Ef menn vilja halda sig við lýsingarorðið "umtalsverð" verður einnig að hafa orðið "neikvæð" með í hugtakinu. Það má hugsa sér að slíkt hugtak geti verið gagnlegt viðmið, t.d. við gerð matsskýrslna en þá er nauðsynlegt að staðsetja hugtakið á ýmsum viðurkenndum mælistikum með því að nefna dæmi annað hvort í liðnum sjálfum eða í skýringum með lagagreininni.

**Skipulagsstofnun:**

**3. gr. Skilgreiningar**

Hugtakið "leyfi til framkvæmda" er í d-lið skilgreint sem "endanlegt leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir". Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í skilgreiningunni komi fram hverskonar leyfisveitingar þar er átt við, þ.e. með vísun í þær tegundir leyfisveitinga sem veita endanleg leyfi til framkvæmda og starfsemi, nánar tiltekið framkvæmda- og byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skipulagsstofnun leggur því til að d-liður 3. gr. verði: "Leyfi til framkvæmda: Endanleg leyfi til framkvæmda og starfsemi, nánar tiltekið

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

framkvæmda- og byggingarleyfi skv. skipulags- og byggingarlögum og starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir."

Hugtakið "umhverfisáhrif" er skilgreint í k-lið sem "áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á náttúrulegt umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag". Hér er um að ræða eitt af lykilhugtökum í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að ástæða sé til að skilgreina hugtakið ítarlegar, m.t.t. þess að við mat á umhverfisáhrifum skal skoða, eftir því sem við á hverju sinni, bein og óbein áhrif á umhverfið, skammtíma- og langtímaáhrif, varanleg og tímabundin og jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfið, sbr. tilskipun 97/11/EB. Skipulagsstofnun leggur því til að k-liður 3. gr. verði: "Umhverfisáhrif: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið, þ.m.t. bein og óbein, jákvæð og neikvæð, sammögnuð áhrif, skammtíma og langtíma, varanleg og tímabundin, afturkræf og óafturkræf áhrif."

Hugtakið "umtalsverð umhverfisáhrif" er skilgreint í l-lið. Hér er um að ræða annað lykilhugtak í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skilgreiningu þess hefur fram til þessa skort í lagatexta, en m.a. með vísan í sambærilega hugtakanotkun tilskipunar 97/11/EB hefur hugtakið verið skýrt þannig að umtalsverð umhverfisáhrif séu áhrif sem talin séu óásættanleg fyrir umhverfið. Skilgreining hugtaksins í lagatexta ásamt skýrum markmiðum laganna mynda grundvöll fyrir alla ákvarðanatöku skv. lögnum, sbr. ákvarðanir sem teknar eru skv. 6., 7., 8., 11. og 13. gr. frumvarpsins. Við mat á umhverfisáhrifum eru metin umhverfisáhrif framkvæmdar, sbr. skilgreiningu umhverfis og umhverfisáhrifa hér að ofan. Ef heildarniðurstaða mats er að framkvæmd valdi óásættanlegum áhrifum á umhverfið sem ekki verði mætt með mótvægisáðgerðum eða ávinningi sem nægi til að vega á móti þeim verður niðurstaða mats á umhverfisáhrifum að lagst er gegn framkvæmd, sbr. c-lið 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Skipulagsstofnun leggur til að l-liður 3. gr. verði: "Umtalsverð umhverfisáhrif: Veruleg neikvæð áhrif á umhverfið sem talin eru óásættanleg og ekki er unnt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum eða vega upp með ávinningi sem af framkvæmd hlýst."

**Umhverfisráð Samorku:**

**3. gr. Skilgreiningar**

Í skilgreiningu á matsáætlun stendur: „Áætlun Skipulagsstofnunar byggð á tillögu framkvæmdaraðila ...“ Þessi skilgreining er ekki í samræmi við 8. gr. frumvarpsins og greinargerð þess. Samorka gengur út frá því að matsáætlunin sé í höndum framkvæmdaraðila.

Skilgreining frumvarpsins á framkvæmd er hvers konar nýframkvæmd eða veruleg breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir. Samorka telur nauðsynlegt að fá skýrari skilgreiningu á því hvað telst veruleg breyting á eldri framkvæmd, t.d.:

Þegar verið er að endurbyggja 66/132 kV háspennulínu, hvað má færsla úr núverandi línustæði vera löng?

Telst spennuhækkun vera veruleg breyting?



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Telst breyting á 33 kV línu, sem felur í sér 66 kV línu á 1.300 m löngum kafla, veruleg breyting?

Að mati Samorku er ekki ljóst hvernig skilgreina á endanlegt leyfi til framkvæmda. Því er lagt til að liður d í 3. gr. frumvarpsins verði felldur niður.

Samorka leggur til að umhverfisáhrif verði skilgreind á eftirfarandi hátt:

Áhrif sem framkvæmd og starfsemi við rekstur þeirra hafa á umhverfi og samverkan ýmissa þátta þess. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð eða neikvæð, bein eða óbein, varanleg eða skammvinn, afturkallanleg eða óafturkallanleg.

Það er skoðun Samorku að núverandi lög um mat á umhverfisáhrifum og fyrirliggjandi frumvarp stuðli að neikvæðri umfjöllun og viðhorfi til mats á umhverfisáhrifum. Matið er ákveðin aðferðafræði þar sem metin eru áhrif framkvæmda á umhverfið og geta þau verið á ýmsa vegu, m.a. jákvæð og neikvæð. Samorka telur mikilvægt að þetta komi fram í skilgreiningunni þannig að ekki verði einblínt á að mat á umhverfisáhrifum taki eingöngu á neikvæðum áhrifum.

Í kjölfar þess er það mat Samorku að skilgreining á umtalsverð umhverfisáhrif skuli hljóða á eftirfarandi hátt:

Áhrif sem breyta umhverfi verulega, spilla því eða bæta.

Að mati Samorku er ekkert sem styður þá skilgreiningu að umtalsverð umhverfisáhrif verði að vera neikvæð og óafturkallanleg.

**Orkustofnun:**

**3. gr. Skilgreiningar**

Í lögnum koma fyrir ýmis hugtök sem reynt er að skilgreina, og eru þessi hugtök misskýr eins og gengur. Það þarf ekki endilega að vera neitt í orðalagi skýringanna skv. þessum lögum sem gerir hugtökin misskýr, heldur miklu fremur óljósar tilvísanir og skortur á viðmiðum. Mikilvægast er hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif, sem segja má að ráði mestu um niðurstöður þess ferlis sem löggin kveða á um, þ.e. úrskurð Skipulagsstofnunar. Í skilgreiningu er talað um óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif og spjöll á umhverfinu. Þessi hugtök verða rædd síðar í tengslum við 11. ? 13. gr.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga við 3. gr.:

Varðandi l-lið telja samtökin einsýnt að skilgreina beri „*umtalsverð umhverfisáhrif*“ með öðrum hætti en lagt er til í frumvarpinu. Eftirfarandi er lagt til:

„1. *Umtalsverð, óæskileg umhverfisáhrif: Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif Verulegar, óæskilegar breytingar og eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta fyrir með mótvægisáðgerðum.*“

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Einnig telja Náttúruverndarsamtökin að það muni skýra lagafrumvarpið til muna ef bætt yrði inn í 3. gr. skilgreiningum á **verndarsvæðum**, en þau **gegna lykilhlutverki í 6. gr.** frumvarpsins. Skilgreiningarnar er að finna í athugasemdum við 2. viðauka frumvarpsins (bls. 29-30) og eru þær eftirfarandi::

- „1. Friðlýstar náttúruminjar og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.
2. Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvellir, Mývatns- og Laxársvæðið og Breiðafjörður.
3. Svæði innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum
4. Svæði, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við mengunar varnar-reglugerð og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.
5. Svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.
6. Hverfisverndarsvæði samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð.“

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

3. gr.

**d) LIÐUR VERÐI:**

*Leyfi til framkvæmda:* Endanlegt leyfi löbærra yfirvalda til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir. Í þessu sambandi vísast til skipulags- og byggingarlaga, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir eða annarra laga sem við kunna að eiga.

**1) LIÐUR VERÐI:**

*Umtalsverð, neikvæð umhverfisáhrif:* Óafturkræf, neikvæð umhverfisáhrif sem ekki er unnt að fyrirbyggja eða bæta fyrir með mótvægisáðgerðum.

Greinargerð með breytingartillögum:

d) Nauðsynlegt er að í þessari grein sé vísað til annarra laga sem gilda um leyfi til framkvæmda.

1) Gagnvart íslensku máli virðist einsýnt að ekki er hægt að skilgreina og nota hugtakið “umtalsverð umhverfisáhrif” með þeim hætti sem hér er gert. Hugtökin “umhverfi” og “umhverfisáhrif” eru skilgreind vitt í liðum j og k og látin ná til atvinnu og efnislegra verðmæta. Út á það er ekkert að setja í sjálfu sér en þetta hafur í för með sér að langflestar framkvæmdir hafa í för með sér bæði jákvæð (oftast í sambandi við atvinnu og tengda hluti)

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

og neikvæð áhrif (oftast tengt náttúrunni) og hvort tveggja geta verið umtalsverð samkvæmt íslenskri málvenju. Ef menn vilja halda sig við lýsingarorðið "umtalsverð" verður einnig að hafa orðið "neikvæð" með í hugtakinu. Það má hugsa sér að slíkt hugtak geti verið gagnlegt viðmið, t.d. við gerð matsskýrslna en þá er bráðnauðsynlegt að staðsetja hugtakið á ýmsum viðurkenndum mælistikum með því að nefna dæmi annað hvort í lagatextanum sjálfum eða í skýringum með lagagreininni.

**Orkustofnun:**

3.gr. Í lögum koma fyrir ýmis ugtök sem reynt er að skilgreina, og eru þessi hugtök misskýr eins og gengur. Það þarf ekki endilega að vera neitt í orðalagi skýringanna skv. þessum lögum sem gerir hugtökin misskýr, heldur miklu fremur óljósar tilvísanir og skortur á viðmiðum. Mikilvægast er hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif, sem segja má að ráði mestu um niðurstöður þess ferlis sme lögin kveða á um, þ.e. úrskurð Skipulagsstofnunar. Í skilgreiningu er talað um óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif og spöll á umhverfinu. Þessi hugtök verða rædd síðar í tengslum við 11. og 13.gr.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

**3. grein**

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að skilgreina ætti hugtakið "verndarsvæði" í þessari grein frumvarpsins. Þetta hugtak er mikið notað í viðaukum án útskýringar, sem valdið getur deilum um framkvæmd nýrra laga. Í viðaukunum er einnig notað hugtakið "náttúruverndarsvæði", sem gefur í skyn að þar sé um annarskonar verndarsvæði að ræða. Hugtakið "náttúruverndarsvæði" á stoð í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999). Jafnframt ætti að skilgreina hugtakið "válisti".

Stofnunin telur að bæta þurfi orðinu "jarðmyndanir" í skilgreiningu á hugtakinu "umhverfi" (j-liður 3. gr. frv.) til samræmis við 9. gr. frumvarpsins og lög um náttúruvernd (nr. 44/1999). Orðinu mætti skjóta inn á eftir orðinu "veðurfar".

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að skilgreiningin á hugtakinu "umtalsverð umhverfisáhrif" (l-liður 3. gr. frv.) sé andstæð tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EB og alþjóðlegri notkun hugtaksins. Stofnunin telur að með þessari nýju skilgreiningu sé verið að skerða gildissvið laganna verulega (sjá athugasemd við 1. gr. frv.) og búa svo um hnúta að mjög erfitt verður að framfylgja þeim (sjá athugasemd við 6. gr. frv.).

Í athugasemd við greinina í greinargerð frumvarpsins segir: "Við skilgreiningar á þeim hugtökum sem koma fram í frumvarpinu hefur verið stuðst við skýringar í tilskipun 85/337/EBE og 97/11/EB." Í þessum tilskipunum er hvergi að finna fót fyrir þessari þröngu skilgreiningu sem sett er fram í 3. gr. frumvarpsins. Í báðum þessum tilskipunum er talað um "significant effects on the environment" eða "significant impact" án frekari útlístar á þessum orðum. Hafa ber í huga að slík áhrif geta verið bæði til góðs og ills og að matsferlið er hannað til að draga slík áhrif fram og meta þau.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram (bls. 15) að í Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni sé "meðal annars fjallað um skyldu aðildarríkja til að krefjast mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem líklegar eru til að hafa veruleg, skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni." Í Ríó-samningnum er talað um "significant adverse effects on biological diversity" með þeim skilningi að átt sé við áhrif sem eru andstæð ("adverse") markmiðum samningsins um vernd og sjálfbæra nýtingu. Ekki eru notuð orð eins og "damaging" eða "detrimental" eins og skilja mætti af íslensku þýðingunni. (Undirritaður var einn af aðalfulltrúum Íslands í undirbúningi Ríó-ráðstefnunnar og á henni og sá m.a. um málefni er lutu að þessum samningi). Ekki er vitað til þess að nokkur þjóð hafi skilgreint hugtakið jafn þröngt og hér er lagt til og efast er um að standist alþjóðlegar samþykktir.

Lagt er til að skilgreiningin á hugtakinu "umtalsverð umhverfisáhrif" verði felld brott eða að henni verði breytt þannig að hún nái til allra verulegra áhrifa á umhverfi.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

4. gr.

Yfirstjórn og framkvæmd.

Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar og ráðgjöf samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, og starfsemi sem henni fylgir, sem háð er mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum.

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Varðandi eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar þá er allt gott um það að segja en mér er í fersku minni svar umhverfissráðuneytisins í nóvember sl. þar sem komu fram ummæli eitthvað á þá leið að engin úrræði væru til þess að skilka tiltekinn framkvæmdaraðila til þess að skila inn matsskýrslu. Mér sýnist að svo sé enn og það vanti í frumvarpið öll lagaleg úrræði, t.d. til þess að ná inn málum ef framkvæmdaraðili neitar. Og það sem meira er lagt er til að viðurlagsgreinin, nú 16. gr. gildandi laganna, verði tekin út frumvarpinu. Ég legg ég til að Skipulagsstofnun hafi einhver raunveruleg ákvæði til þess að annast eftirlit með framkvæmd laganna.

Ég geri einnig athugasemdir við það að nú skuli Skipulagsstofnun vera falið samkvæmt lögum að hafa ráðgjafarhlutverk og velt fyrir mér hvort þetta geti verið samkeppnismál, þ.e. samkeppnisaðilarnir gætu verið einkafyrirtæki sem selja út þjónustu vegna mats á umhverfisáhrifum.

**Hollustuvernd ríkisins:**

2. mgr. 4. gr. :Hollustuvernd ríkisins bendir á að þegar tekið er tillit til skilgreininga (þar sem umhverfisáhrif eru þegar skilgreind sem framkvæmdin og starfsemi sem henni fylgi) þá er seinni hluti mgr. tvítekning. Stofnunin leggur til að setningin verði þannig: „Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.“

**umhverfissráð Samorku:**

4. gr. Yfirstjórn og framkvæmd

Í þessa grein vantar að greina frá nýju hlutverki Skipulagsstofnunarinnar skv. fyrirbyggjandi frumvarpi, sem er að úrskurða um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka II.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Samorka telur hins vegar að ákvörðun um matsskyldu eigi að vera í höndum umhverfisráðherra eins og nú er.

**Skipulagsstofnun:**

4. gr. Yfirstjórn og framkvæmd

Skipulagsstofnun telur að við 2. mgr. 4. gr. skuli bæta: "...ásamt því að taka ákvörðun um hvort tilkynningaskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum." Um er að ræða eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar skv. lögnum og því beri að taka það fram í ákvæðinu, eins og gert er í athugasemd með 4. gr.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

III. KAFLI

Matsskylda.

5. gr.

*Matsskyldar framkvæmdir.*

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í þeim tilvikum er fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekna framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra ákveða hvort fara skuli fram annars konar mat á umhverfisáhrifum og hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Einnig getur ráðherra heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla. Ráðherra ber að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu undanþága er veitt samkvæmt þessari málsgrein og það áður en hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

Ekki ber að tilkynna forsendu fyrir undanþágu vegna framkvæmdar skv. 3. mgr. til sameiginlegu EES-nefndarinnar ef framkvæmdin er umfram þær kröfur sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Ófær stjórnsýsla er ákvæði í 3. mgr., að ráðherra skuli hafa ótakmarkaða heimild til að

veita undanþágur frá mati á umhverfisáhrifum. Það samrýmist ekki markmiði laganna né tilgangi þeirra (sjá aths. við 1. gr.). SKILGREINA þarf í HVAÐA TILVIKUM veita má slíka undanþágu, en það er í engu skýrt í greinargerð. Ella ber að fella þetta ákvæði niður. Lög eru lög, með ákvæðum um forsendur, skilyrði og aðgerðir, en ekki "carte blanche" heimild til framkvæmdavaldsins um framkvæmd á efni og málum laganna. Einmitt þetta atriði skilur á milli réttarríkis og gerræðisríkis.

Kveða þarf skýrt á, hvað sé átt við með "jafngildri málsmeðferð" í 3. mgr., hvort þar er átt við faglega meðferð efnis í matsferlinu, sem er vissulega í samræmi við annað efni laganna, eða hvort átt er við úrskurð, án efnislegrar og faglegrar umfjöllunar, sem er stjórnsýsluleg ófæra, sjá næstu málsgrein hér að framan.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Þessari 3. mgr. ætti að skifta í tvær málsgreinar, því að hún fjallar um tvö aðskilin ákvæði (undanþágur og breytt matsferli), svo að tilvísun í þessa málsgrein er tvíræð að efninu til. Eigi ákvæði um tilkynningu til EES-nefndarinnar líka við um undanþágurnar, sem ekki er alveg ljóst í texta, þá þarf að taka það fram á skýran og ótvíræðan hátt, sem best er gert með því að skifta ákvæðum þessum á tvær málsgreinar.

Laga þarf málfar í 4. mgr.: Enginn undirgengst kröfur, heldur fellst á þær eða gengur að skilyrðum í kröfunum. Hér er skilyrði í EES-samningnum, sem Ísland hefur fallist á.

**Landgræðsla ríkisins:**

Landgræðslan leggur áherslu á að höfð verði í huga 2. mgr. 5. gr. frv. þannig að ekki verði unnt að „hluta í sundur“ stórar framkvæmdir þannig að þær falli utan þeirra skilgreininga sem hér eru tíundaðar. Skuli þetta sérstaklega eiga við um liði 2, 9, 10, 11, 14, 15, 19 og 21-24.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í þeim tilvikum er fleiri en ein matskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra ákveðið að áhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Tengdar framkvæmdir skulu metnar samhliða.

Óeðlilegt er að einungis séu höfð samráð við framkvæmdaraðila þegar um framkvæmdir á sama svæði er að ræða. Einnig er mikilvægt að tengdar framkvæmdir séu metnar samhliða jafnvel þótt þær séu ekki á sama svæði. Dæmi um slíkt er álver í Reyðarfirði, höfn og orkuöflun norðan Vatnajökuls með raflinum á milli, 4 mismunandi og staðarlega aðskildar framkvæmdir sem eru órofanlega tengdar.

3. mgr. 5. gr orðist svo.

Í undantekningartilfellum er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákvæða að tiltekna framkvæmdir eða hluti þeirra séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilfellum skal ráðherra ákveða hvort fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum með öðrum hætti en lög þessi gera ráð fyrir og hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Kynna skal almenningi forsendur fyrir veittri undanþágu. Ráðherra ber að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu undanþágan er veitt samkvæmt þessari málsgrein og það áður en hún er veitt.

Í 3. mgr. 5. gr. er ekki alveg fylgt ákvæðum tilskipunarinnar sem frumvarpið byggir á og með þeim breytingartilögum sem hér eru lagðar til er því markmiði betur náð. Mikilvægt er að þessi undanþága sé einungis veitt í undantekningartilfellum, einnig að hægt sé að undanskilja hluta framkvæmdar mati og ávallt skal tryggja upplýsingar til almennings. Reyndar gengur l. viðauki í drögunum í sumum tilvikum lengra en l. viðauki í tilskipuninni, en þrátt fyrir það verður að tryggja að undanþága sé einungis veitt í undantekningartilfellum, allavega í þeim tilfellum þar sem l. viðauki tilskipunarinnar á við.



**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Ég bendi á að í 5. gr. frumvarps til laga um umhverfismat, sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi, var svipap ákvæði og það sem kemur fram í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Ég minni einungis á að umhverfisnefnd feldi þá út 5. gr. þess frumvarps (116. löggjafarþing, mál 80). Nú er lagt til að sambærileg heimild verði sett inn aftur. Ég hef enga skoðun á því hvort heimildin á að vera inni eða ekki, en bendi á þetta til umhugsunar. Hugsanlega þarf að gæta betur að dómafordæmum EB vegna orðalags 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins.

Rétt þyki mér að benda á að í 1. mgr. 5. gr. er vísað til I. viðauka (skyldulistinn) og þar kemur fram í 10. lið ii skylda til að meta umhverfisáhrif nýrra vega utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Borið saman við núgildandi lög þá er hér um verulega breytingu að ræða þar sem í 9. lið 1. mgr. 5. gr. er skylt að meta lagningu nýrra vega án tillits til lengdar. Hugsanlega verður öll ný vegalagning utan þéttbýlis unnin í 10 km bítum í framtíðinni svo að ekki þurfi að meta umhverfisáhrifin? Ég legg til að þetta verði skoðað og tryggt að ekki sé hægt að fara fram hjá þessu.

**Hollustuvernd ríkisins:**

Það er skoðun Hollustuverndar ríkisins að stjórnsýslustofnanir ættu sem víðast að kveða upp úrskurði og að þeir úrskurðir séu kærnanlegir til ráðherra. Með slíkri tilhögun opnast eðlileg kæruleið til ráðherra. Ef ráðherra hefur viðkomandi heimildir er strax um að ræða endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi sem hagsmunaaðilar og almenningur getur ekki kært nema fyrir dómstólum. Í ljósi þessa leggur Hollustuvernd til að í stað ráðherra í 5. og 7. gr. verði Skipulagsstofnun veittar þær heimildir sem þar er um rætt.

1. mgr. 5. gr.:

Hollustuvernd ríkisins telur að afleiddar framkvæmdir og framkvæmdir sem eru óaðskiljanlegur hluti hinnar matsskyldu framkvæmdar og/eða nauðsynleg forsenda hennar beri ætíð að fylgja í mati á umhverfisáhrifum. Leggur stofnunin til að 1. mgr. hljóði svo: „Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Meta skal samanlögð umhverfisáhrif þeirra, afleiddra framkvæmda og framkvæmda sem eru óaðskiljanlegur hluti hinnar matsskyldu framkvæmdar og/eða nauðsynlegar forsendur hennar.“

2. mgr. 5. gr.: Hollustuvernd ríkisins fagnar því að gert er ráð fyrir heimild til þess að meta saman fleiri framkvæmdir. Ef löggjafinn fellst ekki á tillögu stofnunarinnar á breyttri 1. mgr. 5. gr. telur stofnunin nauðsynlegt að útfæra heimild í 2. mgr., þ.e. að hún gildi einnig um háðar og afleiddar framkvæmdir þótt ekki væri endilega á sama svæði.

3. mgr. 5. gr. Hollustuvernd ríkisins bendir á að í frumvarpstexta er ekki fylgt texta í grein 2.3.b í tilskipun 85/337/EBE. Stofnunin leggur til að úr því verði bætt, einkanlega í eftirtöldum þáttum:

Aðildarríkjum er aðeins í undantekningartilfellum heimilt að veita undanþágur frá matsskyldu í tilskipuninni en í frumvarpinu er heimild ráðherra viðtækari.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Tiltekið er í tilskipuninni að hægt er að undanþiggja hluta framkvæmdar frá matsferli en í frumvarpinu er eingöngu fjallað um framkvæmdir í heild sinni.

Samkvæmt tilskipuninni verður að kynna fyrir almenningi ástæður undantekningar. Þetta kemur ekki nógu skýrt fram í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er vísað í „annars konar umhverfismat“ og að „mat á umhverfisáhrifum fari fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum.“ Ekki er ljós mismunur á þessu tvennu eða samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Einnig leggur stofnunin til að við veitingu undanþága beri að taka tillit til þeirra viðmiða sem eru í III viðauka.

**Landgræðsla ríkisins:**

Það skref sem stigið er í 2. mgr. er afar jákvætt en Landgræðslan telur að ganga skuli lengra í að meta áhrif tengdra verka í heild sinni. Svo sem fram kemur í greinargerð getur verið eðlilegt að meta sem eina heild tiltekna framkvæmd sem og bein forsenduverk og bein afleiðuverk hennar jafnvel þó svo virðist sem um óskild verk sé að ræða. Má hér nefna sem dæmi mannvirki skv. lið 5, en þar má ætla að orkuvinnsla (liður 2), vegir (liður 10), rafliður (liður 22) og hafnir (liður 11) verði annað tveggja forsenduverk eða afleidd verk og því beintengd frumverkinu (sbr. 2. mgr. greinargerðar um 5. gr.). Athugasemd Landgræðslunnar beinist að því að eðlilegt sé að viðhafa þessi vinnubrögð þó svo afleidd verk og forsenduverk séu ekki (nema etv. að hluta til) á sama svæði og frumverkið. Þá þykir Landgræðslunni eðlilegast að leggja það í mat Skipulagsstofnunar að ákveða hvaða tengd verk, með þeim hætti sem að ofan greinir, skuli meta sem eina heild. Það sé hinsvegar eðlilegt að ákvæði frv. gildi um óskild og/eða ótengd verk sem svo vill til að eru á sama svæði. Hvorutveggju þessara ákvæða eru í samræmi við stefnumið EB um „Strategic Environmental Assessment“ (Sjá m.a. SEC(99)777 og Tools-Guide for applying SEA process to policy making within the Commission (draft 0.5 of 07.04.1999)). Landgræðslan er ekki sammála hinu opna heimildarákvæði til ráðherra sem birtist í 3. mgr. frv., sérstaklega hvað varðar framkvæmdir skv. viðauka I. Landgræðslan telur eðlilegra að ákvæðið verði miðað við að ráðherra geti ákveðið að annars konar mat skuli fara fram en geti ekki undanskilið mati framkvæmd skv. viðauka I. Ennfremur telur Landgræðslan óeðlilegt að ráðherra geti takmarkað aðgengi almennigs að þeim upplýsingum sem safnað er skv. þesari málsmeðferð. Eðlilegast er að aðgengi sé tryggt að lágmarki í samræmi við upplýsingalög og heimilt sé að rýmka aðgengi en ekki þrengja. Eins og greinin er sett fram getur ráðherra ákveðið að tiltekin framkvæmd skuli undanskilin matsskyldu, að ekki skuli fara fram annars konar mat og að ekki skuli veita aðgang að gögnum málsins. Þrátt fyrir tilvitnað heimildarákvæði tilskipunar 97/11/EB er ekki eðlilegt að ráðherra sé veitt jafn opin og skilyrðislaus undanþáguheimild. Það má leiða að því líkum að tilvitnuð heimild sé til komin af meintum öryggis- og hernaðarlegum ástæðum. Slíkum ástæðum er alla jafna ekki til að dreifa hérlendis.

Landgræðslan fagnar því hinsvegar að heimilt verður að láta fara fram annars konar mat en það sem tilgreint er í matsferli og væntanlegri reigugerð um það. Á þetta sérstaklega við um áætlanir til langs tíma er snerta breytingar á umhverfi. Þar getur verið ógerningur að sjá fyrir

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

með nákvæmum hætti þróun mála þar sem umhverfið sjálft tekur verulegum breytingum á áætlunartímanum, breytingum sem ekki eru afleiða af því sem gert er. Þær breytingar geta einnig leitt til verulegra breytinga á því sem fyrirhugað var í upphafi þannig að hefðbundið matsferli fellur um sjálft sig.

**Náttúruvernd ríkisins:**

2. mgr. 5. gr.

Náttúruvernd ríkisins telur til bóta að í þeim tilvikum sem fleiri en ein framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði sé hægt að meta umhverfisáhrif þeirra sameiginlega. Stofnunin telur þó að hér verði að kveða fastar að orði og að skylt eigi að vera að meta sameiginlega umhverfisáhrif matsskyldra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á sama svæði. Því leggur stofnunin til að 2. mgr. 5. gr. hljómi þannig:

Í þeim tilvikum er fleiri en ein framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði skulu umhverfisáhrif þeirra metin sameiginlega.

Náttúruvernd ríkisins telur mikilvægt að einnig séu metin sameiginlega umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem háðar eru hvor annarri en eru ekki fyrirhugaðar á sama svæði. Þetta á t.d. við þegar ljóst er að ekki verði ráðist í framkvæmd nema önnur framkvæmd hafi farið fram á undan. Er þá ekki ásættanlegt að metin séu umhverfisáhrif síðari framkvæmdarinnar án þess að metin séu um leið umhverfisáhrif þeirrar fyrri, sbr. mat á umhverfisáhrifum stór-iðju, virkjunar, háspennulínu milli virkjunar og iðjuvers og vegagerð vegna framkvæmdanna. Því leggur Náttúruvernd ríkisins til að eftirtalinni setningu verði bætt við 2. mgr. 5. gr.:

Einnig skulu metin sameiginlega umhverfisáhrif framkvæmda sem háðar eru hvor/hver annarri.

3. mgr. 5. gr. Í 3. mgr. 5. gr. segir að ráðherra sé heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar að ákveða að tiltekna framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Í slíkum tilvikum skuli ráðherra ákveða hvort fara skuli fram annars konar mat á umhverfisáhrifum og hvaða aðgang almennings skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Einnig getur ráðherra heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en fyrir skipað er í lögnum. Náttúruvernd ríkisins telur að hér sé verið að fara inn á vafasamar brautir. Ekki er skilgreint í lögnum hvað felst í annars konar mati á umhverfisáhrifum né hvað fælist í því að matið færi fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögnum. Slík málsmeðferð veur óvissu um málsmeðferð enda óljóst í hverju hún er fólgin. Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins getur aðildarríki þegar sérstaklega stendur á undanskilið framkvæmd eða hluta hennar frá mati á umhverfisáhrifum. (Í tilskipuninni segir orðrét: „Without prejudice to Article 7, Member States may, in exceptional cases, exempt a specific project in whole or in part from the provisions laid down in this Directive“). Í frumvarpinu er heimildin til undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum því mun opnari en í tilskipuninni. Náttúruvernd ríkisins telur vafasamt að hægt sé að gefa undanþágur sem þessar enda yrði þá tilgangi laganna ekki náð.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Í athugasemdum við 5. gr. lagafrumvarpsins segir eftirfarandi um þá tillögu að ráðherra geti heimilað að mat á umhverfisáhrifum fari fram með öðrum hætti en fyrir skipað er í lögumum:

„Þessi tillaga er sett fram í ljósi reynslunnar en sú málsmeðferð að framkvæmd skuli vera ákveðin löngu áður en hún hefst, t.d. um staðsetningu eða umfang, á ekki við um allar framkvæmdir. Dæmi um slíkt er framkvæmd sem er þess eðlis að hún verði ekki metin í heild sinni á þeim tíma sem þarf til að vinna áfram að undirbúningi framkvæmdar eða ekki sé hægt að ákveða fyrir fram nákvæmlega staðsetningu hennar, t.d. borholu.“

Náttúruvernd ríkisins telur ekki ásættanlegt að tímaskortur ráði því hvort framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Stofnunin telur að hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmdar eigi að veða þyngra en tímaskortur og að náttúran eigi að njóta vafans. Leggja verður þá skyldur á herðar framkvæmdaaðila að þeir vandi vel til undirbúnings framkvæmda og geri ráð fyrir þeim tíma sem þarf til að meta umhverfisáhrif þeirra. Benda verður á að tvímælalaust bera að meta umhverfisáhrif rannsókn- og vinnsluborhola samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum enda ekki aðeins staðsetning borhola sem valdið getur neikvæðum og óafturkræfum umhverfisáhrifum heldur einnig annað jarðrask sem framkvæmdunum fylgir, s.s. vegagerð, gerð borstæða, vatnstaka o.fl.

Náttúruvernd ríkisins gerir einnig athugasemd við að ráðherra skuli eiga að ákveða hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum sem safnað er. Með þessu er verið að opna fyrir það að hægt verði að takmarka aðgang almennings að upplýsingum um viðkomandi framkvæmd og þar með koma í veg fyrir að almenningur geti að fullu gert sér grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar. Markmið laganna er m.a. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp, sbr. c-lið 1. gr. Með því að leyfa aðeins takmarkaðan aðgang almennings að upplýsingum væri tilgangi laganna ekki náð og réttur almennings skertur. Ljóst er að þar með myndi annars konar mat ekki fela í sér sambærilegt mat og gert er ráð fyrir í lögumum. Þá bendir Náttúruvernd ríkisins á að samkvæmt þessari grein frumvarpsins ber ráðherra að tilkynna EES-nefndinni á hvaða forsendu undanþága er veitt og láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að. Hér er sem sagt opnað fyrir það að einnig sé hægt að takmarka þær upplýsingar sem EES-nefndinni eru veittar um framkvæmdir sem veita á undanþágu. Náttúruvernd ríkisins telur að veita beri EES-nefndinni allar tiltækar upplýsingar um viðkomandi framkvæmd. Undanþágur af þessari gerð ætti að einskorða við framkvæmdir sem varða almannaheill. Náttúruvernd ríkisins bendir jafnframt á að ákvæði sem þetta getur skapað vandræði vegna jafnræðisreglunnar. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé hrint af stað umsóknum frá framkvæmdaaðilum um aðra málsmeðferð en fyrirskipað er í lögumum. Náttúruvernd ríkisins bendir á að með því að gera minni eða meiri kröfur en almennt er getur ríkið verið að skapa sér skaðabótaskyldu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að ósamræmi er við lagatexta og texta í athugasemdum við frumvarpið. Í lagatextanum segir að ráðherra geti heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar geti farið fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum en samkvæmt athugasemdum við frumvarpið skal ráðherra áður en hann tekur ákvörðun leita

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitanda og annarra aðila eftir því sem við á. Náttúruvernd ríkisins telur að leita eigi álits viðkomandi aðila, sbr. athugasemdir við frumvarpið.

**Félag skógarbænda á Vesturlandi:**

Fellt verði út: Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla".

Rök: Sé þessi málsgrein höfð inni, gæti öll málsgreinin frá Heimilt er ráðherra..." orðið þýðingarlaus, því hvernig á ráðherra að geta heimilað annars konar mat, þar sem hann á m.a. að mæla fyrir um hvaða aðgang almenningur skuli hafa að þeim upplýsingum, sem safnað er, ef í næstu setningu er kveðið á um, að málsmeðferð þessa sama mats skuli vera jafngild þeirri, sem mælt er fyrir í IV. kafla! Reynslan af viðhorfum Skipulagsstofnunar bendir nefnilega til þess, að hún muni túlka þetta orð - jafngild" - mjög sít. Þess má geta, að eftir þessa breytingu yrði greinin í meira samræmi við EC-textann, sbr. þriðja lið 2. gr. í 85/337EEC.

**Umhverfisverndarsamtök Íslands:**

3.mgr. 5.gr. Orðalag þessarar mgr. er með þeim hætti að setningin "Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV.kafla" virðist aðeins eiga við um heimild ráðherra til að láta umhverfismat fara fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögnum. M.ö.o. virðist ofangreind setning ekki eiga við um heimild ráðherra til að ákveða að tiltekna framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. upphafsetningu umræddrar 3. mgr. 5. gr. Ákvæðið gæti því leytt til þess að umhverfisráðherra hafi það alfarið á sínu valdi að undanþiggja hvaða framkvæmdir sem er mati á umhverfisáhrifum. Að mati USVÍ er þetta óviðunandi. Taka má fram að athugasemdir við 5.gr. frv. styðja þennan skilning á umræddri 3.mgr.

**Skipulagsstofnun:**

5. gr. Matsskyldar framkvæmdir

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir heimild til handa ráðherra til að ákveða að umhverfisáhrif fleiri en einnar matsskyldrar framkvæmdar sem fyrirhugaðar eru á sama svæði skuli metin sameiginlega. Í tillögu nefndarinnar var að auki tekið fram að mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda skyldi lagt fram samtímis til athugunar Skipulagsstofnunar. Í athugasemd með frumvarpinu segir að æskilegt geti verið að kynna og fjalla um slíkar framkvæmdir samtímis. Skipulagsstofnun telur mjög mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á sama svæði, t. d. verksmiðju, vegar, veitna og hafnar fari fram samtímis, þ.a. umhverfisáhrifin verði kynnt á sama tíma. Það sé nauðsynlegt til að unnt sé að átta sig sem best á hugsanlegri sammögnun umhverfisáhrifa framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur að ef ákvæði 2. mgr. 5. gr. eigi að ná tilgangi sínum sé nauðsynlegt að mat á samverkandi áhrifum framkvæmdanna sé kynnt og um það fjallað samtímis.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Skipulagsstofnun leggur því til að við málsgreinina bætist: "og lögð fram samtímis til Skipulagsstofnunar".

3. mgr. 5. gr. fjallar um heimild ráðherra til að undanþiggja framkvæmd mati. Þar kemur einnig fram heimild til að láta fara fram annars konar mat á umhverfisáhrifum en gert er ráð fyrir í lögnum en þó er tekið fram að slík málsmeðferð skuli jafngild mati samkvæmt lögnum. Skipulagsstofnun telur ákvæðið óskýrt og að gera verði frekari grein fyrir því í hverju slík málsmeðferð geti falist. Ennfremur telur Skipulagsstofnun að í ákvæðinu sé ekki gætt samræmis við ákvæði tilskipunar 97/11/EB en þar er tekið fram að í sérstökum tilvikum sé unnt að undanþiggja sérstakar framkvæmdir (e. in exceptional cases, exempt a specific project). Skipulagsstofnun telur að ekki sé nægilega skýrt í frumvarpinu að um undantekningartilvik sé að ræða.

Í 4. mgr. 5. gr., sem ekki var í tillögu nefndarinnar, kemur fram að ráðherra beri eingöngu að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um undanþágur skv. 3. mgr. 5. gr. þegar viðkomandi framkvæmd "er umfram þær kröfur sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið". Ákvæðið er ekki skýrt í athugasemdum með frumvarpinu, en væntanlega er hér átt við framkvæmdir í I viðauka með tilskipun 97/11/EB. Skipulagsstofnun telur að hér kunnist vera að ekki sé gætt samræmis við ákvæði tilskipunarinnar, þ.e. að hugsanlega þurfi að tilkynna með sama hætti til sameiginlegu EES-nefndarinnar undanþágur vegna framkvæmda sem eru matsskyldar skv. íslenskum lögum og eru á lista í II. viðauka með tilskipuninni.

**umhverfisráð Samorku:**

**5. gr. Matsskyldar framkvæmdir**

Í annarri málsgrein er sagt að séu fleiri en ein matsskyld framkvæmd fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Að mati Samorku vantar hér skilgreiningu á hugtakinu svæði. Er t.d. átt við á sama vatnasvæði hvað vatnsaflsvirkjanir varðar? Einnig vantar að mati Samorku alla tímategingu framkvæmda. Þá leggur Samorka til að greinin hljóði á eftirfarandi hátt: Í þeim tilvikum er fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra í samkomulagi við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Samorka fagnar mikilvægri nýjung sem er í frumvarpinu, sem er hin sérstaka málsmeðferð. Þetta ákvæði gefur ákveðinn sveigjanleika í málsmeðferð sem er að mati Samorku mjög mikilvægt þar sem sama ferli og kvaðir eiga við um allar matsskyldar framkvæmdir, hvort sem þær eru umfangsmiklar og snerta þjóðarhag eða eru minniháttar og hafa áhrif á afmarkað svæði. Í greinargerð frumvarpsins er fjallað um að þetta ákvæði taki til framkvæmda með langan undirbúningstíma eða óvissu um nákvæma staðsetningu ýmissa framkvæmdaþátta. Samorka telur mikilvægt að þetta ákvæði geti líka tekið til matsskyldra framkvæmda sem eru minni umfangs.

Útfæra þarf hugmyndina um sérstaka málsmeðferð í reglugerð.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga við 5. gr:

„5. gr.

*Matsskyldar framkvæmdir.*

Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í þeim tilvikum er fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði **og eða í þeim tilvikum þar sem tvær eða fleiri matsskyldar framkvæmdir eru tengdar og háðar hverri annarri og um einn eða fleiri framkvæmdaraðila að ræða getur ráðherra skal Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila, leyfisveitendur og aðra aðila eftir eðli málsins hverju sinni ákveða að hvort umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.**

3. og 4. mgr. falli brott

**Greinargerð:**

Í 2. mgr. er nýtt og mikilvægt ákvæði sem veitir heimild til að ákveða að meta skuli sameiginlega umhverfisáhrif fleiri framkvæmda sem fyrirhugað er að ráðast í á sama svæði. Brennt má þó færa til betri vegar varðandi þessa heimild:

1. Afar þýðingarmikið er að gera einnig ráð fyrir heimild varðandi framkvæmdir **sem eru nátengdar eða hver annarri háðar en eru ekki á sama svæði.** Gott dæmi er álver, virkjun, orkuflutningsleið, hafnarmannvirki o.fl. Fyrir þessu virðist gert ráð í athugasemdum með lagafrumvarpinu (sbr. bls. 21), en það hefur bara láðst að nefna þetta atriði í sjálfri lagagreininni.
2. Með tilliti til faglegra raka hlýtur það að teljast farsælast að Skipulagsstofnun fari með þessa heimild, en ekki ráðherra. Skipulagsstofnun hefur m.a. besta yfirsýn yfir fjölda, stöðu og umfang framkvæmda í landinu, sem er lykilatriði varðandi heimildina. Slik heimild á hendi Skipulagsstofnunar er einnig í fullu samræmi við ábyrgð stofnunarinnar skv. 6. gr.
3. Þá er óeðlilegt að gera ráð fyrir að heimildinni sé beitt að höfðu samráði **einvörðungu við framkvæmda.** Nauðsynlegt er að Skipulagsstofnun hafi samráð við leyfisveitendur og aðra aðila, þ.á m. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands, auk framkvæmdaraðila.

Í 3. mgr. er umhverfisráðherra veittar tvenns konar heimildir til að undanskilja framkvæmdir frá mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Annars vegar er heimild til að undanskilja matsskyldar framkvæmdir að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar<sup>1</sup> og hins vegar er heimild til að undanskilja allar framkvæmdir, jafnt þær sem eru matsskyldar skv. 5. gr.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

og 1. viðauka og svo hinar sem Skipulagsstofnun ber að meta hvort sæta þurfi mati á umhverfisáhrifum, þ.e. þær sem taldar eru upp í 2. viðauka og taka mið af 3. viðauka.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið (bls. 21) kemur fram að þetta sé gert:

*„... í ljósi reynslunnar en sú málsmeðferð að framkvæmd skuli vera ákveðin löngu áður en hún hefst, t.d. um staðsetningu eða umfang, á ekki við um allar framkvæmdir. Dæmi um slíkt er framkvæmd sem er þess eðlis að hún verði ekki metin í heild sinni á þeim tíma sem þarf til að vinna áfram að undirbúningi framkvæmdar eða ekki sé hægt að ákveða fyrir fram nákvæmlega staðsetningu hennar, t.d. borholu.“*

Fyrst ber að nefna að þetta skýringadæmi gefur ekkert tilefni til að veita framkvæmd undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum. Dæmið gefur allt eins tilefni til að halda að framkvæmandi hafi ekki gert heimavinnu sína og sé með vanbúna framkvæmdaáætlun. Lögum um mat á umhverfisáhrifum er einmitt ætlað að koma í veg fyrir hugsanleg umhverfispjöll af slíkum ástæðum.

Samkvæmt lagaskýringunni þá kunna undanþáguheimildirnar að bjóða til dæmis upp á að tilraunaborhola á vegum Orkuveitu Reykjavíkur, sem hefur hug á að reisa orkuver á tilteknu svæði, þurfi ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum vegna þess að ekki er vitað fyrir en eftir 1-2 ár hvort borholan gagnist og svæðið henti til virkjunar. Það væri þá ekki fyrir en eftir 1-2 ár sem nauðsynleg gögn kunna að liggja fyrir til að ákveða hvort ráðist skuli í byggingu orkuversins. Þá fyrst yrði efnt til mats á umhverfisáhrifum. Í millitíðinni kann að vera búið að bora hér og þar í leit að nothæfri holu eða holum og allt á undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum.

Ekki þarf að fjölyrða um það að ein tilraunaborhola ásamt frárennsli, tilheyrandi vegagerð o.fl. nægir til að valda umtalsverðum, óafturkræfum og óæskilegum umhverfisáhrifum. Samkvæmt núgildandi lögum þyrfti ofangreind framkvæmd að gangast skilyrðislaust undir faglegt mat á umhverfisáhrifum.<sup>2</sup> Í hinu nýja lagafrumvarpi - verði það samþykkt óbreytt - er því stigið skref aftur á bak í umhverfisvernd á Íslandi.

Framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð, óæskileg umhverfisáhrif þurfa ekki lengur að fara skilyrðislaust í faglegt matsferli samkvæmt frumvarpi þessu heldur verður ákvörðun um hvort slíkar framkvæmdir skuli yfir höfuð sæta mati á umhverfismati alfarið í hendi umhverfisráðherra. Erfitt er að sjá hvað vakir fyrir lagasmiði með því að leggja til 3. mgr. þar sem hefði í för með sér að jafn skilyrðislaust og altækt vald yrði lagt í hendur eins ráðherra.

Í faglegu tilliti og með hliðsjón af almannahagsmunum er þetta mjög slæmt og vinnur gegn íslenskri náttúruvernd. Náttúruverndarsamtökin telja að á grundvelli varrúðarreglunnar, sem Íslendingar hafa undirgengist, skuli tvímælalaust láta framkvæmd sem er hluti eða frumáfangi af stærri framkvæmd sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum. Gildir einu þótt ekki liggi fyrir útfærsla á „endanlegri“ framkvæmd. **Náttúruverndarsamtökin**



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

telja að undanþáguheimildir ráðherra varðandi matskyldar framkvæmdir í 1. viðauka feli í sér brot á tilskipun 85/337/EBE.

**Félag íslenskra landslagsarkitekta:**

Löggjöfin einskorðast um of að því að meta eina framkvæmd og allt of lítil áhersla er lögð á samanburð við aðra valkosti. Þegar varið hefur verið miklum fjármunum og fyrirhöfn til þess að renna stöðum undir eina afmarkaða framkvæmd er augljóslega óraunhæft að gera ráð fyrir því að aðrir kostir komi í raun til greina. Reynslan sýnir að tilskilinn samanburður valkosta eins og settur er fram í niðurlagi 9. gr. frumvarpsins breytir litlu þar um.

Miklu nær væri að lögfesta skyldu framkvæmdaáðila til að vinna svæðisbundnar framkvæmdaáætlanir fyrir stærri landsvæði þar sem lagt yrði heildrænt mat á umhverfisáhrif þeirra valkosta sem koma til greina í viðkomandi landshluta. Eðlilegast er að vinna slíkar áætlanir í þeim farvegi sem markaður er í 15. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem fjallað er um „sérstaka svæðisskipulagsmeðferð“. Dæmi um framkvæmdaáætlanir sem ættu skilyrðislaust að hljóta slíka meðferð eru orkuframkvæmdir á NA-landi og vegafamkvæmdir við Breiðafjörð sem fela í sé þveranir fjarða.

Gildistími „sérstakra svæðisskipulagsáætlana“ af þessu tagi gæti verið 12 ár eins og ráð er fyrir gert í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga. Hefjist framkvæmdir ekki á gildistíma skipulagsins er eðlilegt að MÁU fari fram að nýju, en sé ekki háð mati Skipulagsstofnunar eins og fram kemur í niðurlagi 11. gr. frumvarpsins.

**Náttúruverndarráð:**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 5. grein.

Varðandi 2. málsgrein eru lagðar fram tvær breytingartillögur.

Í þeim tilvikum er fleiri en ein matskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Í þeim tilvikum þegar um er að ræða fleiri en eina matskylda framkvæmd á sama svæði getur skipulagsstofnun ákveðið að mat á þeim skuli fara fram samtímis þannig að heildarsambengi og umhverfisáhrif þeirra geti verið öllum ljós.

Greinargerð með 2. málsgrein.

Hér er lagt til að ákvörðunarvald færist til Skipulagsstofnunar og með tillögu tvö er að auki ítrekað mikilvægi þess að heildarsýn fái yfir umhverfisáhrif tengdra framkvæmda.

Varðandi 3. og 4. málsgrein.

Undanþága 3. mgr. er til samræmis við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB. Í umfjöllun um ofangreindar greinar var talið skorta á fullnægjandi skýringar á tilgangi þeirra og í hvaða tilvikum þeim skuli beitt.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Athugasemd er gerð við orðalag í 4. mgr. þar sem segir: "...ef framkvæmdin er umfram þær kröfur sem Ísland hefur undangengist samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið." Til ihugunar er lagt til eftirfarandi orðalag: ".....ef gerðar eru strangari kröfur til framkvæmdarinnar en þær sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

**Í 2. MÁLSGREIN KOMI ORÐIÐ "Skipulagsstofnun" Í STAÐ ORÐSINS "ráðherra"**

Greinargerð með breytingartillögunni: Það hlýtur að teljast eðlilegri stjórnýsla að ákvörðun um það hvenær meta beri framkvæmdir sameiginlega komi á fyrsta stigi fyrir Skipulagssstofnun. Hins vegar geti aðilar málsins eftir atvikum kært slíka ákvörðun með rökstuðningi til ráðherra.

**AFTAS KOMI NÝ MÁLSGREIN: Skipulagsstofnun er heimilt að fenginni umsögn lögbærra umsagnaraðila að veita undanþágu frá matskyldu samkvæmt 25. lið í 1. viðauka við lög þessi.**

Greinargerð með tillögunni: Þessi breyting er vegna breytinga sem lagðar eru til á 1. viðauka.

Athugasemd við 3. málsgrein: Það verður að skýra hver tilgangurinn með þessari "undanþáguheimild" er til þess að menn sjái skýrt hvaða líkur eru á því að hún verði notuð. Skýringarnar með greininni eru mjög loðnar og ekki til þess fallnar að skýra þessar málsgreinar.

Athugasemd við 4. málsgrein: Að tala um - að einhver framkvæmd "sé umfram kröfur" sem Ísland hefur undirgengist - er afar óskýrt orðalag og tæplega rétt íslenska. Er hér átt við tilfelli þar sem gerðar hafi verið strangari kröfur til framkvæmdarinnar en þær sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasamningum?

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Náttúrufræðistofnun Íslands telur 2. mgr. 5. gr. frv. til verulegra bóta. Mikilvægt er að framkvæmdir á sama svæði sem haft geta veruleg umhverfisáhrif í för með sér séu metnar saman. Með því má koma í veg fyrir skaðleg áhrif eins og mörg dæmi sanna. Minna má t. d. á þann vanda sem skapast þegar fiskeldisstöðvum er raðað við sömu ána og heildaráhrif þeirra ekki metin (líkt og gerðist við Varmá í Ölfusi). Það er mat stofnunarinnar að hér hefði átt að kveða fastar að orði þannig að skylt verði að meta slíkar framkvæmdir saman.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að bæta eigi við nýrri málsgrein í 5. gr. frumvarpsins sem segði efnislega að meta eigi saman framkvæmdir sem háðar eru hver annarri þótt þær séu ekki á sama svæði (dæmi: virkjun, raflína, stóriðjuver, vegagerð og höfn).

Í 3. mgr. 5. gr. frv. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að tilteknar framkvæmdir séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum. Þessi mgr. virðist vera í samræmi við 2.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

gr., 3. lið tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/11/EB þótt orðalag sé með nokkuð öðrum hætti. Þannig segir t. d. í tilskipuninni að um sé að ræða undantekningar ("in exceptional cases, exempt a specific project in whole or in part from the provisions laid down in this Directive."), sem eiga við einstaka ("specific") framkvæmd hverju sinni. Í frumvarpinu er hins vegar nokkuð opin heimild og ekki skýrt hvort um sé að ræða eina framkvæmd hverju sinni eða framkvæmdaflokk. Orðalag mætti vera skýrara.

Einnig er óljóst hvað átt er við með orðunum "annars konar mat" og "fari fram með öðrum hætti" í 3. mgr. 5. gr. frv., en auðvelt ætti að vera að bæta þennan texta þannig að ljóst verði við hvað er átt.

Þrátt fyrir góðan vilja og nokkra yfirlegu hefur starfsmönnum Náttúrufræði-stofnunar Íslands ekki tekist að fá botn í 4. mgr. 5. gr. frv. og verður því ekki um hana fjallað hér.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

6. gr.

***Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.***

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni.

Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. má kæra til umhverfisráðherra. Kærufræstur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi.

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Ég geri þá almennu athugasemd við þessa grein að texti hennar endurspeglar að mínu mati ekki þá hugsun sem kemur fram í athugasemdunum með greininni eða í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/11/EB. Þrjár aðferðir eru mögulegar: (a) að skoða hvert tilfalli fyrir sig "Case by case" og nota viðmið sem taka mið af III. viðauka, (b) nota viðmið "Threshold Criteria" (að hluta til III. viðauki) aðlöguð eftir atvikum, og (a og b) að nota báðar aðferðirnar þegar metið er hvort umhverfisáhrif framkvæmda á II. viðauka skulu metin. Mér sýnist að ef leið (b) er valin þá verði að meta fyrir fram hvaða framkvæmdir séu líklegar til þess að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og birta opinberlega. Ef (a) er valin þá er hvert tilfalli fyrir sig metið með hliðsjón af viðmiðunum sem þarf að vinna betur með og ekki er ákveðið fyrir fram hvaða framkvæmdir þetta eru.

Ég held að það verði að skoða betur 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/11/EB og einnig nokkra dóma sem hafa gengið vegna 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar jafnvel þótt þessir dómur hafi gengið áður en 2. mgr. 4. gr. var breytt með tilskipun 97/11/EB. Ég bendi hér t.d. á mál C-435/97 og C-392/96. Það að Skipulagsstofnun skuli fara eftir viðmiðunum í III. viðauka segir í raun ekki hvaða aðferð er valin og þar að auki þarf að skoða betur þessi viðmið sem eiga að mínu mati heima í reglugerð en í lagatexta. Reglugerðarheimildin í 2. mgr. 6. gr. þarf að endurspeglar betur þessa möguleika. Eins og heimildin er nú er einungis kveðið á um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Loks legg ég til að heiti greinarinnar verði breytt og legg til: Framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Hollustuvernd ríkisins:**

6. gr. Hollustuvernd ríkisins telur að veita beri Skipulagsstofnun heimild til þess að setja stórar framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum þegar á skipulags / hönnunar / rannsóknarstigi. Hér er um að ræða framkvæmdir s.s. virkjanir eða stórar verksmiðjur (t.d. álver) á áður óröskuðum svæðum sem ljóst þyki að muni valda umtalsverðum og víðtækum áhrifum á umhverfi og samfélag. Miðað við núverandi tilhögun fara slíkar framkvæmdir ekki í mat fyrir en að afloknum víðtækum rannsóknum sem hafa þá þegar leitt af sér mikinn kostnað, framkvæmdir og hugsanlega umhverfisspjöll sem geta verið til einskis. Ef fyrir liggur mat á áhrifum þegar í upphafi getur í verið hætt við framkvæmdir vegna umhverfisáhrifa þegar á byrjunarstigum sem sparar tíma, fé og verndar náttúru. Hins vegar er líklegt að Skipulagsstofnun úrskurði um hvaða rannsóknir beri að stunda á næsta stigi undirbúnings og hvaða atriði beri að skoða sérstaklega við verkhönnun.

**Landgræðsla ríkisins:**

6. gr. Landgræðslan fagnar þessari lagagrein sem skýrir að nokkru hvernig skuli fara með ýmis jaðarmál og álitamál hvað varðar matsskyldar framkvæmdir. Landgræðslan vill hinsvegar benda á að skera þarf með almennum hætti úr um ýmis túlkunatriði hvað varðar viðauka II, málslið 1, stafliði a og e og verður vikið að því síðar í umsögn um viðauka. Tvennt getur hér orðið að álitaefni, annars vegar hvað skal teljast framkvæmd og hvað ekki og hins vegar nákvæmlega hvað fellur undir viðauka II og hvað ekki. Að óreyndu má búast við að ágreiningur verði um þessi atriði. Æskilegt er því að á því verði tekið með skýrari hætti í greinargerð til hvers löggjafinn ætlast að þessu leiti.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Í þessari grein er fjallað um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Vísað er til lista yfir framkvæmdir í viðauka 2 og sagt skylt að tilkynna Skipulagsstofnun ef fyrirhugað er að ráðast í framkvæmd sem upp er talin í viðaukanum (2. mgr. 6. gr. frv.). Innan 4 vikna frá tilkynningu skal Skipulagsstofnun ákveða hvort viðkomandi framkvæmd hafi í för með sér "veruleg, óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum" og tilkynna hvort hún er háð mati vegna þess (sbr. skilgreiningu á "umtalsverðum umhverfisáhrifum" í 1-lið 3. gr. frv.). Vandséð er hvernig Skipulagsstofnun geti ákveðið þetta án þess að ráðast í umfangsmikið mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og kanna til hvaða mótvægisáðgerða megi grípa. Við ákvörðun sína "skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka..." (2. mgr. 6. gr. frv.), sem þýðir að hún kemst ekki hjá því að ráðast í umfangsmikla vinnu til að meta hvort framkvæmdin hafi í för með sér veruleg óafturkræf neikvæð áhrif. Vandséð er hvernig stofnunin á að framkvæma slíkt mat á 3 – 4 vikum og líklegt má telja að flest ef ekki öll slík mál verði afgreidd með þeim hætti að framkvæmd verði undanþegin mati.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Úr þessum vanda sem hér er lýst verður leyst með því að breyta skilgreiningunni á hugtakinu "umtalsverð umhverfisáhrif" (sjá athugasemdir við 1. gr. og 3. gr. frv.). Annar kostur er að fella greinina brott ásamt viðauka 2.

**Skipulagsstofnun:**

6. gr. Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um framkvæmdir í 2. viðauka sem eru matsskyldar þegar þær eru taldar geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og Skipulagsstofnun falið að ákvarða um matsskyldu þeirra. Í frumvarpinu er gerð sú breyting frá tillögum nefndarinnar að Skipulagsstofnun er einungis gert að gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni um matsskyldu framkvæmdar. Í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að niðurstaðan væri kynnt opinberlega. Skipulagsstofnun telur að ákvæði frumvarpsins brjóti í bága við það ákvæði 6. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB sem breytir gr. 4.4 í tilsk. 85/337/EB (eldri tilsk.) um að "aðildarríkin skuli sjá til þess að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um ákvörðun lögbærra yfirvalda skv. 2. mgr." þ. e. um matsskyldu framkvæmda sem tilgreindar eru í II. viðauka. Stofnunin telur einnig mikilvægt að niðurstaðan sé kynnt opinberlega svo tryggt sé að leyfisveitanda sé kunnugt um niðurstöðuna, sbr. tillögu hér á eftir um nýja mgr. sem bætist aftan við 2. mgr. Skipulagsstofnun leggur því til að síðasti málsliður 2. mgr. 6. gr. verði: "Niðurstöðu Skipulagsstofnunar skal kynna opinberlega."

Skipulagsstofnun telur að setja verði þann varnagla við tilkynningarskyldu framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins að leyfisveitanda beri að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmd ef sótt er um leyfi til framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka án þess að ákvörðun hefi verið tekin um matsskyldu hennar eða mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram eftir atvikum. Skipulagsstofnun leggur því til á eftir 2. mgr. bætist við ný mgr. sem orðist svo: "Láti framkvæmdaraðili hjá líða að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka ber leyfisveitanda að annast tilkynningu skv. 2. mgr. er honum berst umsókn um leyfi til framkvæmda."

Einnig má benda á að í 4. mgr. er sagt að ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. sé kæránleg. Eingöngu er um að ræða ákvörðun skv. 2. mgr. þar sem 3. mgr. fjallar um heimild almennings til að tilkynna framkvæmd til stofnunarinnar, sem þá tekur ákvörðun um matsskyldu skv. 2. mgr.

**Umhverfisráð Samorku:**

6. gr. Framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar

Samkvæmt frumvarpinu tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í viðauka II. Það er skoðun Samorku að ákvörðun um matsskyldu eigi eingöngu að vera í höndum umhverfisráðherra í samræmi við núverandi lög.

Með því að Skipulagsstofnun ákveði um matsskyldu er það mat Samorku að það geti lengt matsferlið að óþörfu þar sem unnt er að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar. Samorka sér

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

engin haldgóð rök fyrir því að færa þetta hlutverk frá ráðherra til Skipulagsstofnunar. Ef ákvörðunin verður áfram í höndum umhverfisráðherra er hægt að koma í veg fyrir kærumál og að matsferlið lengist um 8 vikur, þ.e.a.s. 4 vikna kærufrest og 4 vikna úrskurðafrest ráðherra. Matsferlið er nú þegar langt og það skoðun Samorku að óviðunandi sé að lengja það.

Mikilvægt er að lögin um mat á umhverfisáhrifum séu skýr og því telur Samorka það hentugast að aðeins einn aðili taki ákvörðun um matsskyldu, þ.e. umhverfisráðherra, en ekki tveir eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Annars vegar Skipulagsstofnun skv. 6. gr. frumvarpsins og umhverfisráðherra skv. 7. gr.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga við 6. gr:

„6. gr.

***Aðrar framkvæmdir sem eru háðar eða kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.***

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu **ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæðum. Framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru utan verndarsvæða og tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum** þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd **utan verndarsvæðis** meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð **nánari** ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila, **Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs** og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni.

Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. má kæra til umhverfisráðherra. Kærufrestur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi."

**Greinargerð:**

Megininntak 6. gr. er að Skipulagsstofnun fær vald til að ákveða út frá viðmiðum í 3. viðauka hvort þær framkvæmdir sem taldar eru upp í 2. viðauka skuli sæta mati á umhverfisáhrifum. Þetta er að mörgu leyti afar þýðingarmikil viðbót á núgildandi lögum og á að geta gert starf Skipulagsstofnunar mun hnitmiðarar og skilvirkara, sem kemur öllum

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

að góðum notum. Að mati Náttúruverndarsamtakanna eru hins vegar tveir veigamiklir annmarkar á þessari grein frumvarpsins.

Fyrri atriðið snýr ar framkvæmdum á verndarsvæðum. Að mati Náttúruverndarsamtakanna á það ekki að vera matsatriði hvort framkvæmdir í 2. viðauka sem staðsettar eru á verndarsvæðum skuli sæta mati á umhverfisáhrifum. Samtökin vilja taka fram að **rikisvaldið hefur markað stefnu í landnotkun** með því að setja svæði t.d. á **náttúruminjaskrá**, en slík svæði hafa jafnan það til að bera í náttúrufari sem þjóðinni er mikilsvert og eigi verður bætt sé því spillt eða það eyðilaggt (sbr. náttúruminjaskrá undafarinna ára). Að mati samtakanna eiga allar framkvæmdir sem taldar eru up í 2. viðauka og snerta verndarsvæði eins og þau eru skilgreind í athugasemdum við 3. viðauka (bls. 29-30) að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Seinna atriðið snýr að undirstöðuatriði greinarinnar, sem eru framkvæmdir tíundaðar í 2. viðauka. Stærðarviðmið þau sem tilgreind eru í 2. viðauka í lagafrumvarpi þessu vikja í grundvallaratriðum frá II. viðauka í tilskipun 97/11/EB, en þar eru engin stærðarmörk tilgreind á framkvæmdum. Í íslenska lagafrumvarpinu er því gengið mun skemur en hjá EB í skilyrðum fyrir framkvæmdum sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Þetta gengur alls ekki að mati Náttúruverndarsamtakanna og líklega er um brot að ræða á ESS-rétti.

En það er ekki einungis að frumvarp þetta gangi skemur en tilskipun 97/11/EB mælir fyrir með því að undanskilja fjölmargar framkvæmdir frá því að kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, heldur eru **stærðarmörk á framkvæmdum í 1. og 2. viðauka í frumvarpi þessi oft á tíðum afar umdeilanleg, auk þess að vera órökstudd og eða lítt eða ekkert útskýrð**. Það eina sem samtökin fundu í lagafrumvarpinu sem tengja má rökstuðningi fyrir stærðarviðmiðum er að finna í athugasemdum við 2. viðauka (bls. 30):

*„Þar sem sett hafa verið stærðarmörk á framkvæmdir í 2. viðauka hefur verið gengið út frá því að almennt megji gera ráð fyrir að viðkomandi tegundir framkvæmda neðan stærðarmarkanna hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.“*

Þetta er að mati samtakanna ekki aðeins ófullnægjandi staðhæfing heldur mjög vafasöm eins og nánar er vikið að hér á eftir í athugasemdum samtakanna við 1. viðauka.

Há viðmiðunarmörk í 2. viðauka í lagafrumvarpi þessu bera öll að sama brunn: **þrengri skilyrðum fyrir því að framkvæmdir skuli og eða kunni að sæta mati á umhverfisáhrifum en kveðið er á um í tilskipun 97/11/EB**. Þetta er mjög alvarlegt skref aftur á bak í náttúru- og umhverfisvernd á Íslandi, sérstaklega þegar haft er í huga að verði frumvarpið samþykkt óbreytt þá þurfa framkvæmdir sem eru innan hinna rúmu stærðarmarkanna og staðsettar á verndarsvæðum ekki að fara í mat umhverfisáhrifum.

Til að bæta gráu ofan í svart er heimilt að kæra niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi framkvæmdir sem eru ofan stærðarmarkanna og á verndarsvæði til ráðherra (sbr. 12. gr., 1. mgr.). Virðist þá einsýnt, með hliðsjón af nokkuð fornfengilegri afstöðu fjölmargra framkvæmda til mats á umhverfisáhrifum, að þetta fyrirkomulag muni leiða til þess að fjöldi kærumála vaxi umtalsvert frá því sem nú er. Lagasetning með slíkum afleiðingum



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

hlýtur að teljast vafasöm þar eð hún myndi setja umhverfis- og náttúruverndarmál í landinu í uppnám.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Þessi setning er óskýr. Hana má skilja sem svo að í reglugerðinni verði að finna önnur atriði en lagaákvæðin kveða á um, þ.e. atriði í einkum 8. og 9. gr. Þetta er væntanlega ekki hugsun lagasmiðsins. Með því að skjóta inn orðinu „nánari“ fyrir fram orðið ákvæði þá breytist eðlismunur setningarinnar í réttara horf. Reglugerðin er mjög þýðingarmikil hvað varðar fagleg málefni á sviði náttúrufars. Því er afar mikilvægt að reglugerðin sé samin af bestu fánlegri þekkingu á sviði náttúrufræða og umhverfismála. Við samningu reglugerðarinnar þarf því að byggja á þekkingu sem fyrir hendi er hjá stofnunum á borð við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Orkustofnun, Veiðimálastofnun, RALA, Líffræði- og Jarðfræðistofnun Háskólans, Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnunni o.fl.

Varðandi aðila sem Skipulagsstofnun ber að leita álits hjá áður en ákvörðun er tekin um mat á umhverfisáhrifum þá er í hæsta máta eðlilegt að þar á meðal séu Náttúruvernd ríkisins og Náttúruverndarráð. Hér er um að ræða verndarsvæði og því einkar tilhlýðilegt að Náttúruvernd ríkisins komi að málinu. Þá er vart hægt að hugsa sér málefni sem er meira við hæfi fyrir Náttúruverndarráð að fjalla um fyrir hönd umhverfisráðherra.

**Náttúruverndarráð:**

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 6. grein.

Sem viðbót við 3. málsgrein komi: ".....og eftir atvikum, ákvarða hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum.

*Greinargerð með viðbót við 3. málsgrein.*

*Hér var talið skorta á formlega ákvörðun um framhald í kjölfar eftirgrennslana Skipulagsstofnunar.*

Til áréttingar og íhugunar er lagt til að í 2. málsgrein 3. setningu bætist við orðið "opinberlega", þar sem segir: "Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna **opinberlega** hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum."

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

6. gr.

Á MILLI ORÐANNA "umtalsverð" OG "umhverfisáhrif" Í FYRSTU MÁLSGREIN KOMI ORÐIÐ "neikvæð"

Á MILLI ORÐANNA "tilkynna" OG "hvort" Í Í FJÓRÐU LÍNU ANNARAR MÁLSGREINAR KOMI ORÐIÐ "opinberlega"

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

**BÆTA EFTIRFARANDI VIÐ 3. MÁLSGREIN: ...og, eftir atvikum, ákvarða hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum.**

Þarna er um mjög mikilvæga málsgrein að ræða gangnart almenningi en í hana vantar að tiltaka að í kjölfar eftirgrenslana Skipulagsstofnunar komi formleg ákvörðun um framhaldið. Eftir þessa eðlilegu viðbót getur síðasta málsgreinin (þ.e.a.s. tilvísunin í 3. málsgrein) staðið óbreytt.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

7. gr.

*Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar.*

Umhverfisráðherra getur ákveðið að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum ef sýnt þykir að hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmdir sem getið er í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda og framkvæmdaraðila.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Bætt verði aftan við síðustu setningu greinarinnar:

... og annarra eftir eðli máls hverju sinni.

Þetta er í samræmi við umsagnaraðila samkv. öðrum greinum frumvarpsins eins og t.d. 2. mgr. 6. gr.

**Landgræðsla ríkisins:**

7. gr. Með tilliti til greinargerðar við þessa grein (sbr. lokasetningu) þykir sýnt að hér er verið að leggja nokkrar hömlur á vald ráðherra til að úrskurða hvað sem er matskylda framkvæmd. Í greininni felst heimild til ráðherra að fella einhverja ófyrirséða tegund framkvæmdar undir lögum þó svo slíkrar framkvæmdar sé ekki getið í upptalningum í viðaukum. Verður því að líta svo á að heimildarákvæðið eigi ekki við um þær tegundir framkvæmda sem í eðli sínu eru þekktar þegar lögum taka gildi.

**Náttúruvernd ríkisins:**

7. gr. Við síðustu setningu 7. gr. bætist við: ...og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Með þessari breytingu verður gætt samræmis við 6. gr. frumvarpsins.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga á 7. gr:

„7. gr.

*Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar.*

Umhverfisráðherra getur ákveðið að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum ef sýnt þykir að hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmdir sem getið er í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álit Skipulagsstofnunar, **Náttúrufræðistofnunar Íslands**, leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra aðila eftir því sem við á."

Greinagerð:

Þetta er góð grein sem tekur m.a. fyrir ófyrirsjáanlegar framkvæmdir. Að viturra manna hætti hafa höfundar frumvarpsins vaðið yfir neðan sig. Með vísan til lögboðsins yfirlitshlutverks Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi marga alþjóðasamninga um dýr og plöntur er eðlilegt að ráðherra leita a.m.k. álit stofnunnarinnar. Einnig er sjálfsagt að leita álit annarra fagaðila á sviði umhverfis- og náttúruverndar, t.d. Náttúruverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

Á MILLI ORÐANNA "umtalsverð" OG "umhverfisáhrif" Í ÞRIÐJU LÍNU MÁLSGREINARINNAR KOMI ORÐIÐ "neikvæð"

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Lagt er til að við síðasta málslið greinarinnar bætist: "...og annarra eftir eðli máls hverju sinni", til samræmis við 6. gr. frumvarpsins.

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Ný grein.

Ég legg til að nýrri grein verði bætt við: Nú liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun hefur fjallað formlega um en framkvæmdir eru ekki hafnar innan 5 ára frá því að meðferð Skipulagsstofnunar lauk eða úrskurður ráðherra gekk samkvæmt 12. gr. og skal þá meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á nýjan leik í samræmi við ákvæði laganna.

Mér finnst rétt að leggja til að þetta ákvæði verði sett inn til þess að tryggja að menn geti ekki dregið að hefja framkvæmdir endalaust án þess að hafa nýjar upplýsingar um umhverfisáhrifin.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

IV. KAFLI

Málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda.

8. gr.

*Matsáætlun.*

Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila um tillögu framkvæmdaraðila. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og í samráði við framkvæmdaraðila leiðbeina honum um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

Matsáætlun skal kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum.

Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stigum farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Ekki er tekið fram í 1. mgr. við hvaða umsagnaraðila er átt (lögboðna ?, tilkvadda af Skipulagsstofnun ?, aðra ?), né hvernig almenningi skuli kynnt tillaga að matsáætlun.

Kveða þarf skýrar á um þetta atriði.

Samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. (f. – liður) er gert ráð fyrir, að Skipulagsstofnun geri matsáætlun að sinni, en falist ekki einungis á tillögu framkvæmdaraðila eða hafi áhrif á hana til breytingar, eins og miðað virðist hér við í 2. mgr. Þetta ósamræmi þarf að laga.

Til athugunar væri (sjá einnig 5. gr., 3. mgr, síðari hluti og viðeigandi umfjöllun í greinargerð, svo og athugasemd hér á eftir við viðauka 1, lið 10 ii.), að taka framkvæmdaáætlanir til mats á fyrri stigum (t.d. vegaáætlanir, virkjunaráætlanir og aðrar langtímaáætlanir), þó að framkvæmdin sjálf sé þá ekki fastákveðin, hvorki í stað, tíma né endanlegri framkvæmd. Kveða má á í slíku áfangamati, hvaða atriði skuli fjalla um fyrir endanlega framkvæmd. Þetta auðveldar forval á mögulegum kostum við framkvæmdir og auðveldar langtímaáætlanir, sem nú verður að láta reyna á með endanlegum

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

framkvæmdarhugmyndum. Dæmi eru um þetta, sem hafa bakað framkvæmdaraðila útgjöld og valdið honum tímatöfum, en þrengt kosti til umhverfisverndar, ef eitthvað

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Ég geri engar athugasemdir við þessa grein á þessu stigi nema þá að engin úrræði eru í frumvarpinu til að fylgja henni eftir ef framkvæmdaraðili t.d. kynnir ekki fyrir umsagnaraðilum eða almenningi o.s.frv. matsáætlunina.

**Landgræðsla ríkisins:**

8. gr. Varðandi 1. málsgrein þá fagnar Landgræðslan því fyrirkomulagi við mótun matsskýrslu sem hér er lögð til en nokkuð hefur borið á því að áherslur frummatsskýrslna hafi ekki verið réttar og gögn ófullnægjandi. Landgræðslunni þykir þó rétt að framkvæmdaðila verði gert skylt að leita ábendinga leyfisveitenda og lögbundinna umsagnaraðila við gerð tillögu að matsáætlun. Varðandi 2. málsgrein þykir Landgræðslunni rétt að það skuli skilyrt að Skipulagsstofnun skuli leita áhlits leyfisveitenda og lögbodinna umsagnaraðila og eftir atvikum annarra aðila áður en ákvörðun er tekin um tillögu framkvæmdaraðila. Eðlilegt er jafnframt að umsagnartími leyfisveitenda og lögbodinna umsagnaraðila varðandi þetta atriði sé stuttur, eða 4 vinnudagar, þar sem þeim ætti að vera kunnugt um málið sbr. athugasemd við 1. mgr.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Í 1. mgr. er kveðið á um þá skyldu framkvæmdaraðila að leggja fram tillögu að matsáætlun eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Rakið er í málsgreininni hvaða efnisatriði skuli vera í tillögunni og er það gert með nokkuð skýrum hætti. Undantekning frá því er næst síðasti málslíðurinn: "*Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð*". Erfitt er að skilja hvað átt er við með "áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis lögð verði áhersla". Hvað þarf framkvæmdaðili að gera til að uppfylla þetta ákvæði? Einnig er óljóst hvað átt er við með orðunum "hvaða gögn liggi fyrir". Er átt við að framkvæmdaraðili leggi fram lista yfir þau gögn sem til eru eða áætlun um þau gögn sem hann hyggst afia við gerð matsskýrslu?

Náttúrufræðistofnun Íslands telur mjög brýnt að þessi málsgrein verði skýr og að fram komi hvaða lágmarkskröfur eru gerðar um gögn, gæði gagna og annarra upplýsinga í matsferlinu sjálfu þannig að framkvæmdaraðili getir gert trúverðuga og raunhæfa matsáætlun snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar. Í skilgreiningu á hugtakinu "matsskýrsla" (f-liður 3. gr. frv.) kemur fram að í henni skuli vera krafa um lágmarksgögn, en ekki er kveðið á um það í 1. mgr. 8. gr. frv. þar sem sú krafa á heima (sbr. 1. mgr. 9. gr. frv.). Kveða ætti á um þá skyldu ráðherra að setja í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli að lágmarki leggja fram í matsskýrslu og um lágmarksgæði þeirra gagna og flokka kröfurnar eftir eðli framkvæmda.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Reynsla undanfarinna ára sýnir mjög vel þörfina fyrir slíkar lágmarksreglur og nauðsyn þess að þær séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um gögn fyrir gerð skipulagsáætlana og mat á náttúruverndargildi.

Í mörgum tilvikum eru töluverð umhverfisspjöll fylgjandi undirbúningsrannsóknnum framkvæmda, sem ráðist er í án leyfis til framkvæmda skv. 3. gr. frumvarpsins. Þessar undirbúningsrannsóknir eru oft dýrar og þegar kemur að gerð matsáætlunar eða matsskýrslu eru aðstæður með þeim hætti að erfitt er að hafna viðkomandi framkvæmd. Spjöll hafa verið unnin og of miklum peningum verið eytt til að hætta við framkvæmdina. Slíkar framkvæmdir þyrftu að fara í einhverskonar forstigsmat áður en ráðist er í umfangsmiklar undirbúningsrannsóknir, en í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir slíkri málsmeðferð. Úr því þyrfti að bæta með einhverjum hætti.

**Liffræðistofnun Háskólans:**

**BREYTINGAR Á 8.GR.: LAGT ER TIL AÐ Í STAÐ TEXTANS FRÁ OG MEÐ SÍÐUSTU SETNINGU 1. MÁLSGREINAR TIL OG MEÐ 3. MÁLSGREIN VERÐI STUÐST VIÐ TEXTA EINS OG HANN ER Í DRÖGUM NEFNDAR UM FRUMVARPIÐ FRÁ 10.12. 1998, NÁNAR TILTEKIÐ Í ANNARI MÁLSGREIN DRAGANNA. ÖNNUR MÁLSGREIN VERÐI ÞVÍ EFTIRFARANDI:**

Ágrundvelli tillögu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. og að fenginni umsögn leyfisveitenda og annara aðila um tillöguna skal Skipulagsstofnun gera matsáætlun. Hún skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar, staðsetningu og hugsanlegum umhverfisáhrifum. Þar skal koma fram á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis áhersla verði lögð á við matið og hvaða gagna skal aflað. Auk þess skal koma fram hvaða kröfur eru gerðar til samráðs um matið og til kynningar á því. Innan fjögurra vikna frá því að tillaga framkvæmdaraðila barst stofnuninni skal Skipulagsstofnun kynna honum, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum matsáætlunina.

**SÍÐASTA MÁLSGREININ VERÐI ÓBREYTT.**

Greinargerð með breytingartillögunni: Ákvæðið um matsáætlun er geysimikilvæg viðbót við eldra matsferli. Með þessari breytingu er það Skipulagsstofnun en ekki framkvæmdaraðili sem leggur fram endanlega matsáætlun. Þannig öðlast matsáætlunin ótvíræðari sess sem stjórnsýsluplagg sem framkvæmdaraðila ber að fara eftir. Auk þessa verður betur tryggt að ákveðins samræmis sé gætt í gerð matsáætlana. Þetta tel ég mjög mikilvæga breytingu til bóta.

**Skipulagsstofnun:**

8. gr. Matsáætlun

Skipulagsstofnun telur að fella megi út síðasta ml. 1. mgr., sbr. athugasemdir hér að neðan við 2. mgr. greinarinnar.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Skipulagsstofnun telur að gera þurfi grundvallarbreytingar á 2. mgr. Að mati stofnunarinnar hlýtur forræði kynningar og samráðs og endanlegrar ákvörðunar um innihald matsáætlunar að liggja hjá viðkomandi stjórnvaldi, þ.e. Skipulagsstofnun, þó að sjálfsögðu skuli stefnt að sem markvissustu samráði allra hlutaðeigandi aðila og því að endanleg matsáætlun geti í öllum aðalatriðum byggt á þeirri tillögu að matsáætlun sem framkvæmdaraðili leggur fram til Skipulagsstofnunar. Þetta telur Skipulagsstofnun vera í bestu samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB, sem breytir 5. gr. eldri tilskipunar, sem og við útfærslu þeirra í löggjöf nágrannalanda okkar. Ennfremur telur Skipulagsstofnun að í greininni eigi að fjalla um sjónarmið við ákvarðanir um efni matsáætlunar, sbr. 2.-4. ml. 2. mgr. 8. gr. í tillögu nefndarinnar. Skipulagsstofnun leggur því til að 2. mgr. verði:

"Á grundvelli tillögu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. skal Skipulagsstofnun innan fjögurra vikna frá því tillaga barst leggja fram endanlega matsáætlun. Áður skal Skipulagsstofnun hafa leitað umsagna leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila um tillögu framkvæmdaraðila. Matsáætlun skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar, staðsetningu og hugsanlegum umhverfisáhrifum. Þar skal koma fram á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis áhersla skuli lögð við matið og hvaða gagna skuli aflað. Auk þess skal koma fram hvaða kröfur eru gerðar til kynningar og samráðs við gerð matsskýrslu."

**umhverfisráð Samorku:**

**8. gr. Matsáætlun**

Samorka vill ítreka þá skoðun sína að gengið er út frá því að matsáætlunin sé í höndum framkvæmdaraðila, þrátt fyrir að skilgreingin í 3. gr. frumvarpsins segi til um annað.

Samorka telur það mjög til bóta að vinna matsáætlun og fagnar þessari nýjung í frumvarpinu. Hins vegar þarf að skoða ferlið í heild og með tilkomu matsáætlunar eru komnar forsendur til fella út möguleika á ítarlegra mati (sjá nánar í aths. um 11. grein).

Í fyrstu setningu 1. mgr. er sagt að framkvæmdaraðili skuli gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar eins og kostur er. Til að skilgreina betur hugtakið „eins og kostur er“ í þessu samhengi leggur Samorka til eftirfarandi breytingu á 8. grein frumvarpsins:

*"framkvæmdaraðili skuli gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar þegar meginþættir framkvæmdar eru orðnir það ljósir að hægt sé að fá heildarmynd af umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.*

Samorka fagnar því að frumvarpið stuðlar að því að samráð og kynning á fyrirhugaðri framkvæmd geti hafist fyrr. Mjög mikilvægt er að fá viðeigandi hagsmunaaðila og almenning fyrr að matinu en nú tíðkast. Samorka leggur hins vegar áherslu á það að kynning framkvæmdaraðila á matsáætlun verði sveigjanleg og fari eftir umfangi fyrirhugaðrar framkvæmdar og matsins.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Samráð mun byggjast á þátttöku framkvæmdaraðila, umsagnaraðila og annarra. Til þess að samráð verði virkt þarf að tryggja viðkomandi stofnunum nægilegt bolmagn til að sinna því hlutverki sínu, meðan unnið er að mati á umhverfisáhrifum. Þá vill Samorka einnig benda á að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili sé ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum, sbr. 14. grein frumvarpsins, þá verði viðeigandi stofnanir að bera ábyrgð á tillögum er varða þeirra fagsvið. Slíkar kvaðir er ekki að finna í núverandi lögum eða þessu frumvarpi.

Í annarri málsgrein er sagt að Skipulagsstofnun skuli taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni. Eðlilegra væri að segja að Skipulagsstofnun skuli *taka afstöðu til* tillögu framkvæmdaraðila eins og efnislega er raunar gefið í skyn að átt sé við.

Í fjórðu málsgrein 8. greinar er sagt að Skipulagsstofnun geti á „síðari stigum“ farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn ef sérstakar ástæður mæli með því, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega. Þarna þarf að skilgreina hvað átt er við með síðari stigum. Samkvæmt lagagreininni er þarna átt við það tímabil sem matsáætlunin varir, en með svo opið orðalag væri hægt að túlka þessa setningu þannig að unnt væri hvenær sem væri á matstímaferlinum að krefjast aukinna og nýrra gagna.

**Náttúruverndarráð:**

Að hlutverk skipulagsstofnunar verði áréttað og gert skýrar hvað varðar endanlega ábyrgð á útgáfu og kynningu á matsáætlun.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

9. gr.

*Matsskýrsla.*

Nú hyggur framkvæmdaraðili á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum og ber honum þá að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. að gera skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, bein og óbein, sem hin fyrirhugaða framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á menn, samfélag, menningu og menningararf, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir og landslag, efnisleg verðmæti og samverkun þessara þátta. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöðu hennar.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Upptalning umhverfisliða í 2. mgr. er í raun óþörf, því að hún er innifalin í skilgreiningu umhverfis (3. gr., j. – liður). Kveða þarf skýrar á í næstsiðustu setningu málsgreinarinnar við hvaða möguleika er átt texta (mismunandi tilhögun á framkvæmd?).

**Aðalheiður Jóhannsdóttir:**

Það kann að vera ástæða til þess að skoða betur 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins og bera saman við viðauka IV. með tilskipuninni. Mér finnst eins og það vanti nokkra meginþætti. Einnig legg ég til að tveimur atriðum verði bætt við á eftir ... bein og óbein, ... í upphafi 2. mgr. 9. gr. Þetta eru orðin: uppsöfnuð og samvirk. Á ensku eru þetta orðin: "cumulative" og "synergetic" eftir því sem ég best veit.

**Félag skógarbænda á Vesturlandi:**

Líklega getur aðeins einn aðili uppfyllt þessar kröfur til matsskýrslunnar, þ.e.a.s. guð almáttugur. Hið sama á við jafnvel þótt tekið væri út, það sem í hinni metnaðarfullu upptalningu er umfram texta Evrópusamþykktarinnar. Við bendum á, að sé vilji til þess, er hægt á grundvelli þessa lagatexta að hafna öllum skýrslum, sem fram kunna að verða lagðar. Okkur er ljóst, að Íslendingar eru bundnir af því, að fella inn í lög þessi a.m.k. þann texta, sem fram kemur í 85/337/EEC með þeim breytingum, sem gerðar voru í 97/11/EC frá 3. mars 1997. Hins vegar ætti að vera óþarft að bæta við upptalninguna, þegar svona er í

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

pottinn búið. Við leggjum því til, að felld verði út úr upptalningunni eftirfarandi orð: „samfélag“; „menningu“; „annað í lífríkinu“; „jarðmyndanir“ („menn“ og „landslag“ yrði engu að síður í textanum!).

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Fram ætti einnig að koma með skýrum hætti að viðauki 3 eigi við um allar framkvæmdir sem fara í mat á umhverfisáhrifum, en ekki aðeins þær sem tilgreindar eru í viðauka 2 (sbr. 6. gr. frv.).

**Skipulagsstofnun:**

9. gr. Matsskýrsla

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er fjallað um innihald matsskýrslu. Tekið er fram að tilgreina skuli bein og óbein áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd hefur í för með sér. Í IV. viðauka með tilskipun 97/11 er tekið fram að lýsing í matsskýrslu á áhrifum framkvæmdar skuli "ná til beinna áhrifa framkvæmdanna, svo og óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samlagningaráhrifa, skammtíma-, meðaltíma og langtímaáhrifa, varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra". Í 5. gr. nügildandi reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 179/1994 segir að í mati á umhverfisáhrifum skuli "tilgreina á viðeigandi hátt bein og óbein, jákvæð og neikvæð, skammtíma og langtíma, afturkallanleg og óafturkallanleg áhrif". Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af ákvæði tilskipunarinnar að í greininni skuli tiltaka nánar hvers konar áhrif skuli tilgreina í matsskýrslu. Lagt er til að upphaf 2. mgr. 9. gr. orðist svo: "Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif bein og óbein, jákvæð og neikvæð, skammtíma og langtíma, sammögnuð, varanleg og tímabundin, afturkræf og óafturkræf, sem hin fyrirhugaða framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á ..."

Í 2. mál. 2. mgr. 9. gr. segir "Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið ...". Í tillögu nefndarinnar sagði hinsvegar "Lýsa skal fyrirhugaðri framkvæmd ...". Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af því ákvæði 7. mgr. 1. gr. tilsk. 97/11/EB sem breytir 3. töl. 5. gr. eldri tilsk. og 1. töl. IV. viðauka tilskipunar 97/11/EB, að réttara sé að í greininni sé farið fram á lýsingu fyrirhugaðrar framkvæmdar fremur en eingöngu þeirra þátta hennar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið.

Tekið er fram að gera skuli grein fyrir og bera saman helstu möguleika sem til greina koma við framkvæmd. Nefndin gerði tillögu um að gera skyldi grein fyrir áhrifum þess að aðhafast ekkert, svokallaðar "núll" lausnar. Skipulagsstofnun telur að í sumum tilvikum sé eðlilegt að gerð sé grein fyrir áhrifum þess að aðhafast ekkert, "núll" kosti. Stofnunin gerir því tillögu um að gera skuli grein fyrir þeim möguleika að aðhafast ekkert þar sem það á við. Í matsáætlun verði þá tekin afstaða til þess hvort slíkt ætti við í viðkomandi tilviki. Skipulagsstofnun telur einnig að tilgreina beri ástæður fyrir vali framkvæmdaraðila, enda er í 3. töl. 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 97/11/EB, sem breytir 5. gr. eldri tilskipunar, tekið fram

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

að yfirlit yfir kosti sem framkvæmdaraðili hefur kannað skuli koma fram "ásamt helstu forsendum fyrir vali hans". Næst síðasti málsliður 2. mgr. 9. gr. hljóðaði þá svo: "Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra, þar á meðal því að aðhafast ekki, þar sem það á við, og bera kostina saman. Gera skal grein fyrir helstu forsendum fyrir vali framkvæmdaraðila m. t. t. umhverfisáhrifa."

**umhverfisráð Samorku:**

Samorka fagnar því að kvaðir um lýsingu á framkvæmd snúa skv. frumvarpinu að þeim þáttum framkvæmdar sem líklegast eru til að geta valdið umhverfisáhrifum. Þetta mun stuðla að betri matsskýrslum þar sem aðalatriði verða til umfjöllunar og dregur úr löngum framkvæmdalýsingum.

Inn í greinina um matsskýrslu vantar ákvæði sem er í 3. mgr. 10. greinar um sameiginlega kynningu framkvæmdar og matsskýrslu. Það er afar óeðlilegt að hafa formlega kynningu á framkvæmd eftir að athugun Skipulagsstofnunar hefst. Ef framkvæmd er ekki kynnt eins fljótt og auðið er og áður en athugun Skipulagsstofnunar hefst er harla erfitt fyrir framkvæmdaraðila að taka tillit til ábendinga almennings og hagsmunaaðila.

Samorka telur mikilvægt að fylgja eftir því samráði sem hefst með gerð matsáætlunar og því beri að sjá til þess að umsagnaraðilar geti tekið þátt í því. Það er of seint fyrir framkvæmdaraðila að fá fram skoðun þessara aðila við athugun Skipulagsstofnunar. Slíkt fyrirkomulag dregur úr skilvirkni matsins og eykur kostnað og tíma vegna matsvinnunnar.

Samorka vill benda á að samræma má betur umfjöllun um umhverfisáhrif 2. mgr. og skilgreiningar á þeim skv. 3. gr. frumvarpsins.

**Náttúruverndarráð:**

9. gr.

Nokkuð var rætt um hvort ekki væri rétt að hafa svonefndan núllkost, „það að aðhafast ekkert“ hvort ástæða væri til að fella það inn í greinina þar sem segir: Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra, þar á meðal því að aðhafast ekkert. Lagt er til að þetta sé vandlega skoðað.

**Landmælingar Íslands:**

9.gr. Landmælingar Íslands vilja benda á að við framkvæmd þess lagafrumvarps sem hér er fjallað um er augljós nauðsyn þess að með matsskýrslu sbr. 9.gr. frumvarpsins fylgi nægjanlega nákvæm kort af framkvæmdasvæði þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir og breytingar á landslagi séu færðar inn. Á slíkum kortum er einnig æskilegt að komi grunnupplýsingar um yfirborð, landslag, gróður, ræktað land, byggingar og mannvirki, vatnafar og jökla, samgönguleiðir og örnefni. Einnig er æskilegt að komi fram á kortum með matsskýrslu upplýsinga um stjórnsýslumörk, mörk þjóðgarðar, fólksvanga og friðlýstra

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

svæða og mörk þjóðlenda. Kort sem þessi segja meira en mörg orð og auðvelda öllum sem að málinu koma að meta umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

10. gr.

***Athugun Skipulagsstofnunar.***

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu. Skal það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og matsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Matsskýrslan skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða matsskýrslu.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í matsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

Umsagnir og athugasemdir sem Skipulagsstofnun berast við athugun stofnunarinnar skulu kynntar framkvæmdaraðila og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind. Framkvæmdaraðila skal gefinn a.m.k. viku frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

6. mgr. 10. gr. Lagt er til að síðustu setningunni verði sleppt.

Óeðlilegt er að lögbinda þennan viku frest. Úrskurðartími er stuttur, eða fjórar vikur og oft berast mikið af umsögnum og því erfitt að tryggja þennan lágmarks vikufrest í öllum tilvikum.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Ástæða gæti verið til að tiltaka nánar, við hvaða aðra aðila er átt, þó svo að æskilegt sé að hafa þetta ákvæði opið, hvað það varðar. Leyfisveitendur eru tilnefndir en trúlega mætti tilnefna fleiri.

Er tveggja vikna frestur Skipulagsstofnunar (1. mgr.) miðaður við móttöku skýrslu eða sendingu? Kveða þarf á afgreiðsluferli, ef Skipulagsstofnun kveður á, að matsskýrsla sé

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnéfndar - ekki til dreifingar.***

ekki í samræmi við matsáætlun, þ.e. endurvísun til framkvæmdaraðila með kröfu um úrbætur.

"Dagblað á landsvísu" (2. mgr.) nær ekki endilega til allra dagblaðalesenda og er því verið að mismuna þeim og dagblaðaútgefendum með því að einskorða auglýsingu við eitt dagblað.

Framlagning matsskýrslu hjá Skipulagsstofnun og á "aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði" (4. mgr.) er varla nægjanleg fyrir greiðan aðgang almennings. Gera verður ráð fyrir, að áhugaaðilar geti aflað skýrslunnar með tilsendingu gegn viðeigandi gjaldi. Athuga mætti með vefsetningu skýrslanna

**Aðalheiður Jóh.:**

Í þessari grein kemur í raun fram hlutverk Skipulagsstofnunar, þ.e. stofnunarinnar á fyrst og fremst að meta hvort skýrslan uppfylli kröfurnar sem gerðar eru í lögum. Þetta hlutverk tengist beint 11. gr. frumvarpsins, sbr. athugasemdir sem koma hér á eftir.

**Höllustuvernd ríkisins:**

10. gr. Lagt er til að bætt verði aftan við greinina setningunni: „*Umsagnaraðilum skulu kynnt svör framkvæmdaraðila við umsögn þeirra.*“ Viðurkennt er að einhversstaðar verði að ljúka ferli athugasemda og svara. Hins vegar hefur það gerst að svör framkvæmdaraðila eru ófullnægjandi og jafnvel röng. Með ákvæði um að svör framkvæmdaraðila skuli kynnt viðkomandi umsagnaraðilum geta aðilar málsins betur fylgst með framgangi þess.

**Landgræðsla ríkisins:**

10.gr.Við 5. mgr. en þar komi í fyrstu setningu: ... leyfisveitenda, lögbundinna umsagnaraðila og annarra aðila eftir því sem við á. Í fæstum tilvikum eru lögbundnir umsagnaraðilar jafnframt leyfisveitendur í skilningi þessara laga.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Samkvæmt 6. mgr. 10. gr. skal Skipulagsstofnun kynna framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem berast við athugun stofnunarinnar og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind. Enn fremur segir að framkvæmdaraðila skuli gefinn a.m.k. viku frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir.

Skipulagsstofnun mun fram að þessu hafa sent framkvæmdaraðila þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við framkvæmdir sem auglýstar hafa verið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og gefið honum kost á því að svara þeim. Umsagnaraðilum eða öðrum þeim sem gert hafa athugasemdir við viðkomandi framkvæmd hefur hins vegar ekki verið gefinn kostur á að sjá athugasemdir framkvæmdaraðila eða svara þeim á annan hátt. Með þessu er því einungis verið að tryggja andmælarétt framkvæmdaraðila og er þar með hallað

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

á hlut þeirra sem gera athugasemdir við framkvæmdir. Náttúruvernd ríkisins leggur því til að 6. mgr. 10. gr. verði felld út.

**Skipulagsstofnun:**

10. gr. Athugun Skipulagsstofnunar

Í 3. mgr. 10. gr. er lagt til að framkvæmdaraðili kynni framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Í tillögu nefndarinnar var sagt að Skipulagsstofnun og framkvæmdaraðili skuli standa að sameiginlegri kynningu framkvæmdar og matsskýrslu í upphafi kynningartíma. Skipulagsstofnun telur að frumkvæði og ákvörðun um hvernig kynningunni skuli háttað á meðan mat á umhverfisáhrifum er til meðferðar stofnunarinnar skuli vera í höndum hennar í samvinnu við framkvæmdaraðila. Lagt er til að 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins orðist svo: "Skipulagsstofnun ákveður í upphafi kynningartíma hvernig kynningu framkvæmdar og matsskýrslu skuli háttað og stendur að kynningu í samvinnu við framkvæmdaraðila."

Í 6. mgr. 10. gr. er tekið fram að framkvæmdaraðila skuli veittur a. m. k. vikur frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir. Í ákvæðinu er ekki tiltekinn frestur sem umsagnaraðilum skuli veittur til álitsgjafar. Frestur umsagnaraðila er ákveðinn í núgildandi reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og er 3 vikur skv. 2. mgr. 11. gr. Skipulagsstofnun telur að ef tiltaka eigi frest framkvæmdaraðila í ákvæðinu skuli það líka gert um umsagnaraðila.

Í athugasemd með 6. mgr. 10. gr. frumvarpsins er Skipulagsstofnun veitt heimild til að lengja frest framkvæmdaraðila til að tjá sig um umsagnir og athugasemdir sem berast við framkvæmd "og þá jafnframt að lengja þann frest sem stofnunin hefur til að úrskurða sem þeim tíma nemur". Skipulagsstofnun telur óeðlilegt að veitt sé heimild til að lengja hinn lögboðna afgreiðslufrest mats á umhverfisáhrifum, sérstaklega þar sem ekki er sett hámark á þá heimild. Skipulagsstofnun telur það vera í samræmi við málshraðareglu stjórnvissýslulaga að ekki séu heimilud frávik frá lögbundnum frestum og sé til þess fallið að auka skilvirkni. Það eigi ekki sist við um málsmeðferð eins og mat á umhverfisáhrifum, þar sem margir aðilar koma að og oft miklir hagsmunir í húfi, að unnt sé að treysta því að meðferð mála dragist ekki vegna fresta, heldur standist lögbundin tímamörk. Stofnunin telur einnig að ef ætlunin er að veita heimildir til að víkja frá lögboðnum frestum skuli slík heimild vera í lagatexta en ekki í athugasemd með frumvarpi til laga.

Í tillögu nefndarinnar var í 1. mgr. 10. gr. tekið fram að "ef fram kemur við athugun að upplýsingar skortir um einstök atriði sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðu máls getur Skipulagsstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili afli þeirra áður en stofnunin úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum". Þessi heimild er ekki inni í frumvarpinu. Það telur Skipulagsstofnun bagalegt, þar sem slík heimild gæti hugsanlega komið í veg fyrir að niðurstaða úrskurðar yrði að krafist væri ítarlegra mats, sbr. b-lið 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins, með tilheyrandi umfjöllun og kostnaði fyrir framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að unnt sé að leita eftir tilteknum upplýsingum sem eru taldar skorta áður en til úrskurðar kemur. Þó verður ávallt að hafa í huga að ekki sé um að



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

ræða upplýsingar sem nauðsynlegt er talið að kynna fyrir almenningi og umsagnaraðilum svo þeir megi geta tekið afstöðu til framkvæmdar og mats á umhverfisáhrifum hennar. Lagt er til að mat á gildi slíkra upplýsinga verði falið Skipulagsstofnun. Lagt er til að við 6. mgr. 10. gr. bætist: "Ennfremur getur Skipulagsstofnun, ef fram kemur við athugun að upplýsingar skortir og sérstakar ástæður mæla með, óskað eftir frekari gögnum frá framkvæmdaraðila áður en stofnunin úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun metur hvort upplýsingar sem aflað er á þennan hátt beri að kynna almenningi og umsagnaraðilum."

**Samorka:**

10. gr. Athugun Skipulagsstofnunar

Í 5 mgr. segir: „Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.“ Lögin gera ráð fyrir því að athugun Skipulagsstofnunar eigi að vera einn ferill en ekki endurtekningar. Að mati Samorku er því óheppilegt að eftir samráð og kynningar á fyrirhugaðri framkvæmd geti samráðsaðilar haldið áfram að gera kröfur um frekari rannsóknir. Mikilvægt er að matið fjalli um helstu áhrif framkvæmdar og ákvörðun sé byggð á þeim upplýsingum. Varast þarf að ráðist verði í of miklar og ítarlegar rannsóknir sem breyta vart meginniðurstöðu matsins. Hér mætti t.d. bæta við í lok 5. málsgreinar:

*„ef sérstakt tilefni er til að mati Skipulagsstofnunar“*

þannig að frekari rannsókn þrengdist

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga á 10. gr.

„10. gr.

*Athugun Skipulagsstofnunar.*

Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu. Skal það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og matsskýrsla hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

Matsskýrslan skal liggja frammi í **prentuðu eintaki** á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. **Framkvæmdaraðila ber einnig að sjá svo um að matsskýrslan sé aðgengileg í tölvutæku formi á veraldarvefnum.** Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða matsskýrslu.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í matsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á möguleg-ar mótvægisáðgerðir.

Umsagnir og athugasemdir sem Skipulagsstofnun berast við athugun stofnunarinnar

skulu kynntar framkvæmdaraðila og honum gefinn kostur á að svara þeim eða skýra þau atriði sem þar eru tilgreind. Framkvæmdaraðila skal gefinn ~~a.m.k. viku~~ **á hámarki átta vikna** frestur til að fara yfir fram komnar umsagnir og athugasemdir **og greina Skipulagsstofnun frá svörum sínum."**

**Greinargerð:**

Í 1. mgr. er ekki útskýrt hvaða ferli tekur við ef Skipulagsstofnun hafnar matsskýrslu á grundvelli þess að hún uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og eða að hún sé í ósamræmi við matsáætlun skv. 8. gr. **Úr þessu þarf að bæta.** Hvernig horfir ákvæði þessarar 1. mgr. við ákvæði 1. mgr. í 11. gr?

Varðandi 2. mgr. telja Náttúruverndarsamtökin brýnt að framkvæmenda verði skylt lögum sakvæmt að hafa matsskýrslu aðgengilega á tölvutæku formi á veraldarvefnum. Slíkt fyrirkomulag eykur bæði og auðveldar til muna aðgengi að skýrslunum. Oft er um að ræða viðamiklar skýrslur sem nær ófært er að kynna sér með góðu móti á knöppum skrifstofutíma á örfáum stöðum, sem oft á tíðum eru víðs fjarri þeim sem láta sig málið varða.

Þá sjá samtökin ekki nein haldbær rök fyrir því að framkvæmdaraðili megi ekki svara Skipulagsstofnun um framkomnar athugasemdir fyrr en að viku liðinni frá framkomnum athugasemdum. Sjái framkvæmdaraðili sér fært að svara fyrr á tvímælalaust að heimila það. Á hinn bóginn telja samtökin óeðlilegt að ekki sé tilgreindur tímafrestur sem framkvæmdaraðili hefur til að svara Skipulagsstofnun framkomnum athugasemdum. Óvissa um framhald framkvæmdar kann að vera mjög bagaleg þegar um er að framkvæmd sem kann að hafa umtalsverð, óafturkræf umhverfisáhrif. Lagt er til að hafa þennan frest tvo mánuði (átta vikur), sem ætti að nægja framkvæmdaraðila í öllum tilvikum til að gera grein fyrir máli sínu á fullnægjandi hátt.

**Náttúruverndarráð:**

Í framhaldi af 1. mgr. komi, sbr. álit stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun á núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum: Ef fram kemur við athugun að upplýsingar skortir um einstök atriði sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðu máls getur Skipulagsstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili afli þeirra áður en stofnunin úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

Ennfrekar komu fram athugasemdir varðandi 6. mgr. að í ákvæðinu fælist hugsanlega að aðilum væri mismunað og að hún stangaðist á við andmælarétt almennings.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

AFTAN VIÐ FYRSTU MÁLSGREIN BÆTIST: Uppfylli matsskýrslan ekki ofangreind skilyrði að mati Skipulagsstofnunar t.d. vegna skorts á tilteknum upplýsingum sem kveðið var á um í matsáætlun, getur Skipulagsstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili afli viðbótargagna áður en stofnunin úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum.

Greinargerð með breytingartillögunni: Það vantar augljóslega setningu sem kveður á um hvað Skipulagsstofnun skuli eða geti gert ef matsskýrslan stenst ekki kröfur þær sem vitnað er til í fyrri setningunni. Þarna var setning í drögunum sem nefndin skilaði af sér í des. 1998 en hún hefur verið þurrkuð út án þess að nokkuð kæmi í staðinn.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

11. gr.

*Úrskurður Skipulagsstofnunar.*

Innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 4. mgr. 10. gr. rennur út skal Skipulagsstofnun kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

- a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
- b. krafist er ítarlegra mats á framkvæmdinni í heild eða einstökum hlutum hennar eða
- c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Þegar krafist er ítarlegra mats skv. b-lið 2. mgr. skal auglýsa það á sama hátt og matskýrslu, sbr. 2. mgr. 10. gr., og skal auglýsingin eingöngu taka til þess sem krafist er ítarlegra mats á. Ekki þarf að gera matsáætlun skv. 8. gr. fyrir ítarlegra mat. Frestur Skipulagsstofnunar til að úrskurða er sá sami og skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum, niðurstöðu og hvaða skilyrðum hún er bundin ásamt lýsingu á helstu mótvægisáðgerðum þegar það á við.

Skipulagsstofnun er heimilt að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.

Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum, umsagnaraðilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matsskýrslu á kynningartíma. Úrskurðurinn skal kynntur á sama hátt og matsskýrsla skv. 2. mgr. 10. gr. innan tveggja vikna frá því að hann var kveðinn upp. Almenningsur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt hlutaðeigandi og almennings, sbr. 12. gr.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða þær séu taldar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 6. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til ráðherra. Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögnum.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

2. mgr. 11. gr. c. liður orðist svo:

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd.

Óþarft er að tilgreina að framkvæmd sé hafnað vegna umtalsverðar áhrifa. Ef orðalagi er haldið óbreyttu, má lesa úr c. lið að leggjast eigi gegn öllum framkvæmdum sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Þar með eru allar óafturkræfar framkvæmdir óframkvæmanlegar.

7. mgr. 11. gr.

Síðasta setning málgreinarinnar orðist svo:

Hefjist framkvæmdir ekki innan fimm ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögnum. Tíu ár frá upphaflegum úrskurði Skipulagsstofnunar skal ekki veita endanlegt framkvæmdaleyfi nema mat fari fram að nýju samkvæmt lögnum.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Óþarfi er að taka fram í 2. mgr., c. – lið, að framkvæmd sé hafnað vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa, því að það er yfirleitt forsenda höfnunar, samkvæmt efni laganna. Ella yrði jafnvel að hafna öllum framkvæmdum, sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Gera þyrfti nánari grein fyrir (í 6. mgr.), hvernig almenningur skuli eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar.

Tilgreina þarf, hvort vikufrestur framkvæmdaaðila til athugasemda (6. mgr.) er innifalinn í umræddum fjögurra vikna fresti, eða komi sér á undan honum, sem að mörgu leyti væri eðlilegra.

Tíu ára tími milli fellingu úrskurðar og mögulegrar endurskoðunar á mati (7. mgr.) er alltof langur, eins og reynslan af framvindu þekkingar og þróun viðhorfa sýnir ótvírætt. Endurskoða þyrfti mat eftir fimm ár, ef ekki kemur til framkvæmda, a.m.k. þau atriði þess, sem sætt hafa mestum breytingum, þ.e. taka mat til endurskoðunar, en vel má vera, að endurskoða skyldi matið allt eftir tíu ár.

**Aðalheiður Jóh.:**

Það er skoðun mín að gera þurfi grundvallarbreytingu á 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins og tel að við meðferð frumvarps þess sem varð að nügildandi lögum hafi hlutverk Skipulagsstofnunar (þá skipulagsstjóra) verið oftúlkað vegna misskilnings.

Ég legg til, m.a. með hliðsjón af hlutverki Skipulagsstofnunar, sbr. 10. gr. frumvarpsins og með hliðsjón af hlutverki einstakra leyfisveitanda samkvæmt viðeigandi lögum, að orðalaginu verði breytt og að 2. mgr. hljóði svo:

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

a. fallist er á viðkomandi mat á umhverfisáhrifum, með eða án skilyrða,

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

b. krafist er itarlegra mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í heild eða einstökum hlutum hennar, eða

c. mati á umhverfisáhrifum er hafnað þar sem það uppfyllir ekki skilyrði laganna.

Helstu rök mín fyrir þessari breytingartillögu eru eftirfarandi: Orðalagið sem er lagt til í frumvarpinu er nánast það sama og er í núgildandi lögum þó hefur aðeins verið bætt við, einkum í c-lið. Þetta orðalag "...fallist er á viðkomandi framkvæmd, ..." og "...lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa" er byggt á misskilningi að mínu mati. Hann felst í því að í fyrsta lagi er hlutverk Skipulagsstofnunar oftúlkað og stofnunin virkar eins og yfirleyfisveitandi, jafnvel þótt orðalag 16. gr. frumvarpsins (13. gr. núgildandi laga) gefi tilefni til að ætla annað. Stofnunin sem slík á að sjálfsögð ekki að fallast á tiltekna framkvæmd eða ekki. Það er hlutverk leyfisveitanda samkvæmt viðkomandi lögum þegar mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir.

Í öðru lagi þá hefur Skipulagsstofnun vald til þess að leggjast gegn framkvæmd vegna þess að hún hefur umtalsverð umhverfisáhrif. Með þessu orðalagi er komi t.d. í veg fyrir að tiltekin framkvæmd sem hefur mikil umhverfisáhrif en er þjóðhagslega hagkvæm til langs tíma litið geti orðið að veruleika. Það er að sjálfsögðu ekki Skipulagsstofnun að taka slíka ákvörðun. Það er einnig mín skoðun að ef orðalagið sem er lagt til verður notað auki það líkurnar á að framkvæmdaraðili sýni hreinlega ekki fram á öll umhverfisáhrif vegna hættu á að honum verði synjað um leyfi til að framkvæma þar sem Skipulagsstofnun getur kveðið upp þann úrskurð að lagst sé gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Hafa verður í huga að mat á umhverfisáhrifum er m.a. gert til þess að fá vitneskju um áhrifin svo að hægt sé að grípa til mótvægisáðgerða ef þær eru fyrirbyggjandi en ekki til þess að koma í veg fyrir framkvæmdir. Með öðrum orðum: Ef umhverfisáhrif tiltekinna framkvæmda eru umtalsverð þá á að gera grein fyrir því og síðan að taka ákvörðun um það hvort leyfa eigi framkvæmdina eða ekki. Það mat getur að ekki verið Skipulagsstofnunar að mínu mati.

Einnig bendi ég á að með þessari breytingu verður málsmeðferðin skýrari: Skipulagsstofnun metur matið síðan fer framkvæmdaraðili með matið til leyfisveitanda og hann, þ.e. leyfisveitandinn, hver svo sem það er, tekur sjálfstæða ákvörðun um framkvæmdina, m.a. á grundvelli niðurstöðum um mat á umhverfisáhrifum og heimilar eða heimilar ekki.

Ég tel að verði þessar breytingar gerðar þá megi koma í veg fyrir eitthvað af þeirri hræðslu sem mat á umhverfisáhrifum vekur og að framkvæmdaraðilar verði jákvæðari í garð þess og jafnframt verði hægt að "leiðrétta" framkvæmdina frá því sem nú er. Ég hef því miður ekki haft tækifæri nú til þess að fara nákvæmlega í gegnum alla úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og kærur vegna þeirra en mér sýnist í fljótu bragði að framkvæmdaraðilar hafi tilhneigingu til að halda því fram að viðkomandi framkvæmd hafi ekki umtalsverð áhrifum, jafnvel þótt að í 10. gr. núgildandi laga segi að það eigi að tilgreina áhrif framkvæmdarinnar o.s.frv. óháð því hvort þau eru umtalsverð eða ekki, en Skipulagsstofnun sé oft á öðru máli.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

Í a.m.k. einum úrskurði Skipulagsstofnunar er orðrétt sagt í niðurstöðu: "... að ekki hafi verið sýnt fram á að fyrirhugað kísilgúrnám í Mývatni kunni ekki að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif." (Niðurstöður frumathugunar og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um kísilgúrvinnslu úr Mývatni). Að mínu mati stangast þetta á við núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum og framlagt frumvarp efaflögum verður. Það er hvorki hlutverk framkvæmdaraðila að sýna að tiltekin framkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif né hlutverk Skipulagsstofnunar að gefa sér þá forsendu að tiltekin framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Skýrt skal tekið fram að með þessu dæmi er ég ekki að taka neina afstöðu til kísilgúrnsnáms úr Mývatn ég er einugnis að benda á galla í framkvæmd sem e.t.v. á að hluta sér rætur í 8. og 11. gr. núgildandi laga sem á að endurtaka með 12. gr frumvarpsins verði sú grein óbreytt að lögum.

Ef þessar breytingar verða gerðar sem ég legg til verður e.t.v. ekki eins mikið um kærur til umhverfisráðherra þar sem hlutverk Skipulagsstofnunar verður ekki að taka afstöðu til framkvæmdarinnar, einungis til gæða mats á umhverfisáhrifum.

**Hollustuvernd ríkisins:**

5. mgr. 11. gr. Hollustuvernd ríkisins telur að rétt sé að heimild Skipulagsstofnunar til þess að krefjast rannsókna nái einnig yfir framkvæmdatíma. Setningin orðist þá þannig: „*Skipulagsstofnun er heimilt að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir, eftir og meðan á framkvæmd stendur í þeim tilgangi að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.*”

7. mgr. 11. gr.

Hollustuvernd ríkisins telur mikilvægt að veita Skipulagsstofnun heimild til þess að hnika til úrskurði ef forsendur breytast litillega. Hollustuvernd bendir á að í samræmi við það þyrfti að vera heimild til Skipulagsstofnunar til þess að setja framkvæmd í nýtt mat enda hafi orðið meiri háttar breytingar á forsendum úrskurðarins þannig að grundvöllur matsins sé brostinn. Þetta á ekki síst við margháttaðar samsettar framkvæmdir þar sem sú staða getur komið upp að áður gefnar forsendur fyrir seinni verkáfangum eða stækkunum halda ekki.

Hollustuvernd ríkisins telur að gæta ætti samræmis við tímalengd gildistíma mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis (5 ár). Stofnunin telur 10 ár of langan tíma og leggur til að ef framkvæmdir hafi ekki hafist 8 árum eftir úrskurð beri að endurskoða hann og meta hvort setja eigi framkvæmdina að nýju í mat.

**Landvernd:**

11. gr. er fjallað um úrskurð Skipulagsstofnunar. Þar segir m.a. að ef framkvæmdir hefjist ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar, skal stofnun ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju skv. lögnum. Tíu ár er mjög langur tíma þegar litið er til þess að þekking á umhverfismálum vex sífellt,





**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

að viðhorf til fjölmargra samfélagsþátta breytast og vegna þess hve tækniframfarir eru örur. Það virðist því skynsamlegra að takmarka þennan tíma frekar og miða hann við ekki lengri tíma 6 ár, enda ekki líklegt að Skipulagsstofnun myndi krefjast endurmats að óbreyttum aðstæðum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Í (6. mgr. 10. gr.) leiðrétt: 7. mgr. 11. gr. segir enn fremur að hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögnum.

Náttúruvernd ríkisins mælist til þess að ofangreindur frestur verði stytur enda eru tíu ár langur tími og viðhorf manna til umhverfismála taka örum breytingum. Einnig geta margvísleg ný gögn eða ný þekking komið fram á tíu árum sem breytt geta afstöðu manna til tiltekinna framkvæmda. Því leggur Náttúruvernd ríkisins til að framkvæmdir verði að hefjast eigi síðar en innan fimm ára.

**Skipulagsstofnun:**

**11. gr. Úrskurður Skipulagsstofnunar**

Í 3. mgr. 11. gr. er tekið fram að ekki þurfi að gera matsáætlun skv. 8. gr. fyrir ítarlegra mat og að auglýsing skuli eingöngu taka til þess sem krafist er ítarlegra mats á. Skipulagsstofnun telur að vegna þessa sé þörf á því að í niðurstöðu úrskurðar, þar sem krafist er ítarlegra mats, þurfi að gera nákvæma grein fyrir því hverju skuli gera grein fyrir í ítarlegra mati og hvernig skuli staðið að gerð matsskýrslu. Þar þurfi í raun að setja fram einkonar matsáætlun fyrir ítarlegra mat. Stofnunin telur að í lögnum, eða a. m. k. í athugasemd skuli gerð grein fyrir þessu.

Í 7. mgr. greinarinnar er gerð tillaga um heimild til handa Skipulagsstofnun til að "gera minniháttar breytingar á úrskurði sínum". Skipulagsstofnun telur slíka heimild ekki eiga við. Stofnunin telur að almennt skuli við það miðað að niðurstöður úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum séu orðaðar þannig að nokkurt svigrúm geti verið til útfærslu, ef ljóst er að slíkt hafi ekki í för með sér breytingu á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þar sem mat á umhverfisáhrifum leiði í ljós að ekkert svigrúm sé varðandi tilhögun framkvæmda vegna umhverfisáhrifa sem hún er talin geta haft í för með sér beri að taka það fram í niðurstöðu úrskurðar. Skipulagsstofnun leggur því til að 7. mgr. greinarinnar verði felld úr frumvarpinu með þeim skýringum að eðlilegra sé að túlkun og meðferð laganna sé á þá leið að í umfjöllun um leyfisveitingar vegna framkvæmda sem úrskurðað hefur verið um skv. lögnum sé nokkurt svigrúm til útfærslna þar sem það á við. Sjá athugasemdir við 16. gr.

Skipulagsstofnun telur að síðasti málsliður 7. mgr. um að meta skuli hvort nýtt mat skuli fara fram, hafi framkvæmd ekki hafist innan tíu ára frá úrskurði, skuli vera sérstök málsgrein, 8. gr. 11. gr., þar sem fjallað er um sérstakt efnisatriði.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 11. gr. frv. verður ekki heimilt að leggjast gegn viðkomandi framkvæmd í úrskurði Skipulagsstofnunar nema hún hafi "veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif" eða hafi í för með sér "veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum" (sbr. 3. gr. frv.). Náttúrufræðistofnun Íslands telur nauðsynlegt að þetta nýja hugtak "veruleg óafturkræf neikvæð áhrif" verði skilgreint eigi að lögfesta það. Skipulagsstofnun þarf að hafa á hreinu hvað er að vera verulega óafturkræfur neikvæður eigi hún að úrskurða á grundvelli þess.

Í 7. mgr. 11. gr. frv. segir: "Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju." Frestur þessi er allt of langur að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nýrra og betri gagna er aflað á hverju ári um náttúru og þjóðfélag, ný vitneskja sköpuð og viðhorf að breytast. Lagt er til að frestur þessi verði þrjú til fimm ár í stað tíu ára.

Framkvæmdir sem krefjast margra ára undirbúningsrannsókna ættu að fara í einhverskonar forstigsmat, sbr. athugasemd við 8. gr. hér að framan, í stað þess að byggja á tíu ára leyfum.

**Orkustofnun:**

11. gr. 2. mgr. c.liður Er nefndur sá möguleiki á úrskurði Skipulagsstofnunar að lagst verði gegn framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Af því leiðir vitanlega að umtalsvert er eitt af lykilhugtökum þessara laga og verður því rætt lítillega hér að neðan. Í síðustu mgr. 11. gr. er rætt um minni háttar breytingar á úrskurði ef til koma breyttar forsendur vegna nýrra upplýsinga sem telja má að hafi eigi verið fyrir sjáanlegar þegar úrskurður var birtur. Ennfremur breytingar sem taldar eru til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Hvað er minniháttar? Ef slík hugtök eiga ekki að verða tilefni til deilna og kærumála, þarf að setja skýr og gegnsæ viðmið í reglugerð um hvað við er átt með minniháttar í þessu sambandi. Orkustofnun telur ákvæði um endurupptöku úrskurðar sjálfsagt og eðlilegt í því tilfelli að framkvæmdaraðili hafi ekki nýtt hann til framkvæmda.

**umhverfisráð Samorku:**

11. gr. Úrskurður Skipulagsstofnunar

Helsta athugasemd Samorku við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum snýr að úrskurði Skipulagsstofnunar. Þar er gert ráð fyrir að stofnunin geti úrskurðað framkvæmdina í ítarlegra mat. Það er skilningur Samorku að með matsáætlun sé verið að einfalda matsferlið á þann hátt að þegar í upphafi matsvinnunnar sé tekin ákvörðun um þá þætti sem þarf að rannsaka og skoða. Slíkt er gert í samvinnu við Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almennig. Matsáætlunin er því leiðbeinandi áætlun fyrir framkvæmdaraðila og aðra þá sem matinu tengjast. Með samráðinu hafa allir viðeigandi aðilar komið sínum skoðunum og álitum á framfæri. Með samþykki Skipulagsstofnunar á

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

matsáætlun er þar með búið að staðfesta samkomulag um hvernig matsvinnunni skuli háttað. Það er því að mati Samorku komnar forsendur fyrir því að sleppa þeim möguleika að úrskurða framkvæmd í frekara mat. Í Svíþjóð og Noregi er nauðsynlegt að vinna matsáætlun en þar er ekki unnt að úrskurða framkvæmd í frekara mat. Viðkomandi úrskurðaraðili getur óskað frekari upplýsinga um ákveðin atriði, en slíkt þarf ekki að fara í gegnum allan matsferilinn á ný. Það er mat Samorku að verði enn gert ráð fyrir ítarlegra mati sé verið að lengja matsferlið til muna og gera það óskilvirkara og dýrara en núverandi matsferill. Samorka leggur á það mikla áherslu að ekki verði um að ræða ítarlegra mat í nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum og telur það forsendu fyrir því að nýja matsferlið verði einfaldara og skilvirkara en nú er, án þess að draga úr gæðum matsskýrslna eða ábyrgð framkvæmdaraðila.

Í 5. mgr. segir: „Skipulagsstofnun er heimilt að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.“

Að mati Samorku ætti að standa:

*"Skipulagsstofnun er heimilt í úrskurði sínum ....."*

Ef þessu verður ekki breytt mætti túlka lagaákvæðið sem svo að stofnuninni væri heimilt að krefjast frekari rannsókna hvenær sem væri á matsferlinum ef eitthvað væri óljóst. Með breyttu orðalagi verður þetta ákvæði af hinu góða og raunar sjálfsagt. Jafnframt mætti bæta við eftirfarandi:

*„Skal leyfisveitandi bera ábyrgð á því að slíkar rannsóknir séu gerðar og gera Skipulagsstofnun grein fyrir niðurstöðum þeirra.“*

Samorka fagnar því að hægt verði að gera minniháttar breytingar á úrskurði Skipulagsstofnunar og telur þann sveigjanleika styrkja mat á umhverfisáhrifum.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillaga á 11. gr:

„11. gr.

*Úrskurður Skipulagsstofnunar.*

Innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 4. mgr. 10. gr. rennur út skal Skipulagsstofnun kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal taka ákvörðun um hvort:

- a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,
- b. krafist er ítarlegra mats á framkvæmdinni í heild eða einstökum hlutum hennar eða
- c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Þegar krafist er ítarlegra mats skv. b-lið 2. mgr. skal auglýsa það á sama hátt og mats-skýrslu, sbr. 2. mgr. 10. gr., og skal auglýsingin eingöngu taka til þess sem krafist er ítarlegra mats á. Ekki þarf að gera matsáætlun skv. 8. gr. fyrir ítarlegra mat. Frestur Skipulagsstofnunar til að úrskurða er sá sami og skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Í úrskurði Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum, niðurstöðu og hvaða skilyrðum hún er bundin ásamt lýsingu á helstu mótvægisáðgerðum þegar það á við.

Skipulagsstofnun er heimilt að setja skilyrði um að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum **óæskilegum** áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.

Þegar úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila, leysisveitendum, umsagnaraðilum og þeim sem gert hafa athugasemdir við matsskýrslu á kynningartíma. Úrskurðurinn skal kynntur á sama hátt og matsskýrsla skv. 2. mgr. 10. gr. innan tveggja vikna frá því að hann var kveðinn upp. Almenningsur skal eiga greiðan aðgang að úrskurði Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun skal í úrskurði sínum sérstaklega geta um málskotsrétt hlutaðeigandi og almennings, sbr. 12. gr.

Hafi forsendur breyst vegna nýrra upplýsinga er Skipulagsstofnun heimilt að gera minni

háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hans hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða þær séu taldar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Skal breyting kynnt á sama hátt og úrskurður skv. 6. mgr. Ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt þessari málsgrein er kæránleg til ráðherra. Hefjist framkvæmdir ekki innan ~~tíu~~ **fjögurra** ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar **fellur úrskurður stofnunarinnar úr gildi og getur framkvæmdaraðili þá ákveðið skal stofnunin ákvarða** hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögnum."

***Greinargerð:***

Í 7. mgr. er kveðið á um að „*Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögnum.*”

Tíu ár eru allt of langur tími í þessu sambengi. Í bráðabirgðaákvæði I er ekki einu sinni veittur svo langur frestur. Þar er um að ræða sjö og hálf árs frest, sem er reyndar einnig of langur tími. Lágmarkskrafa er að samræmis sé gætt í lagasetningunni og að í stað tíu ára frests komi sjö ára frestur. Sjö ára frestur er hins vegar of langur og lítt skiljanlegur. Hér má vísa til þjóðmálaumræðunnar að undanförunu um Fljótsdalsvirkjun. Sú framkvæmd fékk framkvæmdaleyfi 1991 eða fyrir níu árum og árið 2002 verða sjö og hálf ár liðin frá gildistöku laga nr. 63/1993. Á enn skemmri tíma hefur heilmikið gerst í umhverfis- og náttúruverndarmálum í landinu, jafnt á stjórnsýslustigi sem og er varðar afstöðu almennings til náttúruverndar. Ennfremur hefur þekking manna á náttúruvafarslegum þáttum aukist jafnt og þétt. Áratugur er ekki langur tími þegar hugað er að breytingum sem óhjákvæmilega eiga sér stað í gerð og eðli samfélagsmála af því tagi sem hér um ræðir.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Frestur til 7,5-10 ára til að meta hugsanlega á ný umhverfisáhrif framkvæmda er einnig mjög vafasamur þegar horft er til þess að ferli í náttúrunni, sem oft eru óræð, kunna að taka mjög skamman tíma enda þótt afleiðingarnar geti verið afar umfangsmiklar. Fimm ár eru t.d. ekki langur tími þegar horft er til sveiflna í lífríki Mývatns. Það kann einnig að taka mun skemmri tíma en fimm ár fyrir svæði með viðkvæma gróðurhulu að verða að alvarlegu rofasvæði með rýran jarðveg.

Frestur til 7,5-10 ára er auk þess of langur með hliðsjón af tækniþróun á iðnaðar- og mannvirkjasviðinu sem oft er ekki tengjast einnig kostnaðarhlið framkvæmda. Hér má t.d. benda á að fyrir einungis sex til sjö árum voru jarðstrengir með 11 KV spennu afar fágætir héraendis, einkum vegna mikils stofnkostnaðar, en frá 1993-1994 skipta vegalengdir slíkra jarðstrengja nú orðið hundruðum kílómetra og er það rakið m.a. til mikillar kostnaðarlækkunar á kopar. Fyrir aðeins fimm árum var ekki um neinn jarðstreng að ræða með 33 KV spennu, en nú teygja þeir sig um 100 km vegalengd í jörðu niðri (sá lengsti einstaki yfir Óxarfjarðarheiði, ca. 54 km). Kostnaður við lagningu jarðstrengja með 11 og 33 KV spennu hefur einnig lækkað nokkuð á síðustu árum vegna hagkvæmari tækni við að plægja strengina niður. Svipuð þróun virðist eiga við um lagningu jarðstrengja með 66 KV og 133 KV. Fyrir fimm árum var engin jarðstrengur með 66 KV spennu en nú eru þeir liðlega 60 km og fyrir aðeins tveimur árum voru engir jarðstrengir með 133 KV spennu, en nú liggja um 30 km í jörðu (sá lengsti einstaki er um 15 km langur, Nesjavallalína 3 um Mosfellssveit).

Í ljósi framangreindra atriða leggja Náttúruverndarsamtökin til að ekki skuli líða lengri tími en fjögur ár frá úrskurði Skipulagsstofnunar og endurupptöku mats á umhverfisáhrifum hafi framkvæmd ekki hafist fyrr. Fjögur árin falla auk þess að lengd kjörtímabils hinn tveggja megin stjórnarsýslustiga í landinu, þ.e. Alþingis og sveitarstjórna. Slíkt samræmi er eðlilegt í ljósi þess að stefnubreytingar í umhverfismálum kunna vel að fylgja breytingum í kjölfar kosninga á stjórnarsýslustigunum tveimur. Fjögur árin eru jafnframt betri nálgun en 7,5-10 ár að tímafresti þeim sem gildir um framkvæmdaleyfi samkvæmt 3. mgr., 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þ.e. að framkvæmdaleyfi fellur úr gildi eftir 1 ár.

Náttúruverndarsamtökin leggja auk þess til að eftir að fjögurra ára fresturinn er liðinn þá falli úrskurður Skipulagsstofnunar sjálfkrafa úr gildi án nokkurs mats af hálfu stofnunarinnar á því hvort framkvæmd skuli á ný sæta mati á umhverfisáhrifum. Hafi framkvæmandi hug á að ráðast í framkvæmdina að loknum fresti ber honum að tilkynna það Skipulagsstofnun, sem tekur ákvörðun um framhaldið í samræmi við ákvæði laga þessara.

**Náttúruverndarráð:**

11. gr.

Lagt er til að tímamörk í síðustu setningu síðustu málsgreinar verði fimm ár í stað 10.

**Liffræðistofnun Háskóla Íslands:**

11. gr.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

BÆTA ORÐINU "neikvæðra" Á MILLI "umtalsverðra" OG "umhverfisáhrifa" Í C. LIÐ  
2. MÁLSGREIN.

BREYTA "tíu" Í "fimm" Í NÆSTSÍÐUSTU LÍNU.

Það virðist alger óþarfi að hafa þennan frest svona langan sérstaklega í ljósi þess að  
Skipulagsstofnun hlýtur að skoða í hverju tilfalli hvort fyrri matskýrsla geti gilt áfram en  
ella byggja ákvörðun um endurmat á gildum rökum.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

12. gr.

***Málskot.***

Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.

**Skipulagsstofnun:**

12. gr. Málskot

Skipulagsstofnun telur að í 2. mgr. 12. gr. skuli tekið fram að ákvörðun Skipulagsstofnunar megi kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá opinberri tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar til áréttingar um að kærufrestur hefjist við opinbera birtingu auglýsingar um niðurstöðuna.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillgaga á 12. gr:

„12. gr.  
*Málskot.*

Ágreiningi um framkvæmd laga þessara má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd, sem tilgreind er í 2. viðauka **og fyrirhuguð er utan verndarsvæða**, sbr. 6. gr. laganna, sé matsskyld má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

Úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 11. gr. má kæra til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann var birtur og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga, og skal hún vera skrifleg.

Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.”

**Greinargerð:**

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Til samræmis við tillögur samtakanna í 6. gr. um að framkvæmdir sem tíundaðar eru í 2. viðauka og fyrirhugðar eru á verndarsvæðum skuli ávallt sæta mati á umhverfisáhrifum þá leggja samtökin til að ekki verði heimilt að kæra ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda til ráðherra.

**Náttúruverndarráð:**

12. gr.

Umræður voru um hvort málskot eigi frekar heima hjá stjórnskipaðri úrskurðarnefnd en hjá ráðherra, sbr. skipulags- og byggingarlög. Vísað er til bráðabirgðaákvæðis III um þetta efni.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

13. gr.

*Úrskurður ráðherra.*

Umhverfissráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 12. gr. innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rann út.

Umhverfissráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út. Um úrskurð ráðherra gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi.

**Landgræðsla ríkisins:**

Við 2. mgr. er gerð sama athugasemd og við 10. gr.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

Breytingartillga á 13. gr:

„13. gr.

*Úrskurður ráðherra.*

Umhverfissráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 2. mgr. 12. gr. innan fjögurra vikna frá því að kærufrestur rann út.

Umhverfissráðherra skal kveða upp rökstuddan úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út. Um úrskurð ráðherra gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á. Áður en ráðherra kveður upp úrskurð vegna kæru skv. 3. mgr. 12. gr. skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda, **Náttúruverndarráðs** og annarra aðila eftir því sem við á, og einnig skal kærendum veitt tækifæri til að svara umsögnum umsagnaraðila.

Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi.”

**Greinargerð:**

Eðlilegt og skynsamlegt að ráðherra leiti álit Náttúruverndarráðs í kærumálum. Til greina kemur einnig að setja á fót sérstaka, faglega kærunefnd ráðherra til fulltingis sem skipuð er sérfræðingum á nokkrum sviðum, m.a. jarðfræði, líffræði, mengunarfræði, landslagsfræði, verkfræði, hagfræði. Líta ber á framangreinda tvo aðila sem óháða, faglega ráðgjafa og er mikilvægt fyrir ráðherra að styðjast við álit þeirra ásamt áliti þess sem er kærður, þ.e. Skipulagsstofnun, og álit þeirra sem eiga beinna hagsmuna að gæta í deilumálinu.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Skipulagsstofnun, framkvæmenda, leyfisveitendum og öðrum aðilum er veittur lögbundinn réttur til að kom að athugasemdum í kæru. Sama ætti að gilda um kærendur, þ.e. að þeim sé veittur réttur til að svara umsögnum framangreindra aðila áður en ráðherra kveður upp úrskurð, enda virðist þetta tíðkast hjá umhverfisráðuneytinu í verki. Sjálfsagt er þó að binda slíkt verklag í lög.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

*Ábyrgð framkvæmdaraðila og kostnaður við mat á umhverfisáhrifum.*

Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdaraðili ber kostnað af mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og af auglýsingum og kynningu á henni.

Umhverfisráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar gjaldskrá vegna kostnaðar stofnunarinnar við framkvæmd laganna varðandi mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Liklega þarf að kveða nánar á um kostnað af matinu. Framkvæmdaaðili sjálfur ber kostnað af vinnu þeirri við mat, sem hann kaupir að eða stendur að. Skipulagsstofnun ber mismikinn kostnað, eftir eðli og umfangi matsins, og þarf að líta til þess við gerð gjaldskrár (2. mgr.). Einnig bera aðrir lögboðnir umsagnaraðilar kostnað af umsögnunum sínum, sem þeir verða að fá bættan. Loks þarf Skipulagsstofnun að geta kallað sérfróða aðila til umsagnar og faglegrar aðstoðar, því að hún sjálf er í mörgum tilfellum eðlilega ekki fær um að leggja faglegt mat á hvert atriði matsskýrslu eða forsendur hennar. Það er nauðsyn, til þess að stofnunin geti gegnt hæutverki sínu, samkvæmt lögum. Þessir aðilar verða að fá að fulla greiddan kostnað sinn. Eðlilegt er, að framkvæmdaraðili standi straum af þessum kostnaði öllum, en þá þarf hann líka að hafa málskotsrétt til ráðherra um tilkvadda aðila. Afgreiðslu matsins seinkar að sama skapi, þ.e. tilskildir frestir hefjast ekki, fyrr en skorið hefur verið úr slíkum ágreiningi, ef upp kemur.

**Hollustuvernd ríkisins:**

14. gr. Hollustuvernd ríkisins bendir á að fagstofnanir og leyfisveitendur bera umtalsverðan kostnað vegna umsagna og hafa oft á tíðum ekki tök á að kynna sér framkvæmdir eða staðhætti ítarlega. Ekki hafa komið fram auknar fjárveitingar til þessara stofnana á undanförunum árum né gjaldtökuheimildir til að standa undir þessu. Til þess að markmið laganna náist er mikilvægt að faglegir umsagnaraðilar hafi aðstöðu til að kynna sér framkvæmdir, staðhætti og annað ítarefni. Stofnunin telur að umsögnin sjálf falli innan skilgreinds hlutverks sem greitt er með opinberum fjárframlögum en finna verður lausn á því hvernig mæta eigi öðrum útlögðum kostnaði.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Skipulagsstofnun:**

**14. gr. Kostnaður**

Skipulagsstofnun telur að taka verði fram að framkvæmdaraðili beri einnig kostnað af gerð matsáætlunar skv. 8. gr. auk mats á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur einnig að taka þurfi fram að kostnaður Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdar laga um mat á umhverfisáhrifum, sem ekki greiðist af framkvæmdaraðila, greiðist úr ríkissjóði. Á það m. a. við um kostnað sem hlýst af ákvörðunum um matsskyldu, umsögnum um kærur skv. 13. gr., umfjöllun um drög að reglugerð skv. 19. gr. og almennri ráðgjöf.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

Eitt meginskilyrði þess að lögin ná tilætluðum árangri er að Skipulagsstofnun sé gert kleyft að starfa eftir þeim af fullum metnaði og fagmennsku. T.d. verður að gera ráð fyrir því að stofnunin þurfi oft að leita sérfræðialita um tiltekin atriði í matsskýrslu. Kveða verður sérstaklega á um slíkan sérfræðikostnað og hver skuli bera hann.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Fyrir hefur komið að Skipulagsstofnun þarf að leita eftir sérfræðialiti á matsskýrslu frá öðrum en lögbundnum umsagnaraðilum. Fram þarf að koma hver greiða skuli fyrir slík sérfræðialit, Skipulagsstofnun eða framkvæmdaraðili.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

15. gr.

***Skipulagsáætlunir og starfsleyfi.***

Um umfjöllun í skipulagsáætlun um mat á umhverfisáhrifum og matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð.

Þegar um starfsleyfissskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem jafnframt er matsskyld samkvæmt lögum þessum er framkvæmdar- aðila heimilt að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Í 1. mgr. er vísað í skipulags og byggingalög og einnig í skipulagsreglugerð. Til samræmis ætti því í 2. mgr. að vísa í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (nr. 785/1999), eða sleppa í báðum málsgreinum tilvísunum í reglugerðir til að gæta samræmis í texta.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Matsáætlun þá, sem getið er í 2. mgr., þarf væntanlega eftir sem áður að vinna í samráði við Skipulagsstofnun (sjá 8. gr.), en það þarf að koma skýrt fram.

**Aðalheiður Jóh.:**

Vegna tengsla við starfsleyfisgerð, einkum samkvæmt lögum nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þá þarf e.t.v. að athuga betur tilskipun 91/61/EB (IPPC) og þá möguleika sem settir eru þar fram vegna samkeyrslu auglýsinga um starfsleyfistillögur og mat á umhverfisáhrifum. Hafa þarf samráð við Hollustuvernd ríkisins um þetta atriði. Hugsanlega þarf að orða betur 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins, t.d. að gera ráð fyrir því að hægt sé að víkja frá ákvæðum 10. gr. varðandi fresti o.þ.h. ef um samkeyrslu starfsleyfis og mats á umhverfisáhrifum er að ræða. Hér er sennilega ekki um mörg mál að ræða og e.t.v. hægt að hafa undanþáguheimild í greininni sem yrði útfærð í reglugerð.

**Hollustuvernd ríkisins:**

2. mgr. 15. gr. Hollustuvernd ríkisins lýsir yfir stuðningi við þessa grein. Að fenginni reynslu af tengslum milli vinnu við undirbúning starfsleyfa og mat á umhverfisáhrifum telur stofnunin rétt að tekið sé á þeim í lagatexta.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruvernd ríkisins:**

15. gr. Mati á umhverfisáhrifum er ætlað að sýna fram á hver verða umhverfisáhrif af ákveðinni framkvæmd. Þetta leiðir til þess að starfsleyfi hljóta að þurfa að taka mið af úrskurði matsins. Þessa grein þarf því að skýra betur. Vissulega er hægt að hefja vinnu að starfsleyfi fyrir þekkta þætti. Hins vegar geta aðstæður verið þannig að gera verði auknar kröfur þegar niðurstöður mats á umhverfisáhrifum liggja fyrir. Niðurstöður matsins eiga að leggja grunn að starfsleyfi.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Í 2. mgr. 15. gr. frv. er kveðið á um að vinna megi matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þegar það á við þannig að á sama tíma verði unnið að gerð matsskýrslu og starfsleyfis. Eðli máls samkvæmt þurfa starfsleyfi að taka fullt tillit til niðurstöðu úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Nauðsynlegt þykir að kveða skýrt á um að svo skuli gert þannig að ekki fari á milli mála að hér sé ekki um alveg samhliða ferla að ræða.

**Skipulagsstofnun:**

15. gr. Skipulagsáætlanir og starfsleyfi

Skipulagsstofnun telur að í 2. mgr. 15. gr. skuli sleppt tilvísun í framkvæmdaraðila og samþykki Skipulagsstofnunar. Slikt sé óþarfi þar sem í 8. gr. komi fram hverjir vinni matsáætlun. Ákvæðið hljóði þá þannig: "...sem jafnframt er matsskyld skv. lögum þessum er heimilt að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi".

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

16. gr.

*Leyfi til framkvæmda.*

Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir matskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrir en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir og skal leyfisveitandi taka tillit til hans.

**Aðalheiður Jóh.:**

Ég minni á það sem ég hef áður sagt varðandi úrræði eða öllu heldur vöntun á úrræðum í frumvarpinu, til þess að fá inn í kerfið mál sem varða mat á umhverfisáhrifum ef framkvæmdaraðili telur að ekki eigi að meta áhrifin. Ég legg til að einhverjum raunhæfum úrræðum verði bætt við frumvarpið, t.d. í upphafi 16. gr.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Í athugasemd við 16. gr. í greinargerð frumvarpsins segir að greinin sé efnislega samhljóða sambærilegu ákvæði gildandi laga. Í 13. gr. gildandi laga um mat á umhverfisáhrifum segir að leyfisveitandi skuli "taka fullt tillit" til úrskurðar. Í 16. gr. frumvarpsins segir hins vegar að leyfisveitandi skuli "taka tillit" til hans. Nýja ákvæðið er ekki efnislega samhljóða því gamla að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands og mun veikara. Lagt er til að gamla ákvæðið standi óbreytt.

**Skipulagsstofnun:**

16. gr. Leyfi til framkvæmda

Skipulagsstofnun telur ekki nægilega skýrt af orðalagi 16. gr. að fullt samræmi skuli vera milli niðurstöðu úrskurða um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og framkvæmdaleyfis. Stofnunin leggur til að ákvæðið hljóði svo: "Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir matskyldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir fyrir en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Leyfi skulu vera í samræmi við niðurstöður úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum."

Skipulagsstofnun vekur athygli á að það er almennt talið skilvirkara við mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdir séu metnar snemma í hönnunarferlinu, áður en endanleg hönnun þeirra liggur fyrir. Þessvegna getur, eins og vikið er að í 11. gr., hönnun framkvæmdar tekið breytingum eftir að úrskurður um mat á umhverfisáhrifum er kveðinn upp. Komi upp við veitingu leyfa spurning um túlkun niðurstöðu úrskurðar m.t.t. endanlegrar hönnunar framkvæmdar eins og hún liggur fyrir við leyfisumsókn getur leyfisveitandi leitað umsagnar úrskurðaraðila um samræmi leyfis til framkvæmda við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. hvort endanleg hönnun teljist svo frábrugðin þeim upplýsingum um framkvæmd sem niðurstaða um mat á umhverfisáhrifum byggði á að grundvöllur niðurstöðunnar teljist brostinn og þörf sé á nýju mati.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

17. gr.

*Eftirlit með framkvæmd.*

Leyfisveitendur hafa eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og fer um eftirlitið samkvæmt hlutað-eigandi lögum.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Þessi grein hefur í ýmsum atriðum brigið og margrætt yfirbragð. Hverjir eru t.d. umræddir leyfisveitendur, eða geta verið það? Auðsætt er, að skipulags- og byggingaryfirvöld eru í þeim hópi og muni hafa lögboðið eftirlit með framkvæmd, en hvernig eru erindrekar þeirra í stakk búnir til að hafa eftirlit með samræmi milli framkvæmdar og úrskurðar Skipulagsstofnunar? Aðrir eftirlitsaðilar eru t.d. Náttúruvernd ríkisins, sem þó er ekki í öllum tilvikum leyfisveitandi sem slíkur, iðnaðarráðherra, sem veitir leyfi til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu, en Orkustofnun fer með eftirlit af hans hálfu, o.s.frv. Hér gæti þurft að kveða nánar á um eftirlitsaðila og framkvæmd eftirlitsins með eftirfylgd úrskurðar Skipulagsstofnunar.

**Aðalheiður Jóh.:**

Ég legg til að greinin hljóði svo: Eftirlitsaðilar samkvæmt lögum hafa eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við viðkomandi leyfi, mat á umhverfisáhrifum eða úrskurð umhverfisráðherra þegar það á við. Ef enginn eftirlitsaðili ber á formlegan hátt ábyrð á eftirlitinu er það á ábyrð þess sem veitir endanlegt leyfi til framkvæmda eða þess sem gefur út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulags- og byggingarlög.

Ég tel að ekki sé hægt að fullyrða að allir leyfisveitendur beri einnig ábyrgð á eftirliti og að sú staða geti verið uppi að leyfisveitandi, t.d. ráðuneyti eða landeigandi, hafi í raun engin slík úrræði samkvæmt lögum. Þess vegna er ofangreind breyting lögð til.

**Hollustuvernd ríkisins:**

17. gr. Hollustuvernd ríkisins vekur athygli á samspili 4. og 17. gr. og telur að skýra verði betur eftirlitshlutverk Skipulagsstofnunar. Sú staða hefur komið upp að í úrskurði hafa verið atriði sem lúta ekki beint að framkvæmdar- eða starfsleyfum, t.d. ákvæði um mótvægisáðgerðir. Skýrt verður að kveða um hver sinni eftirliti með úrskurði í þeim tilfellum.



*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

**Náttúruvernd ríkisins:**

Í 17. gr. frumvarpsins segir að leyfisveitendur hafi eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og fari um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.

Eitt af þeim vandamálum sem hefur fylgt núverandi lögum er að ekki er neinn ákveðinn aðili sem sér um að fylgja eftir úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Það að leyfisveitendur hafi eftirlit með framkvæmdinni leysir að mati Náttúruverndar ríkisins ekki allan vandann. Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum skal sveitarstjórn gefa út framkvæmdaleyfi fyrir meiri háttar framkvæmdir. Því ber að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir þær framkvæmdir sem fallist er á í mati á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins telur vafasamt hvort að t.d. lítil sveitarfélög hafi burði til þess að framfylgja því að farið sé eftir úrskurðum skipulagsstjóra eða umhverfisráðherra. Einnig er í sumum tilfellum leyfisveitandi jafnframt framkvæmdaraðili eða hefur hagsmuna að gæta, t.d. þegar sveitarfélög eru meðeigendur. Náttúruvernd ríkisins telur því nauðsynlegt að hlutlaus aðili framfylgi því að farið sé eftir úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdina má útfæra á ýmsan hátt.

Náttúruvernd ríkisins bendir einnig á að í sumum tilfellum gefur fleiri en eitt sveitarfélag út framkvæmdaleyfi og vantar þá aðila sem hefur heildaryfirsýn yfir framkvæmdina. Þá getur verið óljóst hver veitir framkvæmdaleyfi t.d. varðandi endurheimt votlendis.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum er að finna sektarákvæði, sbr. 16. gr. laganna. Náttúruvernd ríkisins telur æskilegt að í endurskoðuðum lögum verði sektarákvæði og heimild til að stöðva framkvæmdir sé ekki farið að úrskurði.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

18. gr.

***Mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri.***

Ef líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ber Skipulagsstofnun að senda því ríki lýsingu á framkvæmdinni ásamt tiltækum upplýsingum um hugsanleg áhrif hennar yfir landamæri. Skipulagsstofnun getur krafist þess að framkvæmdaraðili taki saman upplýsingar um hugsanleg áhrif í viðkomandi ríki á tungumáli þess.

Þegar líklegt þykir að framkvæmd hér á landi muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gefa því tækifæri til að fjalla um málið.

**Landvernd:**

18. gr. er fjallað um umhverfisáhrif yfir landamæri. Þar segir m.a. að þegar líklegt þyki að framkvæmdir hér á landi muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal því gefið tækifæri til að fjalla um málið. Það virðist eðlilegt að tengja þetta ákvæði einnig við Færeyjar og Grænland þar sem þessi tvö lönd eru næstu grannar Íslands en eru hvorki aðilar að ESB né inna Evrópska efnahagssvæðisins. Landvernd leggur því til að ákvæði 18 gr. taki mið af ESPO-samningum sem Ísland mun væntanlega gerast aðili að innan tíðar og með því væri staða Færeyja og Grænlands væntanlega tryggð.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

19. gr.

***Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.***

Umhverfisráðherra setur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, reglugerð á grundvelli laga þessara.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Reglugerðir eru yfirleitt settar um EITTHVAÐ tiltekið efni og ÁVALLT á grundvelli laga. Um HVAD á þessi reglugerð að fjalla? Væntanlega um matsferlið (5. – 11. gr.), þar eð efni annarra greina virðist ekki reglugerðar þurfi. Þetta þarf að koma fram í greininni.

**Aðalheiður Jóh.:**

Ég legg til að reglugerðarheimildin verði gerð skýrari og talið upp hvað það er sem á að setja í reglugerð samkvæmt lögnum.

**Hollustuvernd ríkisins:**

19. gr. Hollustuvernd ríkisins bendir á að þótt frumvarpið sé ítarlegt eru mörg atriði sem þarfnast ítarlegri útfærslu í reglugerð. Þar á meðal má nefna atriði varðandi, tímamörk og aðkomu leyfisveitenda og annarra við gerð matsáætlunarinnar.

**Landgræðsla ríkisins:**

19. gr. Þar sem um veigamiklar breytingar á eldri lögum er að ræða og reglugerð nr. 179/1994 tekur mið af eldri lögum þykir Landgræðslunni rétt að tímamörk að hámarki 6 mánuðir frá samþykkt laganna verði sett á útgáfu reglugerðar. Raunar má færa fyrir því rök að skemmri tími skuli líða því nefnd reglugerð fellur eðlilega úr gildi þegar þau lög og lagaákvæði sem hún byggir á eru numin úr gildi.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

20. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63 21. maí 1993, ásamt síðari breytingum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Náttúruvernd ríkisins bendir á að í lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum er að finna sektarákvæði, sbr. 16.gr. laganna. Náttúruvernd ríkisins telur æskilegt að í endurskoðuðum lögum verði sektarákvæði og heimild til að stöðva framkvæmdir sé ekki farið að úrskurði

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.

Ágreiningur um hvort framkvæmd sé hafin samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða á undir úrskurð umhverfisráðherra.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði I verði fellt niður.

Framkvæmdaleyfi sem gefin voru út fyrir 1. maí 1994 eru að verða sex ára gömul. Eðlilegt hlýtur að teljast að þær framkvæmdir fari í mat samkvæmt lögum þessum, séu framkvæmdir ekki hafnar. Umhverfisáhrif þessara framkvæmda hafa ekki verið metin samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Alger þarfleysa er að framlengja frest þeirra, sem enn hafa ekki nýtt sér ómatstekin framkvæmdaleyfi á grundvelli sambærilegs undanþáguákvæðis í lögnum frá 1993.

Sex ár eru að verða liðin frá settum tímamörkum og sjö ár frá útgáfu laganna. Ákvæði þetta hefur væntanlega verið sett á sínum tíma til að tefja ekki yfirvofandi framkvæmdir. Hafi ekki verið bráðari þörf á þessari undanþágu en svo í sumum tilvikum, að framkvæmdir séu ekki enn hafnar, þá hefði á þessum síðanliðna tíma verið hægt að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda, a.m.k. tvisvar eða þrisvar. Undanþáguákvæði þetta hefur þá verið óþarft á sínum tíma, hvað þær varðaði. Ber því að fella þetta ákvæði niður.

**Aðalheiður Jóh.:**

Hvað sem öðru líður þá munu fáir ef nokkrir lögfræðingar telja dagsetninguna 1. maí 1994 standast EES-rétt. Rétt er a.m.k. að breyta þessu með þeim hætti að miðað verði við 1. janúar 1994. Jafnframt legg ég til að sett verði nokkur viðmið inn í ákvæðið svo að umhverfisráðherra hafi eitthvað til þess að styjast við þegar hann tekur ákvarðanir sínar. Dæmi um slík viðmið eru t.d. atriði eins og hvort sýnilegur undirbúningur sé hafinn, hversu langt fjármögnun sé komin, hvort það liggi fyrir samþykktir upprættir o.s.frv. Með því að setja inn í ákvæðið einhver viðmið er einnig frekar komið í veg fyrir mismunun í afgreiðslum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Náttúruvernd ríkisins leggur til að ákvæði I til bráðabirgða verði fellt út enda u.þ.b. sex ár síðan lögin um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Hlýtur það að teljast nægur aðlögunartími fyrir framkvæmdaraðila.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að þetta ákvæði verði fellt brott með vísun til þess að sex ár eru liðin frá því að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Viðhorf eru mikið breytt til umhverfismála og kröfur meiri nú en þegar leyfi voru áður veitt fyrir framkvæmdum. Erfitt er að finna rök fyrir því að meira en sex ára gömul leyfi skuli standa óhöggud þegar viðkomandi leyfishafar hafa ekki séð ástæðu síðustu árin til að ráðast í framkvæmdir. Í athugasemd við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu eru engin rök sett fram fyrir undanþágunni, aðeins sagt að "hæfilegt" þyki að fresturinn verði sjö og hálf ár í stað sex ára!

**Skipulagsstofnun:**

Skipulagsstofnun telur að skýrt þurfi að vera hvers konar leyfi þurfi að liggja fyrir til að framkvæmdir séu undanþegnar ákvæðum laganna, hafi þær leyfi útgefið fyrir 1. maí 1994. Lagt er til að vísað verði í skilgreiningu 3. greinar á leyfi til framkvæmda.

**Náttúruverndarsamtökin:**

Breytingartillaga við bráðabirgðaákvæði I:

Náttúruverndarsamtökin telja ljóst að verulegir annmarkar séu á bráðabirgðaákvæði I í lagafrumvarpi þessu og leggja samtökin því eindregið til að bráðabirgðaákvæði nr. I verði fellt niður. Verði bráðabirgðaákvæði I samþykkt óbreytt að lögum má fullvíst telja að Náttúruverndarsamtök Íslands muni umsvifalaust kæra íslensk stjórnvöld til Eftirlitsstofnunar EFTA á mjög svipuðum forsendum og lágu til grundvallar kæru samtakanna s.l. haust.

Greinargerð:

Ákvæði nr. I til bráðabirgða tekur til tímafrests á framkvæmdum sem hafa leyfi sem gefið var út fyrir 1. maí 1994. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu (bls. 27) segir:

*„Þykir hæfilegt að frestinum ljúki 31. desember 2002 og hefur þá fengist rúmlega sjö og hálf árs aðlögunarfrestur.“*

Hvergi kemur fram rökstuðningur af hálfu höfundu lagafrumvarpsins af hverju sjö og hálf ár þykir hæfilegur frestur og er ekki annað að sjá en að talan sé gripin úr lausu lofti. Hér má einnig benda á að 31. desember árið 2002 verða níu og hálf ár liðin frá gildistöku laga nr. 63/1993 og er yrði þá aðlögunarfrestur orðinn níu hálf ár en ekki sjö og hálf ár eins og haldið er fram í athugasemdum við lagafrumvarpið (bls. 27).

Náttúruverndarsamtökunum þykir sjö og hálf árs frestur allt of langur, hvað þá heldur níu og hálf ár, og rökstyðja það með sama hætti og gert er hér að framan varðandi 7. mgr. í 11. gr, þ.e. að fjögurra ára frestur sé hæfilegur m.t.t. náttúrufarslegra atriða, atriða sem snerta tækniþróun á sviði mannvirkjagerðar og lengd kjörtímabila á Alþingi og á sveitarstjórnarstiginu. Samkvæmt síðastnefnda þá fellur bráðabirgðaákvæði nr. I um sjálft

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

sig þar eð meira en fjögur ár eru liðin frá 1. maí 1994. Að mati Náttúruverndarsamtakanna er því engin þörf á bráðabirgðaákvæði I.

**Náttúruverndarráð:**

Varðandi ákvæði I voru ýmis sjónarmið reifuð.

Að ákvæðið gæti staðið óbreytt, þrengja yrði tímamörk um a.m.k. eitt ár, þrengja ætti tímamörk um tvö ár, annar kostur væri að sleppa ákvæðinu úr frumvarpinu. Almennt var hafður sá varnagli á að hér væri ekki um að ræða leyfi fyrir stækkunum á virkjunum eða nýframkvæmdum sem kölluðu á gerð vatnsmiðlana sem eiga að fara í umhverfismat samkvæmt núgildandi lögum og falla undir frumvarp það, sem er til umsagnar nú.

Varðandi síðari málsgrein ákvæðis I, komu fram athugasemdir um hvort ágreiningur um framkvæmd ætti frekar að heyra undir Skipulagsstofnun en umhverfisráðherra.

Bent er á að í áliti stjórnskipaðrar nefndar um endurskoðun á núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum kom fram ákvæði til bráðabirgða um umhverfisáhrif efnistöku. Lagt er til að það sé skoðað vandlega hvort umrædd ákvæði eigi að haldast inni í frumvarpinu en ákvæðið er svohljóðandi:

Umhverfisáhrif efnistöku sem matskyld er samkvæmt lögum þessum og fer fram við gildistöku laganna skulu metin innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara og ný leyfi gefin út í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Fer um framkvæmd mats samkvæmt lögum þessum.

**Liffræðistofnun Háskóla Íslands:**

GREIN I.: "2002" VERÐI "2001".

Greinargerð með breytingartillögum: Erfitt er að sjá rök fyrir því að framlengja mikið þann riflega frest sem framkvæmdaraðilar hafa þegar fengið. Slík aðferð býður heim illvígum deilum eins og dæmin sanna.

**Umhverfisverndarsamtök Íslands:**

USVÍ hafa ekki séð röksemdir sem réttlætt geta þetta ákvæði óbreytt. Úr því höfundar frv. telja það "ósættanlegt og nauðsynlegt", sbr. athugasemdir með ákvæðinu, að kveða á um tímamark sem framkvæmdaleyfi útg. fyrir 1.maí 1994 skulu falla úr gildi, er eðlilegast að öll slík leyfi falli úr gildi þegar við gildistöku hinna nýju laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati USVÍ hafa viðtakendur slíkra leyfa engan lögvarðan rétt á að fá frest til ársloka 2002, eins og nú segir í ákvæðinu.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Orkustofnun:**

Samkvæmt 36.gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (57/1998) halda leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku --- laganna, gildi sínu. Þar er talað um veitt leyfi, en þess ekki krafist að framkvæmdir séu hafnar. Efnistaka landeiganda á eignarlandi er (8. og 9.gr.) og hefur verið heimil án sérstaks leyfis. Svo virðist sem í ákvæðum til bráðabirgða skv. frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum felist þrenging fyrir leyfis- og vinnsluhafa frá ákvæðum laga nr. 57/1998. er hugsanlegt að ríkinu gæti verið sköpuð skaðabótarskylda ef umræddum ákvæðum til bráðabirgða yrði beitt á jarðefnanám?

**Landvernd:**

Í ákvæði til bráðabirgða er vísað til þess að framkvæmdir sem hafa leyfi sem útgefin eru fyrir 1.mái 1994 skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum séu þær hafnar fyrir árslok 2002. Í ljósi örra tækniframfara og breyttra viðhorfa er þessi langi frestur ekki skynsamlegur. Lagt er til að undantekningarákvæðið verði fellt niður þar sem nú eru 6 ár liðin frá núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum gengu í gildi og eðlilegur aðlögunartími því löngu liðinn. Í þessu sambandi er rétt að haffa í huga að ákvæði um málsmeðferð í 8.gr. og um matsskyldar framkvæmdir í 5.gr. veita verulegt svigrúm í málsmeðferð.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**II.**

Mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt eldri lögum.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Lagt er til að II ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Framkvæmdir sem tilkynntar hafa verið formlega til Skipulagsstofnunar við gildistöku þessara laga skal lokið samkvæmt eldri lögum.

Þetta tekur af öll tvímæli um hvenær mat á umhverfisáhrifum hefst. Það er ekki nóg að hafa byrjað á rannsóknunum sem tengjast matinu, heldur skal framkvæmdin hafa verið tilkynnt formlega til Skipulagsstofnunar.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Við greinina bætist: "...ef framkvæmd hefur verið tilkynnt formlega til Skipulagsstofnunar," þ.e. ef matsrannsóknunum og mattskýrslu er lokið og málið komið til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu og ákvörðunar. Þá er það komið inn í það opinbera afgreiðsluferli, sem lýst er í lögum þessum. Ef matið er enn á vinnslustigi er eðlilegt, að því stigi verði lokið í samræmi við hin nýju lög og málið svo afgreitt eftir þeim.

**Aðalheiður Jóh.:**

Þar sem menn hafa ekki alltaf athugasemdir við lagafrumvörp við hendina, og óljóst er hvaða erindi við er átt í ákvæðinu, legg ég til að við þetta ákvæði verði bætt ml. sem hljóði svo: Mat á umhverfisáhrifum telst hafið þegar mattskýrsla hefur verið send formlega til Skipulagsstofnunar í samræmi við 10. gr.

**Skipulagsstofnun:**

Skipulagsstofnun telur að ef niðurstaða úrskurðar í mati á umhverfisáhrifum skv. eldri lögum er að ráðist skuli í frekara mat skuli það fara fram skv. nýjum lögum, til að koma í veg fyrir að lengi sé starfað eftir eldri lögum, sem fallin eru úr gildi.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

III.

Umhverfisráðherra skal skipa nefnd sem kannar hvort ástæða sé til að sameina og samræma ákvörðunarferli mats, sbr. 11.-13. gr. laganna, við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir. Skal athugun þessari lokið innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

**Hið isienska náttúrufræðifélag:**

Leyfi geta verið með ýmsu móti: Leyfi skipulags- og byggingaryfirvalda, leyfi til nýtingar á auðlindum í jörðu, til raforkuvinnslu, fiskveiða o.s.frv. Lög eru um öll þessi leyfi og á því að vera hægt að telja þau hér upp, þó að opnum dyrum verði haldið með almennu ákvæði fyrir lögum þeim, sem síðar kunna að verða sett.

**Aðalheiður Jóh.:**

Orðalag þessa ákvæðis er í litlu samræmi við athugasemdirnar við það. Er ekki betra að segja að lögin skuli endurskoðuð innan tveggja ára, m.a. með það að markmiði að samræma löggjöf í Evrópu um sama efni ef það er það sem menn vilja gera.

**Umhverfisverndarsamtök Íslands:**

Í athugasemdum með þessu ákvæði segir að á hinum Norðurlöndunum sé þarna um eitt og sama ferlið að ræða (þ.e. matsferli og framkvæmdaleyfisferli), en einnig tekið fram að útgáfa framkvæmdaleyfis sé ýmist í höndum viðkomandi þjóðþings ("Alþingis"), ríkisstjórna eða einstakra stofnana. Það er skoðun USVÍ að þegar sömu stjórnsýslustofnanir fara með vald í málum sem snúa að mati á umhverfisáhrifum annars vegar og framkvæmdaleyfi hins vegar, eins og gerist hér á landi, sé varhugavert að þessi tvö ferli verði sameinuð í eitt.

**umhverfisráð Samorku:**

Samorka fagnar því að kanna skuli hvort unnt sé að sameina og samræma ákvörðunarferli mats við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir, sem mun án efa einfalda matsferlið til muna. Samorka væntir þess að verða þátttakendur í því starfi.

**Liffræðistofnun Háskóla Íslands:**

GREIN III: *Hér er kveðið á um mjög mikilvægt mál. Ég tel einnig brýnt að huga að því að hve miklu leyti athuganir í ætt við umhverfismat eiga við þegar stærri skipulagsferli eru í vinnslu. Slíkt format gæti í mörgum tilfellum auðveldað mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem síðar geta komið til.*

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Viðaukar - almennt:

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

*Almennt.*

Almenn athugasemd er, hvort ekki þurfi að kveða nánar á um stærðarmörk en gert er (t.d. í 1. viðauka, liðum 5, 12, 20 í og í 2. viðauka . liðum 1. a, b, c, 2. b, c, 3. c. – e., og jafnvel liðum 4. – 11.). Stærðarmörk í viðauka 2 eru í greinargerð sögð vera sett á þeim grunni að verið hafi "...gengið út frá því að almennt megi gera ráð fyrir að viðkomandi tegundir framkvæmda neðan stærðarmarkanna hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif." Þetta er mjög hæpin fullyrðing, enda munu engar viðhlítandi rannsóknir liggja að baki henni, en hún getur dregið illan dilk á eftir sér. Stærð eða umfang aðgerða er ekki eitt ákvarðandi um, hvort umhverfisáhrif verði umtalsverð eða ekki, þó að viss fylgni sé oft þar á milli. Magn og gæði fylgjast ekki alltaf að. Því er líklega í mörgum tilvikum ástæða til að hafa þessi stærðarmörk til muna lægri en lagt er til í frumvarpinu.

**Aðalheiður Jóh.:**

Mér hefur skilist m.a. á sérfræðingum að það séu þýðingavillur í sambærilegum viðaukum sem varða mengandi atvinnustarfsemi. Þess vegna kann að vera athugandi að skoða þýðingarnar mjög vel svo að villurnar haldi ekki áfram. Nóg er búið að vera um villur í EES-skjölum.

**Héraðsskógar:**

Alm. um viðauka. Einnig er erfitt að sjá fyrir sér að skógrækt verði flokkuð undir viðauka 1 og þá í flokki með t.d. kjarnorkuverum. Enginn getur talið að af skógrækt stafi slík ógn. Í frumvarpinu eru aðeins þessir tveir flokkar, það er viðauki 1 og viðauki 2. Erfitt er að staðsetja skógrækt í þessa flokka samkvæmt ofangreindu.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

1. viðauki.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

1. Oliuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smuroliur úr hráolíu) og mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksléir á dag.
2. i. Jarðvarmavirkjanir með varmaafli 25 MW eða meira að hráorku, þar með taldar vinnsluholur á hábitasvæðum og rannsóknarholur á hábitasvæðum sem hannaðar eru eins og vinnsluholur, eða 10 MW uppsett varmaafli eða meira.
  - ii. Önnur varmaorkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.
  - iii. Vatnsorkuvirkjanir með uppsett rafafli 10 MW eða meira.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 2 ii Lagt er til að allar vatnsorkuvirkjanir verði háðar mati á umhverfisáhrifum hvort sem uppsett rafafli verður meira eða minna en 10 MW. Minni virkjanir geta valdið verulegum umhverfisspjöllum og vandséð er hvers vegna þær skuli ekki fara í mat líkt og hinar stærri. Hafa þarf í huga að minni virkjunum mun áreiðanlega fjölga verulega á næstu árum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 2. iii Í framtíðinni má búast við að aukning verði í byggingu minni virkjana m.a. vegna breytinga á raforkulögum. Slikar virkjanir geta valdið umhverfisspjöllum engu síðar en vatnsorkuvirkjanir með uppsett rafafli 10 MW eða meira enda ráðast umhverfisáhrif virkjana að miklu leyti eftir því á hvaða svæðum þær eru reistar. Náttúruvernd ríkisins leggur því til að allar vatnsorkuvirkjanir undir 10 MW verði tilkynningaskyldar.

**Samorka:**

2. tölul. Í þessari grein er fjallað um jarðvarmavirkjanir. Hún er illskiljanleg og lítið gert til að lagfæra hana frá fyrri lögum þó svo vitað væri að vandamál hafi komið upp um túlkun hennar í núgildandi lögum. Enn er fjallað um afl og orku án þess að því er virðist skilningur sé fyrir hendi við hvað er átt. Verulegur munur er á því hvort fjallað er um afl eða orku.

Til dæmis er grein í 2.i í viðaukanum sagt: „Jarðvarmavirkjanir með varmaafli 25 MW eða meiri að hráorku“.

Í þessu tilfelli væri rétt að tala um *hráafli* en ekki hráorku.

Í grein 2.ii er sagt: „Önnur *varmaorkuver* með 10MW uppsett *rafafli* eða meira“..

Samorka leggur til að greinin hljóði á eftirfarandi hátt:

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

*Aðrar jarðgufuvirkjanir með 10 MW uppsett rafafli eða meira.*

**Orkustofnun:**

Liður 2. í 1. viðauka orðist þannig:

2. i. Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.

ii. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira.

Skýringar:

Eindregið er lagt til að í lagatexta verði frekar miðað við hugtakið "uppsett afl" en hugtakið "hráorka". Ekki er samstaða um hvaðaviðmiðunarhitastig skuli nota við ákvörðun á hrávarma og vegna þess getur hæglega komið upp ágreiningur um þröskuld, ef textinn miðast við hrávarma. Eðlilegt er að miða við sömu stærð raforkuvera, óháð því hvaða frumorkugjafi er nýttur við vinnslu raforku. Þess vegna er lagt til að í i-lið séu almenn stærðarmörk fyrir öll orkuver. Við mat á mörkum á uppsettu varmafli er tekið mið af orkuverum sem samnýta jarðhita til raforku- og varmavinnslu. Þar sem slíkar stöðvar eru reknar er hlutfallið á milli uppsetts rafafils og varmaafils 1:5 (Nesjavellir 60 MW rafafli og 300 MW varmaafi; Svartsengi 30 MW rafafli og 150 MW varmaafi í Orkuveri V). Efmörkin eru sett við 10 MW uppsett rafafli er samsvarandi uppsett varmaafi 50 MW því eðlileg hliðstæða. Ekki er ástæða til að vera með sérstök ákvæði um rannsóknarholur og/eða vinnsluholur í tengslum við jarðvarmaver frekar en að sérákvæði séu í 1. viðauka um fylgimannvirki vatnsorkuvirkjana, svo sem skurði, gögn, stíflur o.s.frv. Því er lagt til að ákvæði um borholur, sem kynnu að vera boraðar án beinna tengsla við ákveðið orkuver, færist úr 1. viðauka í 2. viðauka. Að auki má benda á að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (nr. 57/1998) taka á borholum í rannsóknarskyni. Í 5. gr. þeirra laga er fjallað um veitingu rannsóknarleyfis en þar segir í 3. mgr.: Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytis. Svipuð ákvæði eru um veitingu nýtingaleyfa en í 3. mgr. 6. gr. laganna segir: Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar. Í umsögn umhverfisráðuneytis getur því komið fram hvort ráðuneytið telji að fyrirhugaðar rannsóknar- og/eða vinnsluholur skuli sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka 2 í þessu frumvarpi (að gerðum þeim breytingum sem hér eru lagðar til).

**Náttúruverndarráð:**

2. tölul. Jarðvarmavirkjanir með varmaafi 25 MW eða meira að hráorku eða a.m.k. 10 MW uppsett rafafli, þar með taldar vinnsluholur á háhitasvæðum og rannsóknarholur sem hannaðar eru sem vinnsluholur.

3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnakleyf

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

efni og önnur geislaefni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknarstöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnakleyfum efnum og tímgunarefnum).

4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnakleyf efni eru endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnakleyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnakleyfra efna eða mjög geisla-virks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnakleyfum efnum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnakleyfum efnum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málmum.

**Samtök atvinnulífsins:**

5.tl. Samkvæmt 5.tl. í 1. viðauka eru allar verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbræðsla á málmum matsskyldar. Hugtakið verksmiðjua er hins vegar ekki skilgreint í frumvarpinu. Þetta þarf að skýra nánar.

6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn af full-unnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af full-unnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

6. liður verði: Stöðvar fyrir asbestnám.....

7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:

- i. lífrænt hráefni,
- ii. ólífrænt hráefni,
- iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
- iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða,
- v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,
- vi. sprengiefni.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 7 iv verði: grunnvörur til framleiðslu varnarefna gegn plöntusjúkdómum meindýrum og lífeyðar..

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

liður 7 v verði: hráefni til lyfjaframleiðslu með efnafræðilegum og .....

**Hollustuvernd ríkisins:**

liður 7.Orðalag frumvarpsins er ónákvæm þýðing á texta 6. tl 1. viðauka tilskipunar 97/11/EB. M.a. er í tilskipuninni fjallað um grunnefni (*basic chemicals*), ekki hráefni (*raw material*). Lagt er til að orðalagi tilskipunarinnar verði fylgt þar sem núverandi tilhögun í frumvarpinu leiðir til óvissu og til þess að ákveðin starfsemi verði ekki matsskyld sem ætti skv. tilskipun að falla undir gildissvið viðaukans.

8. Lagning járnbrauta.
9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 9. Samkvæmt núverandi lögum eru allir flugvellir matsskyldir. Í athugasemdum við frumvarpið segir að lagt sé til að miðað verði við stærðarmörk í tilskipun Evrópusambandsins, þ.e. 2.100 m langar flugbrautir. Þannig sé tryggt að stórir flugvellir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif fari í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins telur að ákvæði um matsskyldu flugvalla eigi að vera óbreytt frá núverandi lögum, þ.e. allir nýir flugvellir séu matsskyldir. Stofnunin bendir á að lengd flugbrauta á Íslandi er undir 2.100 m á öllum flugvöllum nema Keflavíkurflugvelli, sjá töflu hér að neðan. Því væri það aðeins einn flugvöllur á Íslandi sem væri háður mati á umhverfisáhrifum væri ráðist í byggingu þeirra nú.

Náttúruvernd ríkisins bendir einnig á að með því að hafa stærðarmörk á lengd flugbrauta til að ákvarða matsskyldu er verið að skapa hættu á því að byrjað verði á litlum flugvöllum sem eru undir mörkunum til að komast hjá mati á umhverfisáhrifum og flugbrautirnar lengdar síðar meir.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 9 verði: Flugvellir með uppbyggðum brautum

Flugvellir eru oft lagðir í mýrar eða leirur á Íslandi og því eiga þessi lengdarviðmið ekki við hér á landi

**Híð íslenska náttúrufræðifélag:**

"Flugvellir með uppbyggðar flugbrautir." Með því væru ýmsir smávellir á grasi eða mól undanskildir, en allir flugvellir / flugbrautir með verulegt jarðrask færu í mat

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 9 Lagt er til að ákvæði gildandi laga um matsskyldu flugvalla verði óbreytt enda hafa flugvellir mikil áhrif á landnotkun og umhverfi óháð lengd flugbrauta.

10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.
- ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Ekki kemur fram í greinargerð, hví 10 km eru valdir sem lágmarkslengd. Spjöll á umhverfi geta orðið mikil af miklu styttri vegarspottum. Til að undanskilja flestar heimreiðir og tengistykki milli vega, en ná til annarra, mætti setja mörkin við 1 km og taka mið af uppbyggðum eða ruddum vegum að auki, svo að skilgreind sé sú vegagerð, sem mestu jarðraski veldur.

Spjöll eru að lokum jafnmikil af vegum, sem byggðir eru í áföngum, og þeim sem byggðir eru í einu lagi. Því þurfa þessi ákvæði líka að ná til vega, sem samtals eru 1 km eða meira. Setja má á þá tímamark á grundvelli áætlunar, t.d. tíu ár, eða fjögur ár til samræmis við Vegaáætlun.

Hér kemur mjög til álita mat á framkvæmdaáætlun / foráætlun (sjá aths. við 8. gr.), þar sem mat verði lagt á þekkta þætti og atriði en kveðið á um þá þætti eða atriði, sem ekki er víska um á því stigi, en ákveðin verða, þegar að framkvæmd kemur með, og þá tekin til mats á viðeigandi hátt. Þetta lag kæmi þeim framkvæmdaáðilum mjög til góða, sem þurfa að gera langtímaáætlanir, en ráðast ekki strax í framkvæmdir. Eðlilega giltu endurskoðunarákvæði líka um svona mat eftir tilskilinn tíma.

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 10. Samkvæmt núgildandi lögum er lagning nýrra vega ávallt háð mati á umhverfisáhrifum. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að stofnbrautir í þéttbýli og nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri verði háðir mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt verði háð mati enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði (*hlýtur að eiga að vera lengd*).

Að mati Náttúruverndar ríkisins ætti ákvæðið að vera óbreytt frá núverandi lögum, þ.e. allir nýir vegir eru matsskyldir. Stofnunin bendir á að vegaframkvæmdir geta haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Skiptir þar ekki máli hversu langur vegkaflinn er heldur yfir hvers konar land fyrirhugaður vegur liggur. Mjög stuttur vegkafl getur t.d. valdið náttúru-spjöllum og eyðilagð merkar náttúruminjar og þannig haft mun neikvæðari umhverfisáhrif en langur vegkafl (jafnvel margir km) sem liggur um svæði sem ekki hefur sérstakt náttúruverndargildi. Vegna þessa er mikilvægt að fram fari mat á umhverfisáhrifum fyrir allar fyrir-



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

hugaðar vegaf framkvæmdir. Fram til þessa hefur Vegagerðin óskað eftir úrskurði umhverfisráðuneytis um það hvort tiltekin vegaf framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum ef um er að ræða veigalitlar breytingar á núverandi vegi og hægt er að sýna fram á að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í flestum tilfellum hefur úrskurður fallið á þann veg að ekki sé um matsskylda framkvæmd að ræða. Náttúruvernd ríkisins getur ekki tekið undir það að óvissa hafi ríkt um matsskyldu vega, sérstaklega utan þéttbýlis, eins og haldið er fram í athugasemdum við frumvarpið. Sé hægt að sýna fram á að vegaf framkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif er hún ekki matsskyld.

Náttúruvernd ríkisins bendir einnig á að sama hættu skapast hér og við lagningu flugvalla ef breytingarnar ganga í gegn, þ.e. að þeim vegaf framkvæmdum sem eru yfir 10 km verði skipt niður í búta sem eru innan við 10 km langir til að losna við að mat á umhverfisáhrifum vegagerðarinnar. Í töflu hér að neðan er yfirlit yfir lengd þeirra vegkafla sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum á árunum 1996-2000. Af þeim 34 framkvæmdum sem þar eru taldar upp eru aðeins 8 framkvæmdir þar sem lengd vegarkaflans fer yfir 10 km. Sú breyting á lögunum sem frumvarpið gerir ráð fyrir myndi því þýða að flest allar vegaf framkvæmdir á Íslandi væru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Því má bæta við að efnistaka er hluti af vegaf framkvæmdum og þarf töluvert af efni til þeirra flestra. Staðsetning og stærð efnistökusvæða skiptir ekki síður máli en staðsetning vegarins sjálfs, sem og frágangur að verki loknu. Þá getur heildarefnisþörf vegna vegaf framkvæmda verið yfir stærðarmörkum sem tilgreind eru í 5. gr. núgildandi laga þó hver náma um sig sé undir þeim mörkum.

Náttúruvernd ríkisins telur að ákvæði um matsskyldu vega eigi að vera óbreytt frá núgildandi lögum.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 10 ii. Verði: Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 3 km eða .....

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 10 Lagt er til að ákvæði gildandi laga um matsskyldu nýrra vega verði óbreytt. Vegagerð getur haft veruleg umhverfisáhrif í för með sér óháð lengd þess vegar sem verið er að leggja hverju sinni. Reynsla undanfarinna ára sýnir vel að komið hefur verið í veg fyrir margvísleg umhverfisspjöll með því að meta fyrirfram umhverfisáhrif vega sem aðeins hafa verið fáir km að lengd og færa þá til í landi. Lengd vega segir afskaplegalítið um þau spjöll sem vegagerð getur valdið, máli skiptir um hvaða land vegurinn fer.

**Ferðamálaráð Íslands:**

10.ii. Í tilskipun Evrópusambandsins, sem lagafrumvarpið tekur tillit til, eru vegaf framkvæmdir í, viðauka 1, sem fara eiga í mat, miðaðar við hraðbrautir annars vegar og hins vegar við nýja vegi sem eru byggðir með 4 akreinum og 10 km. eða lengri. Í frumvarpinu er miðað við alla vegi sem eru 10 km. eða lengri. Þessar kröfur eru því mun

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

strangari á Íslandi en í nágrannalöndum og samkeppnislöndum okkar. Þessi viðmiðun hefur það í för með sér að vegaf framkvæmdir við minni háttar vegi, eins og t.d. ferðamannavegi, verða dýrari hér á landi en í samkeppnislöndum okkar. Ferðaþjónustan er mjög háð vegum og vegaf framkvæmdum, ekki síst vegum, sem byggðir eru upp einkum með tilliti til ferðaþjónustu. Slíkir vegir eru sjaldnast þau fjögurra akreina mannvirki, sem skilgreind eru í tilskipun Evrópusambandsins. Hér virðist því verið að gera íslenskri ferðaþjónustu lífið erfiðara en efni standa til.

**Skipulagsstofnun:**

Skipulagsstofnun bendir á að í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að 5 km langir vegir utan þéttbýlis skyldu matsskyldir en í frumvarpinu er gert ráð fyrir matsskyldu 10 km langra vega utan þéttbýlis. Stofnunin leggur til að 5-10 km langra vega utan þéttbýlis verði getið í 2. viðauka, þannig að kanna þurfi skv. 6. gr. hvort þeir kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

10. liður, ii. Ekki kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarp þetta af hverju 10 km eru ákveðnir sem lágmarksviðmið (virðist vera tekið upp óbreytt úr tilskipun 97/11/EB, sem gengur ekki hér á landi). Ljóst er að umtalsvert jarðrask og sjónræn spjöll geta auðveldlega hlotist af mun styttri vegagerð en 10 km, eða vegna vegagerðar sem nær yfir svæði sem er minna en 10 km svæði. Mýmörg dæmi eru um þetta og er nærtækt að skoða úrskurði skipulagsstjóra ríkisins um vegaf framkvæmdir á undanförunum árum þessu til staðfestingar. Hér má nefna Borgarfjarðarbraut milli Flókadalsár og Kleppjárnsreykja (6 km. 22.08. 1997), Laugarvatnsveg, Úthlíð-Múli (4 km. 15.04. 1998), Barðastrandarveg (5,1 km. 22.05. 1998), Grenivíkurveg (6,1 km. 08.01. 1999), Borgarfjarðarbraut um Vatnsskarð (6,6 km. 27.07. 1999), Hringveg um Stóra Sandfell í Skriðdal (1,2 km. 30.07. 1999), Ólafsvíkurveg og Útnesveg (3,3, 2,0 og 6,1 km. 01.10. 1999) og Hafravatnsveg (6,5 km. 08.10. 1999). Í öllum þessum tilvikum er um að ræða umtalsverð umhverfisáhrif þar sem fram koma veigamiklar athugasemdir af hálfu Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, landeigenda o.fl.

Náttúruverndarsamtökin leggja því til að stærðarviðmið verði a.m.k. þriðjungi lægra, þ.e. 3 km í mesta lagi.

**Náttúruverndarráð:**

10. tölul. Sérstaklega er bent á ákvæði um stærðarmörk vega, hvað varðar nýbyggingu vega er lagt til að skoðað verði vandlega hvort rétt sé að þrengja þau mörk. Í því sambandi er bent á að fjallvegir eru oft lagðir í viðkvæmara umhverfi en vegir í þéttbýli.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

10. LIÐUR ii. ÞESSI MÖRK ÆTTI AÐ MINNKA A.M.K. NIÐUR Í 5 KM.

Greinargerð með breytingartillögu: Staðreynd er að vegaframkvæmdir eru oftast nær í minni bútum en 10 km. Þrátt fyrir það hafa þær nær undantekningarlaust í för með sér mikið jarðrask og reynsla síðustu ára sýnir að þessar framkvæmdir eru gjarnan umdeildar. Í framtíðinni ætti að skoða þann möguleika að setja vegaaætlanir í einhvers konar heildstætt umhverfismat og reyna þannig að sporna við þeirri tilhneigingu að gera þurfi mat fyrir hvern einstakan bú.

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Náttúruvernd ríkisins leggur til að allar hafnir verði tilkynningaskyldar.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 11 Lagt er til að allar hafnir verði matsskyldar, sbr. ákvæði um strandsvæði í viðauka 3 í tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EB.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

11. liður. Allar hafnaframkvæmdir ættu að vera matsskyldar. Í nær öllum tilvikum er um untalsverðar framkvæmdir og mannvirki að ræða. Umfang umhverfisáhrifa ræðst augljóslega ekki af stærð skipa einvörðungu sem siglt geta um höfn og lagst geta að bryggju. Hér kemur fjöldi skipa við sögu ásamt stærð þeirra. Hafnarmannvirki fyrir legu sex 1.000 tonna skipa kann að hafa margfalt meiri umhverfisáhrif en höfn sem hönnuð er fyrir tvö 1.400 tonna skip.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

11. LIÐUR: ÞESSI MÖRK VIRÐAST MJÖG RÚM OG ÆTTI AÐ MINNKA. ÞÁ ÆTTU NÝJAR HAFNIR SKILYRÐISLAUST AÐ VERA MATSSKYLDAR.

Greinargerð með breytingartillögu: Margar hafnaframkvæmdir eru stórar í sniðum burtséð frá því hversu stórum skipum er gert ráð fyrir. Skoða ætti þann möguleika að í stað þess að miða við stærð skipa verði aðrir mælikvarðar lagðir til grunvallar, t.d. rúmmetrar efnis sem hróflað er við (flutt til svæðis og/eða frá því), fermetrar hafnarsvæðis, lengd hafnargarða, o.s.fr.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

12. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður.

**Hollustuvernd ríkisins:**

liður 12. Hollustuvernd ríkisins bendir á að í 1. viðauka með tilskipun 97/11/EB eru ákveðin stærðarmörk á urðunarstöðum. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að krefjast mats á öllum urðunarstöðum án tillits til stærðar eða aðstæðna. Hins vegar telur stofnunin að setja bæri strangari mörk en gert er í tilskipun EB. Lagt er til að í 1. viðauka verði ákvæði sem skyldi í mat alla urðunarstaði þar sem meira en 5 tonn eru urðuð á dag að jafnaði en aðrir urðunarstaðir verði tilgreindir í 2. viðauka og undir þeim ákvæðum sem þar gilda. Þó verði allir förgunarstaðir spilliefna og tengd starfsemi án stærðarmarka í 1. viðauka. Tillaga Hollustuverndar er að orðalag verði þannig: „Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m<sup>3</sup> eða meira.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Undir þetta ákvæði munu einungis falla þrjár vatns- og hitaveitur á landinu, auk alstærstu fiskeldisstöðva. Miða mætti grunnvatnsnámið við mjög ríflega heimild í auðlindalögum (57/1998), sem er 70 l/s (misritun í frumvarpi fyrir 10 m<sup>3</sup>).

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 13 verði : Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt er á er 3 milljónir m<sup>3</sup> eða meira.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

13. liður. Þetta viðmið er of hátt, þ.e. um 300 l/s, og má vísa því til stuðnings í auðlindalög (57/1998) þar sem miðað er við 70 l/s í grunnvatnsnámi, sem þykir all ríflegt. Viðmiðið, tíu milljón m<sup>3</sup>, er tekið óbreytt upp úr tilskipun 97/11/EB, sem miðast við allt annars konar þarfir en hér á landi. Hollustuvernd ríkisins og Orkustofnun ætti að gaumgæfa þetta viðmið vel áður en ákvörðun er tekið um það.

14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m<sup>3</sup> á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Fjölmargar vatnsaflsvirkjanir falla undir ákvæði þessa liðs (vatnið samsvarar um 1 m<sup>3</sup>/s). Sjónræn umhverfisáhrif hita- og vatnsveitulagna á yfirborði eru nauðalítið háð fluttu magni og þarf að setja sérákvæði um slíkar lagnir.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 14 Spurning er sett við takmarkið "30 milljónir rúmmetra á ári". Um er að ræða 1 rúmmetra á sekúndu, sem er ansi mikið magn.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

14. liður. Hvorki ætti að undanskilja flutning á heitu vatni né drykkjarvatni, enda kunna pípulagnir fyrir slíkan flutning að vera í senn mjög áberandi í umhverfinu og hafa truflandi áhrif á far dýra, að mannum meðtöldum (sbr. Nesjavallapípa).

15. Skólphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Undir þennan lið falla engar stöðvar hérlandis, nema e.t.v. þær alstærstu í Reykjavík með Kópavogi. Viðtakar eru viðkvæmir sökum kulda lofts, vatns og sjávar og fábreytni lífríkis, svo að ástæða gæti verið til að hafa þessi mörk til muna lægri, e.t.v. 10.000 persónueiningar.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

15. liður. Spurning er hvort ákvörðun um 50.000 p.e. taki nægjanlegt mið af íslenskum aðstæðum í sjávar- og strandlífríkinu, þ.e. einkum er varðar lágt hitastig sjávar. Sérfræðingar á Hollustuvernd ríkisins ættu að gaumgæfa þetta og athuga hvort ekki sé ástæða til að lækka viðmiðið enn frekar frá tilskipun 97/11/EB.

**Liffræðistofnun Háskóla Íslands:**

15. tölul. Athugasemd: Jafnvel þótt þessi mörk séu minnkun miðað við EB tilskipun virðast þau mjög rúm í íslenskum veruleika. Mér sýnist að einungis stöðvar á Stór-Reykjavíkursvæðinu gætu hugsanlega fallið undir þennan lið.

16. Vinnsla í viðskiptaskyni á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m<sup>3</sup> af jarðgasi á dag.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 16 verði: Námavinnsla í .....

17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km<sup>2</sup> lands eða meira fara undir vatn.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 17. verði: Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 1 km<sup>2</sup> eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 gígalítrar.

Tilskipunin miðar við 10 gígalítra og ef miðað er við að t.d. miðlunarlón sé 10 m að dýpt að jafnaði þá þekur 10 gígalítra lón aðeins 1 km<sup>2</sup> og því ljóst að 3 km<sup>2</sup> viðmiðið getur oft gengið mun skemur en tilskipunin. Lagt er til að miðað verði við flatarmál 1 km<sup>2</sup>. Sjá einnig athugasemd við 21 lið.

**Hollustuvernd ríkisins:**

liður 17. Í 15. tl. 1. viðauka tilskipunar 97/11/EB er viðmiðunin tengd rúmmáli (10 milljón rúmmetra (= 10 Gl)). Það er því háð meðaldýpi lóna hvort íslensk viðmiðun er strangari eða rýmri en tilskipun EB. Hollustuvernd ríkisins sýnist að til samræmis við tilskipun ættu stíflur og önnur mannvirki þar sem 3 km<sup>2</sup> lands fara undir vatn *eða rúmtak vatns er meir en 10 Gl* að fara í mat.

**Landgræðslan:**

Landgræðslan telur að fyrirhleðslur til að varna landbroti falli ekki undir lið 17 nema slíkar aðgerðir hafi í för með sér uppsöfnun vatns umfram þau stærðarmörk sem tilgreind eru. Ennfremur telur Landgræðslan að þar sem talað er um 3 km<sup>2</sup> lands sé átt við þurrlendi en ekki árfarvegi og vötn sem fyrir eru. Rétt þykir að í greinargerð verði tekinn af allur vafi í þessu efni.

18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimir eða hættulegir umhverfi.

**Hollustuvernd ríkisins:**

liður 18. Hollustuvernd ríkisins telur að sú þrenging sem hér er lögð til verði erfið í framkvæmd þar sem dæmi eru um grannar langar leiðslur sem ólíklegt er að hafi umtalsverð

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

áhrif á umhverfi. Lagt er til að einhverri þvermálstengingu verði bætt við ákvæðið (t.d. 50 cm).

Í tilskipun 97/11/EB segir m.a.: „*transport of gas, oil or chemicals...*“. Bent er á að gildissviðið er hér viðtækara en í frumvarpinu („*flutnings á gasi eða vökvum...*“) og lagt til að orðalag verði aðlagð að upphaflegum texta.

19. Stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla og svína með:

- i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
- ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
- iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

Full ástæða gæti verið til að lækka þessi stærðarmörk til muna, því að niðurbrot mengandi affallsefna (áburðarefna) er mjög hægt hér á landi vegna loftkulda og viðtakar og umhverfi mjög viðkvæmir. Mætti lækka stærðarmörk í þriðjung eða a.m.k. helming.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 19. orðist svo: Stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla og svína með:

- 1.40.000 stæði fyrir kjúklinga eða 30.000 fyrir hænur,
- 2.1500 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleir eða
- 3.300 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

Aðstæður hér á landi eru þannig að náttúrulegt niðurbrot hér á landi er hægara en víða í Evrópu, einnig eru viðtakar viðkvæmari og því eðlilegt að stærðarmörk í þaueldi séu lægri hér á landi sem ávallt skal fara í mat á umhverfisáhrifum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 19 Náttúruvernd ríkisins bendir á að stærðarmörk varðandi þaueldi fyrir alifugla og svína eru það há að aðeins allra stærstu búin hér á landi væru í dag háð mati á umhverfisáhrifum, líklega aðeins 4 stærstu svínabúin, 1 kjúklingabú og 1 hænsnabú. Stofnunin telur eðlilegt að hér á landi verði stærðarmörkin lægri en þau sem tilgreind eru í tilskipun Evrópusambandsins enda um að ræða viðkvæmari viðtaka og er náttúrulegt niðurbrot efna einnig hægara en víðast hvar í Evrópu. Náttúruvernd ríkisins leggur til að fyrir stærðarmörk þaueldis verði viðmiðunargildi Norðurlanda notuð en þar er gengið lengra en í tilskipun Evrópusambandsins, m.a. vegna hægari niðurbrots efna á Íslandi en víðast hvar í Evrópu.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 19 Lagt er til að stærðarmörk taki mið af þeim reglum sem gilda á hinum Norðurlöndunum en ekki stærðarmörkum Evrópusambandsins, sem sett eru með hliðsjón af náttúrulegum aðstæðum í Mið- og Suður-Evrópu (niðurbrot úrgangs, sem m.a. er háð hitastigi).

**Samtök atvinnulífsins:**

19.tl. SA og SI telja að ekki sé nægjanlega skýrt hvernig fara eigi með stækkun núverandi mannvirkja eða starfsemi, sem hefðu verið að ræða. Umhverfisráðuneytið hefur túlkað það á þann veg, að allar viðbætur og stækkanir við núverandi starfsemi séu ekki matsskyldar skv. 1. viðauka, nema aukningin sé meiri en áskilið er í tilgreindum mörkum skv. 1. viðauka. Ný lög eiga ekki að hefta eðlilega uppbyggingu núverandi mannvirkja og starfsemi. Þetta á t.d. við um svína- og alifuglaeldi skv. 19.tl. og olíugeymslustöðvar skv.23.tl. Undir þetta myndi því falla stækkun ali- og svínabúa og einnig stækkun olíubirgðastöðva t.d. í Örfirisey, þar sem tveir lögaðilar reka nú starfsemi með geymslurými fyrir meiri en 70 þús. m<sup>3</sup> af olíu hvor.

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

19. liður. Vafasamt er að taka þessi viðmið óbreytt upp úr tilskipun 97/11/EB. Hér á landi ríkja allt aðrar umhverfisaðstæður en í langflestum EB-löndum. Einkum er það lægra hitastig hér á landi í lofti og vatni/sjó sem gerir það að verkum að niðurbrot úrgangsefna frá tédum alidýrabúum gengur hægar fyrir sig en ella. Sérfræðingar á Hollustuvernd ríkisins ættu að gaumgæfa þetta og athuga hvort ekki sé ástæða til að lækka stærðarviðmið.

**Náttúruverndarráð:**

19. tölul. Þykir óljóst við hvað er átt með „þauleldi“.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

19. tölul. Athugasemd: Sama á við hér og væri fróðlegt að vita hvað úrgangur frá 85.000 þúsund kjúklinga eða 3.000 svína búi jafngildi mörgum persónueiningum skólps. Ég hygg þetta jafníst á við sambærilegan úrgang frá 10.000 manna byggð.

20. Verksmiðjur:

- i. sem framleiða pappírsdeig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
- ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

21. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er áætlaður tíu ár eða lengri.

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 21. Náttúruvernd ríkisins telur að viðmiðunarmörk varðandi efnistöku séu of há enda fáar námur á landinu sem ná tilgreindum stærðarmörkum. Auðvelt er að fara í kringum þetta ákvæði með því að opna fleiri en minni námur. Náttúruvernd ríkisins leggur því til að ákvæðinu verði breytt og það hljómi þannig:

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, samanlögð efnistaka er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri eða þar sem vinnslutími er áætlaður 5 ár eða lengri.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

5 ha opið efnisnám er gríðarstórt í skóglausu og oft illa grónu landi hérlendis, einkum þar eð efnisnámin eru oft á sömu malarhjöllum og þjóðvegir hafa verið lagðir eftir. Lækka mætti stærðarmörk í 1 ha (10.000 m<sup>2</sup>) og þá rúmmálið til hæfis (í 30.000 m<sup>3</sup>, en það samsvarar nokkrum þúsundum stórra malarbíla).

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

liður 21 orðist svo: Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 30.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 10.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er áætlaður lengri en 5 ár.

Hér er mjög mikilvægt að lækka mörk röskunar varðandi efnistöku. Mikilvægt er að ekki skapist misræmi milli 17. og 21. liðar í þessum viðauka og 37. greinar laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Vinnslutími er stytur í 5 ár.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

liður 21 Lagt er til að stærðarmörkum verði breytt þannig að efnistaka verði matsskyld ef áætlað er að hún raski 10.000 fermetra stóru svæði eða stærra eða er 50.000 rúmmetrar eða meiri. Einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 10.000 fermetra stórt svæði eða stærra, samanlögð efnistaka er 50.000 rúmmetrar eða meiri eða þar sem vinnslutími er áætlaður fimm ár eða lengri. Hafa ber í huga að skipulagslítil efnistaka er eitt af stærstu umhverfisvandamálum hér á landi.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

21. liður. Hér eru stærðarmörk allt of rúm. Þau eru heldur ekki rökstudd. Þær eru teljandi á fingrum annarrar handar þær námur sem í dag ná þessum stærðarmörkum ( $50.000\text{m}^2/150.000\text{ m}^3$ ). Yfirgnæfandi meirihluti efnistökuastaða á Íslandi yrði samkvæmt lagafrumvarpinu ekki matskyldar. Árið 1994 bað þáverandi umhverfisráðherra Náttúruvernd ríkisins um úttekt á ástandi í efnistökuárum í landinu. Verkinu lauk með útgáfu skýrslu (Fjölrit nr. 27. Reykjavík 1995. Námur á Íslandi. Náttúruverndarráð.) ásamt tölvutækri (Access) námuskrá þar sem m.a. eru upplýsingar um stærð og ástand náma. Í námuskránni eru liðlega 6.000 námur, langflestar (líklega 80-90%) eru í kringum  $10.000\text{ m}^3$ , og drjúgur hluti með minna en  $5.000\text{ m}^3$  efnisnám á ári. Í skýrslunni er staðfestur grunur um frekar bág ástand almennt í efnistökuárum í landinu, bæði hvað vaðar verklag í opnum námum og frágang á námum sem hætt er að nota (sem ekki er alltaf ljóst hvenær er). Þá er ljóst af skýrslunni og námuskránni að það eru ekki síður, og jafnvel enn frekar, hinar mörgu „smáu“ námur ( $\leq 10.000\text{ m}^3$ ) sem valda umtalsverðu umhverfisraski. **Náttúruverndarsamtökin leggja til að viðmið verði lækkuð niður í  $2.500\text{ m}^2/10.000\text{ m}^3$ .**

**Siglingastofnun:**

21. tölul. Við höfum áður bent á, að þó farið sé að mestu eftir viðauka EB þá eru flest viðmiðunarmörk í íslenska listanum miklummun þrengri en þar. Má í því sambandi nefna að viðmiðun í stærð grjótnáma sem skulu fara í umhverfismat er 5 hektara svæði eða  $150.000\text{m}^3$  efnistaka, en viðmiðunin í EB listanum er 250 hektarar og engin mörk á efnismagn. Í sjálfu sér er eðlilegt að viðmiðunin nái til sjónrænna áhrifa þ.e. stærðar svæðisins frekar heldur en þess magns sem á að taka. Ef ekki væru sett mörk á magnið, myndu menn frekar hneigjast til að nýta efnistökusvæðin betur.

**Liffræðistofnun Háskóla Íslands:**

21. tölul. **ÞESSI STÆRÐARMÖRK ERU ALLT OF RÚM. MÆLT MEÐ AÐ MÖRKIN VERÐI FIMMTUNGUR AF ÞVÍ SEM SEGIR Í GREININNI (10 ÞÚS. FERMETRAR OG 30 ÞÚS RÚMMETRAR)**

Með þessum rúmu mörkum er fyrirséð að efnistökuastaðir hér á landi yrðu almennt ekki matsskyldir. Samkvæmt úttekt umhverfisráðuneytis (Námur á Íslandi. Náttúruverndarráð. Fjölrit nr. 27. Reykjavík 1995.) voru þá um 6.000 efnisnámur á landinu. Meirihluti þeirra (líklega 80-90%) var minni en  $10.000\text{ m}^3$ , og drjúgur hluti með minna en  $5.000\text{ m}^3$  efnisnám á ári. Margir hafa auk þess bent réttilega á að það eru oft smáu efnisnámurnar sem eru mestu lýtin í landslagi.

22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kv spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kv spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruvernd ríkisins:**

liður 22. Náttúruvernd ríkisins telur ekki rétt að hækka viðmiðunarmörk varðandi matskyldu háspennulína. Hér verður sams konar hætta á ferðinni og sú sem varðar stærðarmörk fyrir lagningu vega og flugbrauta. Hægt er t.d. að reisa raflínu sem byggð er skv. teikningu fyrir 66 kV raflínu en einangra hana í fyrstu fyrir lægri spennu. Einfalt er síðan að auka einangrun með því að bæta við skálum þannig að raflínan beri hærri spennu, þ.e. 66 kV.

**Samorka:**

liður 22. Samorka leggur til að skilgreindar verði vegalengdir fyrir matskyldar loftlínur til flutnings á raforku, eins og þegar hefur verið gert við vegaframkvæmdir (1. Viðauki, grein 10. ii) þar sem Samorka telur ekki sýnt að flutningur á raforku valdi meira raski á umhverfinu en vegalagning. Grein 22 skal því hljóð á eftirfarandi hátt:

*Loflínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66kV spennu eða hærri og eru 10 km eða lengri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.*

**Náttúruverndarsamtök Íslands:**

22. liður. Hér er lagðar til í senn tvær breytingar á núgildandi lögum (töluliður 3., 5. gr., 63/1993), þ.e. að spennumark er hækkað úr 33 kV í 66 kV og matskylda takmörkuð við loftlínur utan þéttbýlis (í núgildandi lögum er hvorki gerður greinarmunur á lagningu í lofti eða jörðu né á milli þéttbýlis og dreifbýlis). Í athugasemdum með lagafrumvarpinu eru færð fram þau rök að 33 kV strengir séu nú orðið að mestu plægðir niður í jörð og hafi þess vegna almennt ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þetta er auðvitað hæpin staðhæfing og velta umhverfisáhrifin m.a. á í hvers lags umhverfi strengirnir eru lagðir. Þá breytir það heldur ekki hinu að 33 kV strengir eru enn lagðir í lofti og kunna slíkar háspennulínur sannarlega að hafa umtalsverð áhrif. Þá má benda á að þótt það færist í vöxt að leggja strengi með 66 kV og 133 kV spennu í jörðu, þá eru þeir jafnan ekki plægðir niður, a.m.k. ekki enn sem komð er, heldur þarf viðameiri framkvæmd til að jarðsetja þá og því fylgir meira umhverfisrask en ella.

Samtökin leggja því til að 22. liður verði eftirfarandi:

„22. Lagning háspennulína í lofti sem á jörðu með 33 kV spennu eða hærri.“

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúruverndarráð:**

varðandi 22. lið fyrsta viðauka, þar sem kröfum ummat á áhrifum loftlína er breytt úr 33 kv samkvæmt nágildandi lögum í 66 kv, þá er það talið þarfnast nánari skýringa hvers vegna slakað er á þeim kröfum.

23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m<sup>3</sup> geyslugetu eða meira.
24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

**Náttúruverndarráð:**

24. tölul.

Athugasemd kom fram við lið 24 í fyrsta viðauka og lið 7h í öðrum viðauka þar sem fjallað er um fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur. Fram kom athugasemd um að orðin í „þéttbýli“ ættu að falla brott.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Nýir liðir bætist við viðaukann

liður 25: Allar framkvæmdir og starfsemi, sbr. liði 1-24 í I viðauka og II viðauka, á víðernum.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

25. tölul. Allar framkvæmdir á verndarsvæðum sem ekki eru tilgreindar í öðrum liðum í 1. viðauka.

Greinargerð með tillögunni: Með þessari tillögu er verndargildi svæðanna undirstrikað. Gera verður þó ráð fyrir að Skipulagsstofnun geti að fenginni umsögn lögbærra aðila veitt undanþágu frá matsskyldu (sjá tillögu að breytingu á 5 grein til samræmis við ofangreinda breytingu á viðaukanum) samkvæmt þessum lið.

**Náttúruvernd ríkisins:**

\*\* Náttúruvernd ríkisins telur að við 1. viðauka beri að bæta ákvæði þess efnis að framkvæmdir sem að ofan greinir og fyrirhugaðar eru á verndarsvæðum skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, óháð stærð framkvæmda.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að bæta eigi við upptalninguna í viðauka 1 allri nýskógrækt á 20 ha svæði eða stærra og öllum stærri uppgræðsluverkefnum. Jafnframt allri nýskógrækt og uppgræðsluverkefnum á náttúruverndarsvæðum.

Hafa ber í huga að fram hafa verið settar áætlanir um að breyta mestöllu lífríki landsins á láglandi með skógræktarframkvæmdum, sem byggja að verulegu leyti á framandi tegundum í íslenskri náttúru. Slíkar stórbreytingar á náttúru væru óhugsandi í öðrum Evrópuríkjum og væntanlega í heiminum öllum, enda brjóta þær í bága við alþjóðlega samninga svo sem Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamninginn um vernd villtra dýra og plantna og lífsvæða í Evrópu og Ramsarsamninginn um vernd votlendis. Brýnt er að meta umhverfisáhrif þessara framkvæmda og áhættuna sem verið er að taka með tilliti til sjúkdómahættu og veðurfars.

Í lögum um landshlutaskógrækt er þess krafist að þessar framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum, en það ákvæði fellur niður ef gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum falla úr gildi og ekki er kveðið á um slíkt mat í nýjum lögum. Kveða þarf sérstaklega á um í frumvarpi þessu (í viðauka 1) að setja skuli áætlanir um landshlutaskógrækt í mat á umhverfisáhrifum áður en ráðist verður í framkvæmdir (sjá ákvæði til bráðabirgða í lögum um landshlutaskógrækt).

**Skipulagsstofnun:**

1. viðauki

Skipulagsstofnun telur að úrskýringar sem fram koma innan sviga og eru neðanmáls í tilskipun 97/11/EB eigi ekki heima í lagatexta. Eðlilegra sé að þær komi fram í athugasemdum með frumvarpi.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**2. viðauki.**

*Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.*

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Lagt er til að 2. viðauki verði endurskoðaður í heild sinni og þar sem tilgreind eru verndarsvæði, verði sett stærðarmörk, en í inngangskafla verði tilgreint að allar framkvæmdir sem eru á viðaukanum og staðsettar eru á verndarsvæðum verði tilkynningaskyldar.

Einnig telur FÍN að endurskoða þurfi þau stærðarmörk sem sett eru inni viðaukann, einnig með hliðsjón af þeim tillögum sem settar hafa verið til lækunar á mörkum í 1. viðauka.

**Náttúruvernd ríkisins:**

Í athugasemdum um lagafrumvarpið segir um 2. viðauka að í II. viðauka tilskipunar 97/11/EB séu eingöngu taldar upp framkvæmdir án þess að tilgreind séu stærðarmörk eða önnur viðmið, svo sem varðandi staðsetningu. Í 2. viðauka frumvarpsins er hins vegar gerð tillaga um stærðarmörk og viðmiðanir varðandi staðsetningu sem takmarka hvaða framkvæmdir skuli tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. Í athugasemdunum segir jafnframt að þar sem sett hafa verið stærðarmörk á framkvæmdir í 2. viðauka hefur verið gengið út frá því að almennt megi gera ráð fyrir að viðkomandi tegundir framkvæmda neðan stærðarmarkanna hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Náttúruvernd ríkisins telur að í frumvarpinu eigi ekki að ganga skemur en í tilskipun Evrópusambandsins heldur eigi Íslendingar fremur að hafa þann metnað að gera vel í umhverfismálum og ganga lengra en tilskipunin segir til um. Í tilskipuninni er þó boðið upp á tvo valmöguleika varðandi ákvörðun um það hvort framkvæmd í 2. viðauka skuli háð mati á umhverfisáhrifum, annars vegar að skoða hvert tilfelli fyrir sig og hins vegar að aðildarríki setji viðmiðunarmörk. Náttúruvernd ríkisins telur að tvímælalaust eigi að velja fyrri kostinn. Til áréttingar má t.d. benda á að í lið 1 d. er gert ráð fyrir að aðeins sé hægt að krefjast mats á umhverfisáhrifum fyrir skógrækt sem er 40 ha eða stærri. Það er 8 sinnum meira landsvæði en þegar um er að ræða efnistöku (5 ha) samkvæmt viðauka 1 þar sem taldar eru upp framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Áhrif skógræktar geta t.d. verið mikil á líffræðilega fjölbreytni.

**Náttúrufræðistofnun Íslands:**

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að í viðauka 2 hefði átt að telja framkvæmdir upp án þess að tilgreina stærðarmörk eða önnur viðmið svo sem staðsetningu. Engin rök eru sett fram fyrir því að Ísland gangi skemur á þessu sviði en ríki Evrópusambandsins, sem nota þennan

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

viðauka án stærðarmarka eða annarra viðmiða. Á það má einnig benda að þau stærðarmörk sem fram eru sett og aðrar viðmiðanir virðast valin af handahófi. Hvaða rök eru t. d. fyrir því að tilkynna þurfi skipulagsstofnun á grundvelli 6. gr. frumvarpsins um allar litlar sælgætisgerðir eða um alla lakkrísframleiðslu, en ekki um "ruðning á náttúrulegum skógi" sem er 9 ha að stærð? Hvers vegna þarf ekki að tilkynna um nýræktun skógar á 39 ha svæði, sem sannanlega breytir öllu lífríki á viðkomandi svæði? Náttúrufræðistofnun Íslands telur að fella eigi brott allar viðmiðanir varðandi stærðarmörk og staðsetningu úr viðauka 2.

**Náttúruverndarsamtökin:**

Ekki er farið í saumana á einstökum tölulíðum í 2. viðauka. Aftur á móti er vísað í framkomin atriði hjá samtökunum sem snerta frávík frá tilskipun 97/11/EB (sbr. umsögn um 6. gr.) og umsagnir hér að framan varðandi umdeilanleg stærðarviðmið framkvæmda í 1. viðauka, en margar athugasemdirnar þar að lútandi eiga bersýnilega einnig við um stærðarviðmið í 2. viðauka, einkum þó er varðar tölulíð 2., 3. og 10.

**Norðurlandsskógar:**

Til að útskýra afstöðu Norðlendinga er rétt að minna á að í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999, er ákvæði til bráðabirgða um að meta skuli umhverfisáhrif landshlutaáætlunar. Til að koma á móts við ákvæðið hefur að tillögu skipulagsstjóra verið unnið að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga. Vinna við svæðisskipulagið er langt komin og í því felast vinnureglur fyrir Norðurlandsskóga um m.a. þann feril sem skógræktarland þarf að fara í gegnum áður en framkvæmdir geta hafist. Í gegnum svæðisskipulagið á því það að vera tryggt að farið sé að lögum og reglum varðandi skógræktarframkvæmdir á vegum Norðurlandsskóga.

**Líffræðistofnun Háskóla Íslands:**

Viðauki 2. Almennt.

**1. FELLA ÚT STÆRÐARMÖRK**

Greinargerð með breytingartillögu: Ég sé engin rök fyrir því að hér ættum við Íslendingar að breyta frá því sem tíðkast hjá EB, þ.e.a.s. að sleppa öllum stærðarmörkum. Að hafa stærðarmörk í 2. Viðauka er í hæsta máta vafasamt þegar tekið er tillit til þess að Skipulagsstofnun mun í hverju tilviki meta nauðsyn mats og byggja þá ákvörðun á bestu upplýsingum á hverjum tíma. Þetta mun að sjálfsögðu eitthvað auka álagið á afgreiðslu mála og kostnað hjá Skipulagsstofnun og á því yrðu lögin að taka (14. gr.). Þetta kallar einnig á mjög nákvæma skoðun á því hvað ætti að hafa á listanum í 2. viðauka. Röksemdafærsla með stærðarmörkum (sjá umfjöllun um 2. viðauka, 2. mgr. bls. 30) er almenn og styðst ekki við nein fræðileg rök.



***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**2. FELLA ÚT ALLA LIÐI SEM VÍSA TIL VERNDARSVÆÐA**

Greinargerð með breytingartillögunni: Eðlilegt er að undirstrika gildi verndarsvæða með því að setja þar almennt strangari viðmið. Þetta er einfaldast að gera með því að skipa framkvæmdum þar í 1. viðauka en gefa kost á undanþágum smbr. breytingartillögu við 5. gr. laganna og tillögu um nýjan lið (25. lið) í 1. viðauka hér að framan.

**ÁBENDINGAR: HUGA VEL AÐ ÞVÍ HVAÐA LIÐUM (MEÐ STÆRÐARMÖRKUM) ÞARF AÐ BÆTA VIÐ 1. VIÐAUKA. GÓÐ DÆMI UM ÞETTA ERU LIÐIR SEM TALDIR ERU UPP Í 1. GR. Í 2. VIÐAUKA HVORT SEM ÞEIR ERU Á VERNDARSVÆÐUM EÐA EKKI.**

Það er t.d. lítt skiljanlegt af hverju þaueldi á fiski yfir ákveðnum stærðarmörkum er haft í 2. Viðauka meðan kjúklinga og svinabú yfir stærðarmörkum eru í 1. Viðauka. Þetta virðist órökrétt.

**1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:**

a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra land svæðis en 10 ha.

b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræslu framkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

d. Nýræktun skóga á 40 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum.

e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

f. Stöðvar þar sem fram fer þaueldi búfjár á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).

g. Þaueldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

h. Endurheimt lands frá hafi.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

10 ha svæði samsvarar 100 X 1.000 m og er ærið stórt í ýmsum þeim tilvikum, er hér um ræðir. Endurskoða þyrfti þessi stærðarmörk

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Landgræðsla ríkisins:**

Í lið 1.a. er í texta frv. talað um framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli. Samsvarandi enskur texti er „restructuring of rural land holdings“. Það er því ljóst að hér er átt við það sem á íslensku kallast jarðir eða jarðahlutar. Ennfremur felur orðið „restructuring“ í sér kerfisbundna enduruppröðun mannvirkja svo sem húsa og ræktaðs lands (túna og akurlenda) en tekur ekki til hluta eins og beitar, afmörkunar verndarsvæða, landvarna og landbóta þar sem ekki er verið að brjóta land til ræktunar. Af því leiðir að landnýtingaráætlanir falla ekki í sjálfu sér undir þetta ákvæði þó svo þær taki til stærra lands en 10 ha. Þær gera það því aðeins að þær feli í sér einhverja þá þætti sem að eigin eðli geta leitt til mats á umhverfisáhrifum svo sem að brjóta óræktarland til akurs, nytjaskógrækt, vega- og slóðagerð eða húsbyggingar.

Það er álit Landgræðslunnar að orðalagið „þaulnýttinn landbúnað“ í lið 1.b., sem mun vera þýðing á orðunum „intensive agriculture“ eigi einungis við akuryrkju og garðrækt.

Það er álit Landgræðslunnar að ákvæði liðar 1.c. eigi ekki við um varnir gegn landbroti fallvatna enda tengjast þær ekki landbúnaði sérstaklega. Slík mannvirki gætu heyrt undir lið 10. d. eftir því sem við á.

Landgræðslan fellst á ákvæði e-liðar að teknu tilliti til liðar 2.iii. í Viðauka III svo fremi sem sýnt er fram á að fyrirhugaðar aðgerðir falli undir gildissvið lagana sbr. 2.gr. og 3.gr. 1-lið. Af því leiðir að utan þeirra svæða, sem tilgreind eru í lið 2.iii í Viðauka III, fellur uppgræðsla lands almennt ekki undir ákvæði þessa frv.

**Náttúruvernd ríkisins:**

1. tl. Náttúruvernd ríkisins telur að viðmiðunarmörk fyrir framkvæmdir sem taldar eru upp í þessum tölulið séu of há og eðlilegast að ekki séu sett stærðarmörk fyrir þessar framkvæmdir, sbr. umfjöllun hér að ofan. Þá verður ekki betur séð en að þau stangist m.a. á við ákvæði í nýjum lögum um náttúruvernd. Til dæmis eru hér taldar upp vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræsluframkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða verndarsvæðum. Samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd eiga hins vegar ákveðnar landslagsgerðir að njóta verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er, þ.m.t. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri og stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri. Þetta er því óásættanlegt.

Undir þessum tölulið er talin upp nýræktun skóga á 40 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæði.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt lögum um náttúruvernd skal stofnunin ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirlit með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt. Þá segir í 6. gr. laga nr. 1955 um skógrækt

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

„Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það

gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að

breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.“ Því verður ekki betur séð en að það brjóti í bága við ofangreind lög að gera ráð fyrir að viðmiðunarmörk fyrir ruðning á náttúrulegum skógi verði 10 ha.

Náttúruvernd ríkisins bendir einnig á að ekki er skilgreint hvað falist geti í framkvæmdum til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli en þar er miðað við landsvæði sem er stærra en 10 ha. Miðað við þetta væri hægt að hefja nýskógrækt á 10 ha svæði án þess að tilkynna verði slíkt til Skipulagsstofnunar.

Náttúruvernd ríkisins leggur til að við lið 1-e bætist:

„...og stærra uppgræðsluaðgerðir sem hætt er við að hafi áhrif á verndarsvæði.“

**Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra:**

2. viðauki, 1a hljóði svo:

Framkvæmdir til endurskipulagningar í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 100 ha.

1b falli niður.

1d hljóði svo: Nýræktun skóga á 1000 ha svæði eða stærra og á friðlýstum svæðum.

1h falli niður.

**Félag skógarbænda á Vesturlandi:**

2. viðauki, 1d.

Leggjum við til að lið 1.d verði breytt til samræmis við texta EC og hljóði þannig: *Nýræktun skóga, sé hætta á, að af henni hljóti verra vistkerfi en fyrir var, sem og eyðing skóga.*

**Skipulagsstofnun:**

Í athugasemd kemur fram að stærðarmörk fiskeldisstöðva skv. frumvarpinu séu í samræmi við mörk skilgreind í mengunarvarnareglugerð. Skipulagsstofnun bendir á varðandi g-lið 1. gr. 2. viðauka um fiskeldisstöðvar, að með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eru gerðar breytingar varðandi starfsleyfisskyldu fiskeldisstöðva frá því sem var í mengunarvarnareglugerð.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Skógrækt ríkisins:**

2. viðauki. 1d

Miðað við 40 ha regluna hefðu allt að 42 skógræktarjarðir (af 56 alls) verið úrskurðaðar í mat á umhverfisáhrifum á fyrstu tveimur árum Suðurlandsskóga og allt að 55 (af 81) á fyrstu 7 árum Héraðsskóga. Á næstu árum verður stofnað til a.m.k. þriggja álíka stórra landshlutabundina skógræktarverkefna og tveggja minni auk þess sem jarðir halda áfram að bætast við Héraðsskóga og Suðurlandsskóga. Það þýðir að árlega gætu komið 50-100 tilkynningar um skógræktarframkvæmdir sem skipulagsstjóri þarf að úrskurða um hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Fari svo að allar þessar framkvæmdir verði úrskurðaðar í mat á umhverfisáhrifum þýðir það að opinberi skógræktargeirinn í landinu þurfi að standa straum af kostnaði upp á 50-240 millj. kr. miðað við að hvert mat á umhverfisáhrifum kosti 1-2 millj. kr. (upplýsingar frá Vegagerðinni). Til samanburðar nema fjárframlög hins opinbera til skógræktar í heild um 380 millj. kr. og gætu farið upp í um 600-700 millj. kr. á ári ef áform um nýju verkefnum ná fram að ganga.

Framlög til skógræktar á Íslandi nægja ekki til þess að standa undir kröfum um að meirihluti skógræktarframkvæmda verði háður mati á umhverfisáhrifum.

Afleiðingin er sú að ef 40 ha reglan gildir verður skógrækt ekki stunduð á svæðum sem eru stærri en 40 ha. Þetta mundi þýða afturhvarf til skikaskógræktar sem hér var lengst af stunduð og mæla bæði fjárhagsleg rök (hagkvæmni stærðarinnar) og skógfræðileg rök (t.d. vindáhrif og snjósöfnun) gegn henni. Auk þess er erfiðara að fella skógrækt sem saman stendur af mörgum smáreitum að landinu en ef skógræktin nær yfir stærri samfelld svæði.

Hver eru þá mörkin þar sem skógrækt á Íslandi ber mat á umhverfisáhrifum? Það er til mikils að vinna að ná stórum samfelldum svæðum til skógræktar vegna hagkvæmni stærðarinnar og skógfræðilegra atriða.

Í Lettlandi hafa nýlega verið sett lög sambærileg þessum miðuð við sömu tilskipun ESB, þar sem Lettar eru að aðlaga sína löggjöf vegna umsóknar um inngöngu í ESB. Þar er aðeins einn viðauki þar sem taldar eru upp þær framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum og um skógrækt stendur: Skógræktarframkvæmdir á svæðum stærri en 1000 hektarar (Forestry activities on sites exceeding 1000 hectares in size).

Verði viðmiðunarmarkið sett við 1000 ha færu aðeins alstærstu skógræktarframkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum. Þar er um að ræða framkvæmdir sem kosta á bilinu kr. 100-500 milljónir og því kostnaður við mat á umhverfisáhrifum upp á kr. 3-5 milljónir orðinn bærilega lítill hluti af þeirri heild.

Ég geri ráð fyrir að nýskógrækt á 1000 ha svæði verði alltaf úrskurðað í mat á umhverfisáhrifum þannig að það skiptir ekki máli hvort liðurinn tilheyrir 1. eða 2. viðauka en legg þó til að hann verði áfram í 2. viðauka.

Athugasemdir verða gerðar við einstök atriði í 3. viðauka hér á eftir en ef þeim verður ekki hnikað er lagt til að orðin „friðlýst svæði“ komi í stað „verndarsvæða“ í 2. viðauka 1.d.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

**Skógræktarfélag Íslands:**

Viðauki 2 við frumvarpið fjallar um skógrækt. D liður viðaukans kveður á um 40 ha svæði eða stærri skuli tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.

Metið er í hverju tilviki fyrir sig hvort viðkomandi framkvæmd sé matskyld eða ekki og ræðst, eins og segir í viðaukanum, af eðli, umfangi og staðsetningu auk þess sem vísað er til viðauka 3.

Í frumvarpinu er miðað við 40 ha á tilkynningarskilda framkvæmd í skógrækt. Grundvöllur þessarar stærðargráðu, 40 ha, er ekki skilgreindur frekar. Það hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar. Ef til vill er hér verið að beita rangri aðferðarfræði við að fylgjast með jákvæðum og neikvæðum umhverfisáhrifum í skógrækt. Eðlilegri nálgun er að stærri skógræktarverkefni fari í umhverfismat eða náttúrufarskönnun, þar sem þau munu hafa mikil áhrif á ásýnd lands og ríkjandi viskerfi.

Margt annað í frumvarpinu virðist ekki nægilega skilmerkilegt. Hver eru mörkin milli uppgræðslu og skógræktar? Telst ræktun landgræðsluskóga uppgræðsla (landgræðsla) eða skógrækt? Hver er túlkun á 40 ha viðmiðinu. Er átt við framkvæmd sem unnin er innan ákv. tímabils, skipulagseiningar, svæðis eða á einstakri jörð? Koma svæði sem ekki verða lögð undir skógrækt til frádráttar?

Nauðsynlegt er að átta sig á hvaða afleiðingar 40 ha viðmiðið hefur. M.a vaknar spurningin um hverjar vinnureglur Skipulagsstofnunar verður.

Ef Skipulagsstofnun beitir ströngustu vinnureglum er ljóst að lunginn af skógræktarframkvæmdum skógræktarféлага mun fara í umhverfismat.

Skógrækt skógræktarféлага er yfirleitt stunduð á svæðum stærri en 40 ha og mun það sama væntanlega eiga við um aðra skógrækt. Niðurstaðan, samkvæmt þessu, er að um 80-90 prósent af öllum framkvæmdum skógræktarféлага mun verða tilkynningarskyldar.

Það vekur aftur upp spurningar á þeim tilkostnaði sem skógræktarfélög eiga yfir höfði sér. Meðal stofnkostnaður við skógrækt á 1 ha er 150-200 þúsund, þ.e.a.s. frá 6-8 millj króna á ræktun 40 ha. Hver er tilkostnaðurinn við umhverfismat af þessari stærðargráðu? Erfitt er að áætla þennan kostnað en varlega má ætla að hann verði ekki minni en 1.5 - 3 milljónir. Miðað við stofnframkvæmdir á 40 ha svæði hlýtur þessi auka- tilkostnaður að vera óásættanlega hár, þ.e.a.s. 1/3 af grunnkostnaði.

Hver er þá ásættanleg viðmiðun? Í mannvirkjagerð reikna verkfræðingar með að hönnunar kostnaður nemi um 8-10% af heildarkostnaði.

Að gefnum þeim forsendum að tilkostnaður sé sá sami í 40 ha framkvæmd, þarf ásættanleg stærð á landi að vera ekki minni en 200 ha eigi heildar hönnunar- kostnaður ásamt umhverfismati að nema 8-10% af stofnkostnaði.

Skógrækt mun eðli málsins samkvæmt kalla á mikla landnotkun og ekki er hægt að komast hjá því. Það er því fróðlegt í þessu sambandi að bera saman viðmiðun í lögunum um vegagerð sbr. 1.viðauka 10.ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri eiga að fara í umhverfismat. Að flatarmáli er hér um að ræða 400 ha þ.e.a.s. 10 sinnum stærri

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

flatarmálseiningu miðað við tilkynningar skyldu landnotkunina í skógrækt, þ.e.a.s. 40 ha. Samanburðarfræði af þessu tagi segir kannski ekki mikið, en sé megintilgangur laganna hafður í huga, eins og kemur fram í 1. gr b lið, er ljóst að huga þarf betur að einhverskonar samræmi á landnotkun hinna ýmsu framkvæmda.

Niðurstöður: Stærðarmörk 40 ha er ekki ásættanlegt viðmið. Lagt er til að miðað verði við 200 ha. Vinnureglur Skipulagsstofnunar, samanber viðauka 2, eru óskrifað blað og munu væntanlega verða erfiðar í framkvæmd svo og kærufarli sem mun kalla á mikla skriffinnsku. Leiða má líkur að því að fari fyrirhuguð svæði skógræktarfélaganna í umhverfismat verði það mörgum félögum sem rekin eru af áhugamensku ofviða. Eðlilegra og ásættanlegra fyrirkomulag væri ef framkvæmdaraðilar gætu gengið að ákveðnu ferli sem visu, í stað þess að búa við óvissu og hugsanlega skerta möguleika til skógræktar.

**EYÞING - Samband sveitarfélag í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum:**

Viðauki 2, 1. tölul. Stjórn Eyþings telur brýnt að þau viðmið sem fram koma í 1. tölul. viðauka 2 og varða landbúnað og skógrækt verði rýmkuð verulega frá því sem er í frumvarpinu. Nú eru ýmist hafin eða eru að hefjast viðamiklar landshlutaáætlanir í nýskógrækt, s.s. verkefnið Norðurlandsskógar. Að flestra mati er hér um að ræða mjög mikilvæg og jákvæð verkefni. Líklegt má telja að nái frumvarpið fram að ganga óbreytt muni það stórlega hefta framkvæmd þessara verkefna. Stjórn Eyþings vísar í þessu sambandi til umsagnar Skógræktar ríkisins um frumvarpið og tekur undir hana.

Við gerð svæðis- og aðalskipulags er mörkuð stefna um landnotkun og margar sveitarstjórnir hafa markað þá stefnu að efla skógrækt. Þar sem áformuð er ræktun nytjaskóga á grundvelli samninga þar um, s.s. í verkefninu um Norðurlandsskóga, verður að telja fullnægjandi að sótt sé um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórna. Það er viðkomandi sveitarstjórnar að ganga úr skugga um að skógræktaráformin falli að markaðri stefnu um landnotkun.

Í frumvarpinu kemur víða fyrir óljóst orðalag og óljóst hvað felst í einstökum hugtökum. Af þessu leiðir að ýmis atriði geta orðið erfið í túlkun og kalla á deilur. Sem dæmi má nefna lið 1a í viðauka 2 þar sem talað er um „endurskipulagningar á landareignum“. Við hvað er átt? Ef endurvinnna á meira en 10 ha tún til kornræktar kallar það þá á umhverfismat? Fleiri dæmi má nefna um óljós hugtök s.s. þaulnýtingu og þauleldi.

**Náttúruverndarráð:**

1. tölul. í öðrum viðauka þar sem talið er að um mjög rúm mörk sé að ræða varðandi skógrækt og þyrfti að þrengja þau mörk. Athugasemd er um að ekki er tekið á uppgræðslu alnds utan verndarsvæða, bent er á að uppgræðsla lands getur gjörbreytt ásýnd landslags.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Norðurlandsskógar:**

1.d. Lagt er til að við nýræktun skóga á 40 ha. svæði eða stærra fari fraam mat á umhverfisáhrifum. Norðurlandsskógar fagna því að stærri skógræktarframkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum en leggja til að stærð svæðanna miðist við 1000 ha.

**Skógrækt ríkisins:**

1.d. Lagt er til að í stað: "Nýrækt skóga á 40 ha. svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha. svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum". Komi: "Nýræktun skóga á 1000 ha. svæði eða stærra eða á friðlýstum svæðum".

**Suðurlandsskógar:**

lið 1.d. er lagt til að stærðarmörkin verði 40 hektarar. Ef þessi tala verður látin standa óbreytt, mun það verða til að skógrækt á Íslandi verður að "skæklaskógrækt" í framtíðinni. Þessi stærðarmörk þurfa að hækka til að koma í veg fyrir skógrækt af því tagi.

**Héraðsskógar:**

3.gr. 1.lið er útskýrt hvað umtalsverð umhverfisáhrif eru, en þau eru samkvæmt frumvarpinu: Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum. Ekki er hægt að fallast á þær fullyrðingar sem þarna koma fram. Það er, að ekki sé hægt að fyrirbyggja með mótvægisáðgerðum "neikvæð" umhverfisáhrif skógræktar.

lagt til að í 2 viðauka d komi 1000 í stað 40.

**Bændasamtök Íslands:**

1.gr. að stærðarmörk í liðum a til d verði hækkuð um helming, einnig stærðarmörk í sama viðauka, 3.gr., liðum a og b.

**Skjólsskógar á Vestfjörðum:**

1.d. Í texta í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (sem Skjólsskógar á Vestfjörðum starfa eftir) segir að stefnt skuli að ræktun skóga á allt að 5% flatatmáls lands undir 400 m. hæðarlínu. Umhverfismat er kostnaðarsöm framkvæmd og mun vafalaust torvelda mjög framkvæmd verkefnisins sem gerir þó ekki ráð fyrir nema að rétt rúmlega tvöfalda skógarþekju lálendis á Vestfjörðum, en nú þekja birkiskógar/kjarr liðlega 20.000 ha. en Skjólsskógar miða við að rækta aðra 28.000 ha. Viss tilhneiging gæti orðið (til að spara) að ræktunarfletir verði hafðir minni en 40 ha. en það væri líklega niðurstaða sem að stungi mjög í stúf við almennan vilja til að fella skógrækt að landslagi. Þekkt er að

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

mannsaugað sættir sig best við hlutföll sem eru næst 1/3 á móti 2/3. Þessi hlutföll stinga ekki augað og skynjunin verður opið land með skógi, eða skógi vaxið land eftir því hvorn hlutann fyllir. Almenn má ætla að umhverfisáhrif skógræktar verði svipuð frá einum stað til annars því væri vænlegra að nota sömu reglu og um uppgræðslu sbr. c-lið 1.gr. viðauka 2 sem gæti þá orðast þannig: Skógrækt og uppgræðsla lands á verndarsvæðum. Draga má skýrar línur í skipulagsfasa framkvæmda, hvar alls ekki skuli rækta skóg eða rétt þyki að varðveita skóglaut land af ýmsum öðrum ástæðum. Skjólaskógar á Vestfjörðum er eðli sínu landbúnaðarframkvæmd og því er erfitt að koma auga á nauðsun þess að framkvæma umhverfismat á verkefnum yfir einhverjum sérstökum stærðarmörkum, fremur en við ræktum túna, uppgræðslu eða beitar. Umhverfisáhrif verkefnisins verða fyrst og fremst afar jákvæð hvað varðar búsetu og afkomu fólks.

**Landssamtök skógareigenda (LSE):**

1.d. LSE benda á að núverandi áform um landshlutabundin skógræktarverkefni, gera ráð fyrir að á næstu 50 árum verði skógar ræktaðir á einungis 5% flatarmáls láglendis. Ekki verður séð að þessi áform feli í sér stórkostlega hættu á alvarlegum umhverfisslysum hvað varðar varðveislu viðkvæmra landsvæða eða ógni fjölbreytileika lífríkis. Á þeim forsendum er varhugavert að íþyngja vaxtarmöguleikum dreifbýlissamfélaga með afar kostnaðarsömum vinnureglum. Landssamtök skógareigenda mótmæla harðlega þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af mati á umhverfisáhrifum fyrir einstaka landeigendur í skógrækt. Kostnaðurinn getur numið um 1.-3. millj. kr. í hverju tilfalli (munnl. upplýsingar frá Vegagerð ríkisins á Reyðarfirði). Augljóslega mun slíkt hafa í för með sér að flestir framkvæmdaraðilar (bændur) munu ekki treysta sér til þátttöku í verkefnum. Í nýju lögunum um umhverfismat í Lettlandi sem samin voru af ESB er lagt til að stærðarmörk í skógrækt verði 1000 ha. sem lágmark til mats á umhverfisáhrifum. Til samræmis við framangreint leggja LSE til að í 1.d.lið viðauka 2. standi 1000 ha í stað 40 ha.

**2. Námuiðnaður:**

a. Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða þar sem vinnslutími er tíu ár eða lengri. Efnistaka á verndarsvæðum. (Framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka.)

b. Neðanjarðarnámur.

c. Djúpborun, einkum:

- i. borun eftir jarðhita á lágghitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði,
- ii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
- iii. borun eftir neysluvatni miðað við 5 milljóna m<sup>3</sup> ársnotkun eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka),



**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

- iv. að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.  
d. Iðjuver ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.

**Hið íslenska náttúrufræðifélag:**

a. undirliður.

Stærð efnistökusvæðis ætti að fara niður í 5.000 m<sup>2</sup> eða 10.000 m<sup>3</sup> í samræmi við athugasemd við 21. lið í viðauka 1. Þetta er of stórt svæði, enda hlutfallið 1:2 milli þessara tveggja viðaukaflokka of lágt. Miða mætti við 1.000 m<sup>2</sup> / 2.000 m<sup>3</sup>.

b. undirliður.

Skilgreina þarf hvað er "djúpbörún" (meira en 10 m, 50 m, 100 m, 500 m, 1.000 m ? Neysluvatnsholur eru yfirleitt mun grynri en 100 m, lághitaholur eru margar innan við 500 – 1.000 m en háhitaholur flestar dýpri en það. Svo þarf einnig að hyggja að, hvað er átt við með stöðugleika "jarðvegs". Jarðvegur er nefnilega EINVÖRÐUNGU laus jarðlög á yfirborði, yfirleitt ekki þykkari en nokkrir metrar. JARÐLÖG ná einnig til fastra berglaga, en þar skiftir stöðugleiki einnig máli (t.d. í jarðgöngum). Könnunarholur í berggrunn geta orðið fleiri hundruð metra að dýpt (t.d. á Fljótsdalsheiði).

Eflaust væri ástæða til að fara betur í gegnum liði viðaukanna, og þó ekki síður varðandi þau atriði, sem þar eru ekki talin, en máli geta skift hér á landi. Taka verður mið af, að íslensk náttúra er til muna fábreyttari og viðkvæmari en í flestum öðrum Evrópulöndum, niðurbrot mengunar er til muna hægara og sjónræn áhrif verða miklu meiri í skóglausu eða óbyggðu landinu hér en í öðrum Evrópulöndum.

**Náttúruvernd ríkisins:**

2.a. sjá umsögn við viðauka I.

2. tl. (c)

Náttúruvernd ríkisins bendir á að um er að ræða borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði. Þetta eru svæði sem eiga að njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ekki þarf að vera um djúpbörún að ræða til að framkvæmdir geti haft umtalsverð umhverfisáhrif á slík svæði.

Náttúruvernd ríkisins bendir enn fremur á að ekki er skilgreint hvað átt er við með djúpbörún og því vantar skilgreiningu á hugtakinu. Stofnunin bendir jafnframt á að yfirleitt er rætt um djúpbörún ef borað er niður á u.þ.b. 1000 m dýpi eða meira. Sé miðað við það dýpi er ljóst að ekki myndu margar holur falla undir þetta ákvæði.

Náttúruvernd ríkisins leggur því til að í þessum tölulið komi orðið jarðborun í stað orðsins djúpbörunar.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Samorka:**

2. tölul. Í grein 2c er fjallað um djúpboranir. Þar er sagt í lið (i) „borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði.“ Ef um er að ræða jarðhitasvæði þá eru einhver þessara fyrirbrigða til staðar. Því ætti að vera óþarft að taka það fram. Aftur á móti getur verið átt við að þessi náttúruyfyrirbrigði séu í næsta nágrenni. Þá ætti frekar að standa:

(i) „borun eftir jarðhita á lághitasvæðum í næsta nágrenni við ölkeldur, laugar eða hverir á yfirborði.“

**Orkustofnun:**

Liður 2. c. i verði þannig:

Djúpborun, einkum:

i. borun eftir jarðhita, m.a. þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði,

Skýringar:

Breytingin felst í því að láta tölulíðinn ná til allra djúpborana eftir jarðhita og er það í samræmi við fyrri breytingu á 1. viðauka.

Liður 3. a. í 2. viðauka verði þannig:

a. Vatnsorku- og jarðvarmaver með meira en 500 kW uppsett rafafli og/eða varmaorkuver eða iðjuver með meira en 2.500 kW uppsett varmaafli.

Skýringar:

Hlutfall á milli uppsetts rafafils og varmaafils er það sama og notað er vegna liðs 2 í 1. viðauka. Rökin fyrir því að hverfa frá viðmiðun við „hráorku“ eru og þau sömu. Talið er eðlilegt að miða lægri mörk raforkuvera við 500kW frekar en við 100kW eins og stendur í frumvarpinu. Með þeirri breytingu er samræmi á milli uppsetts rafafils og varmaafils.

**Náttúruverndarráð:**

Skilgreina þarf hugtakið djúpborun í 2. viðauka, lið 2c. Ellegar að þar standi jarðborun í stað djúpborun.

**Orkustofnun:**

2.c. Orkustofnun hefur veitt umhverfisráðuneytinu ráð varðandi nokkur atriði í viðaukanumá meðan frumvarpið var í vinnslu. Eftir að hafa farið yfir viðaukana sýnist stofnuninni að nauðsynlegt sé að taka þar á rannsóknarborunum á háhitasvæðum. Hvorki í fyrsta eða öðrum viðauka er minnst á hvernig fara skal með rannsóknarholur á háhitasvæði, sem enn hefur ekki verið nýtt. Nauðsynlegt er að geta gengið út frá því að fyrstu boranir á

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

tilteknu vinnslusvæði séu óháðar notkun, þ.e.a.s. óháðar framkvæmd við orku- eða iðjuver, því að engin leið er að vita fyrirfram með vissu hvort að boranirnar muni leiða til vinnslu eða ekki. Orkufyrirtæki eða aðrir sem hafa öðlast rannsóknarleyfi skv. lögum um nýtingu auðlinda í jörðu (57/1998) geti sótt um að fram fari mat á umhverfisáhrifum borunar óháð hugsanlegri nýtingu. Orkustofnun leggur til að þetta verði leyst þannig að í 2.viðauka í lið 2.c, sem fjallar um djúpborun verði eftirfarandi bætt í (eðlilegast sem i. og breyttist þeir sem á eftir koma í samræmi): i. borun 2-4 rannsóknarhola á nýjum vinnslusvæðum innan háhitasvæða.

**Orkuveita Húsavíkur:**

2c. Heitt vatn sem Orkuveita Húsavíkur notar kemur frá þekktu hverasvæði í nágrenni Húsavíkur. Orkuveitan notar nú tvær borholur sem gefa samtals um 95 l/s af 125 °C heitu vatni. Verið er að leggja nýja hitaveituæð, sem flytur um 150 l/s (80 MW í hráorku). Heildar kostnaður við þetta verk er 820 millj.kr. Skipulagsstjóra er með þessu frumvarpi heimilt að gera athugasemdir við áframhaldandi boranir og vinnslu á svæðinu og hindra Orkuveituna í að nýta þessa fjárfestingu.

**3. Orkuíðnaður:**

- a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli 100 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráorku eða meira (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loftlínunum á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- c. Geymsla jarðgass ofan jarðar á verndarsvæðum.
- d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.
- e. Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.
- f. Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.
- g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- h. Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 500kW uppsett rafafli eða meira.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Ekki verður farið í gegnum allan viðaukann og tilgreind stærðarmörk en dæmi nefnt. Til dæmis: 3. liður c-e.

Í 1. Viðauka er 50.000 m<sup>3</sup> stærðarmörk í 23. lið (geymslustöðvar). Í 2. viðauka eru engin stærðarmörk og staðsetning einskorðuð við verndarsvæði. Í 2. viðauka 3. lið telur FÍN að eðlilegt sé að miða við 5.000 m<sup>3</sup> stærðarmörk í staflíðum c-e, óháð staðsetningu. Til stuðnings þessu má benda á að skv. reglug. 263/1998 um hættumat í iðnaðarstarfsemi þurfa 50.000 m<sup>3</sup> tankar fyrir eldsneyti og stærri að gera hættumat en 5.000 m<sup>3</sup> tankar og stærri að hafa stefnumarkandi skjal vegna nauðsynlegra varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir slys. Lagt er því til að allir tankar með geymslurými 5.000 m<sup>3</sup> eða meira verði tilkynntir óháð staðsetningu og allir tankar á verndarsvæðum í c-e staflíð, 3 töluliðari 2. viðauka (sem verði tilgreint í inngangskafli um allar framkvæmdir á viðaukanum). Ef viðaukinn verður óbreyttur, færu stærstu oliubirgðastöðvar landsins eins og Örfirisey og samanlagt geymslurými í Hvalfirði í mat á umhverfisáhrifum, væri um nýframkvæmdir að ræða, en engar aðrar oliubirgðastöðvar væru tilkynningaskyldar nema þær væru á verndarsvæðum. Til samanburðar má benda á að heildarinnflutningur á bensíni til landsins er 130.000 tonn á ári. 5.000 tonna tankur er ekki lítill tankur og ætti að tilkynna framkvæmdir við slíka tanka og að 50.000 tonnum að tilkynnast til Skipulagsstofnunar, á meðan > 50.000 tonn fara í mat skv. lögnum.

**Hollustuvernd ríkisins:**

3. liður. Hollustuvernd ríkisins telur að bæta eigi við sæstrengjum inn í b-lið: „...*flutningur á raforku með sæstrengjum 10 km eða lengri eða jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri...*“

3. liður. Hollustuvernd ríkisins bendir á að í 23. tl. 1. viðauka eru geymslustöðvar fyrir olíu og tengd efni eða efnavörur með geymslugetu meira en 50.000 m<sup>3</sup> en skv. töluliðum 3c og 3e í 2. viðauka er eingöngu tilgreind geymsla jarðgass og jarðeldsneytis á verndarsvæðum. Stofnunin leggur til að auk þess verði sett í 2. viðauka geymar fyrir jarðolíu, jarðgas, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með geymslugetu yfir 5.000 m<sup>3</sup>.

**Samorka:**

Í grein 3a er fjallað um 2.500 kW hráorku. Rétt er tala um *hráafl* en ekki hráorku.

Í grein 3b kemur fram að flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk. Samorka gerir skýran greinarmun á plægingu og greftri. Ef sami skilningur er í lögnum á þessum þáttum höfum við ekki athugasemd við þennan lið.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

**Orkuveita Húsavíkur:**

3.a. 100 kW rafstöð og 2500 kW vinnsla á hrávarma eru mörk sem eru algjörlega óásættanleg. Afl tveggja lághitahola sem Orkuveita Húsavíkur nýtir er 50.000 kW af hrávarma. Einnig eru mörkin um 100 kW í raforkuframleiðslu allt of lág. Ekki má lengur setja upp smá rafstöðvar 0-2000 kW án samráðs við skipulagsstjóra. Díselvélar Orkuveitu Húsavíkur eru í dag 500-800 kW. Færa þarf þessi mörk upp í 2000-4000 kW. Sennilega þarf vottorð frá skipulagsstjóra í hvert skipti sem skip siglir inn í landhelgi Íslands. Rafmagnsframleiðsla íslenskra frystiskipa er á bilinu 500-3000 kW.

4. Framleiðsla og vinnsla málma (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):

a. Stöðvar til framleiðslu á steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.

b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málmum:

- i. heitvölsunarstöðvar,
- ii. smiðjur með hömrun,
- iii. varnarhúðun með bræddum málmum.

c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkennda málma.

d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).

e. Stöðvar til vinnslu málma og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.

f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.

g. Stálskipasmíðastöðvar.

h. Stöðvar sem eru í ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftförum.

i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.

j. Málmátun með sprengiefnum.

k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.

5. Steinefnaiðnaður:

a. Koxofnar (þurreiming kola).

b. Sementsverksmiðjur.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

- c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
  - d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
  - e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.
  - f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, einkum þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flisum, leirmunum eða postulíni.
6. Efnaiðnaður (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):
- a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
  - b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmilíki og peroxíðum.
  - c. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.
7. Matvælaíðnaður:
- a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
  - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum.
  - c. Framleiðsla á mjólkurvörum.
  - d. Öl- og maltgerð.
  - e. Framleiðsla á sætindum og sírópi.
  - f. Sláturhús.
  - g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu.
  - h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
  - i. Sykurverksmiðjur.
8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsíðnaður:
- a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
  - b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna.
  - c. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum.
  - d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á beðmi.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

9. Gúmmíðnaður, framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.
10. Framkvæmdir á grunnvirkjum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka):
  - a. Flugvellir á verndarsvæðum.
  - b. Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
  - c. Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
  - d. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
  - e. Sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
  - f. Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.
  - g. Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
  - h. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, til dæmis með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri.
  - i. Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum.
  - j. Mannvirki á verndarsvæðum til að færa vatnslindir milli vatnasvæða.

**Hollustuvernd ríkisins:**

10. liður. Hollustuvernd ríkisins leggur til að landingarstaðir á verndarsvæðum verði bætt við a-lið. Flugmálastjórn gerir greinarmun á „flugvöllum“ og „landingarstöðum“ og telur stofnunin m.a. vegna mengunarhættu beri að gera ítarlegar kröfur á verndarsvæðum.

**Landgræðsla ríkisins:**

Liður 10.d. getur, að álitum Landgræðslunnar, átt við um varnir gegn landbroti af völdum fallvatna að teknu tilliti til viðmiðunar um verndarsvæði sbr. hér að ofan. Allajafna falla varnir gegn landbroti því ekki undir ákvæði þessa liðar en þættir varnanna s.s grjótnám og slóðagerð gætu komið til álita varðandi aðra liði viðauka II og III.

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

**Náttúruvernd ríkisins:**

10. a. Sjá umsögn við viðauka I.

10. b. Sjá umsögn við viðauka I.

10. tl. (b) Taldir eru m.a. upp allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Af þessu má ráða að svæði á náttúruminjaskrá teljist ekki til verndarsvæða. Náttúruvernd ríkisins ítrekar að svæði á náttúruminjaskrá eiga að teljast til verndarsvæða og að taka beri m.a. mið af skilgreiningu á náttúruverndarsvæðum við skilgreiningu á verndarsvæðum.

11. Aðrar framkvæmdir:

- a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
- b. Stöðvar til úrgangslosunar á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- c. Skólphreinsistöðvar á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).
- e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
- f. Prófunarbekkir fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
- g. Stöðvar sem framleiða steinullartrefjar.
- h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
- i. Förgun sláturúrgangs.
- j. Endurvinnslustöðvar.
- k. Snjóflóðavarnargarðar.

12. Ferðalög og tómstundir:

- a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
- b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
- c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglendi.
- d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
- e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.



**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

- f. Skemmtigarðar.

**Ferðamálaráð Íslands:**

12.d. Tekið er fram í viðauka 2 að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og einnig utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi flokkist undir framkvæmdir sem taka beri afstöðu til í hverju tilviki hvort fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum. Ekki er ljóst hvað átt er við með þjónustumiðstöð. Í reynd eru þjónustustofnanir á hálendi og á verndarsvæðum, sem ekki eru mikið meira en snyrtiaðstaða á fjölsóttum ferðamannastöðum, eins konar þjónustustöðvar á þeim svæðum. Það er hins vegar sérkennilegt ef slík mannvirki eru talin hafa sambærileg áhrif og sementverksmiðjur, sem einnig eru taldar upp í viðauka 2. Nauðsynlegt virðist því að skilgreina við hvers konar miðstöðvar er átt, til að forðast að sá mikli kostnaður, sem fylgir mati á umhverfisáhrifum, leggist á minniháttar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru á fjölsóttum ferðamannastöðum.

13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.
- Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.
  - Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

**Félag íslenskra náttúrufræðinga:**

Varðandi a-d lið í 10 tölulið tilskipunarinnar, telur FÍN að rétt sé að þeir liðir verið jafnframt teknir uppi 2. viðauka reglugerðarinnar. Í greinargerð með 2. viðauka er vísað í skipulags- og byggingarlög og að þessir liðir falli undir þau. Níunda grein skipulags- og byggingarlaga segir m.a.: *Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmdaá umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.*

Er þetta ákvæði eða sambærileg jafngilt mati á umhverfisáhrifum skv. lögum þessum, ef Skipulagsstofnun úrskurðar að fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum. Falla ekki allar framkvæmdir undir skipulags- og byggingarlög og því óþarfi að lögfesta mat á umhverfisáhrifum.

Varðandi tilvísanir í mengunarvarnareglugerð sem koma fram í greinargerð með viðaukum, þá hefur mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum verið felld úr gildi. Skilgreining á persónueiningu er í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, og varðandi stærðarmörk í sambandi við fiskeldisstöðvar er hægt að vísa í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

**Hollustuvernd ríkisins:**

Með hliðsjón af umfjöllun um 12. lið 1. viðauka leggur Hollustuvernd ríkisins til að bætt verði við 2. viðauka tölulið sem hljóði þannig:

*Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður (framkvæmdir ekki tilgreindar í 1. viðauka).*

*Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.*

### 3. viðauki.

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka.

1. Eðli framkvæmdar.

Athuga þarf eðli framkvæmdar einkum með tilliti til:

- i. stærðar og umfangs framkvæmdar,
- ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,
- iii. nýtingar náttúruauðlinda,
- iv. úrgangsmýndunar,
- v. mengunar og ónæðis,
- vi. slysaáættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru.

**Landgræðsla ríkisins:**

Varðandi lið 1.iii þá er það álit Landgræðslunnar, sbr. hér að ofan, að sú nýting náttúruauðlinda, sem hér er rætt um, taki ekki til almennra beitarnota á landbúnaðarsvæðum, enda er þar ekki um „framkvæmd“ að ræða í hefðbundnum skilningi þess orðs, heldur sé hér verið að vísa til nýtingar á borð við námuvinslu, orkuvinnslu ofl. sem fela í sér upphafskeið og framkvæmdaskeið ásamt tilteknum lokum framkvæmdar.

2. Staðsetning framkvæmdar.

Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á einkum með tilliti til:

- i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,
- ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,
- iii. verndarsvæða:
  - (a) friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,
  - (b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,
  - (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

- (d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við mengunarvarnareglugerð og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,
  - (e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,
  - (f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,
- iv. álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til:
- (a) votlendissvæða,
  - (b) strandsvæða,
  - (c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,
  - (d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúruminjaskrá,
  - (e) landslagsheilda, ósnortinna viðerna, hálendissvæða og jökla,
  - (f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,
  - (g) fuglabjar ga og annarra kjörlenda dýra,
  - (h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,
  - (i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum.

**Hollustuvernd ríkisins:**

2. liður. Hollustuvernd ríkisins bendir á að mengunarvarnareglugerð, nr. 34/1984, er fallin úr gildi. Við henni hafa tekið 27 reglugerðir um einstaka þætti mengunarvarna. Í lið 2.iii.d í 3. viðauka er vísað til reglugerðarinnar. Rétt tilvísun er reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

**Skógrækt ríkisins:**

- 2.iii.(a). Lagt er til að þar standi einungis: "friðlýstra náttúruminja"
- 2.iii.(c). Lagt er til að miðað verði við 20 metra fjarlægð frá fornleifum.
- 2.iii.(f). Lagt er til að liðurinn verði felldur niður.
- 2.iv.(d). Lagt er til að liðurinn verði felldur niður.

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.**

2.iv.(f). Lagt er til að þar standi "sjaldgæfs og lítt snortins gróðurlendis, svo sem skóglendis".

2.iv.(g). Lagt er til að þar standi "fuglabjarga".

**Skipulagsstofnun:**

Undir iii lið e) í 2. tl. 3. viðauka, þar sem fjallað er um verndarsvæði, er tekið fram að válistar falli undir svæði sem njóta verndar skv. samþykktum alþjóðlegra samninga sem Íslands er bundið af. Skipulagsstofnun telur að válistar falli ekki undir staðsetningu framkvæmdar og að frekar beri að vísa til þeirra undir iv lið um álagsþol náttúrunnar.

**Félag skógarbænda á Vesturlandi:**

Leggjum við til, að 2.ii hljóði þannig: *gnægðar og gæða náttúruauðlinda í landshlutanum, sem og endurnýjunargetu þeirra*. Um er að ræða breytingu, sem við teljum, að feli í sér nákvæmari þýðingu á enska textanum í EC-plagginu og um leið skýrari framsetningu en í texta fyrirbyggjandi lagafrumvarps.

Kafli 2. iii í frumvarpinu er nánari íslensk útfærsla á enska textanum í 2. gr. (d) og (e) í 97/11/EC. Við gerum athugasemd við 2. iii (c) í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir að sérstaklega sé hugað að svæðum innan 100 m fjarlægðar frá fornminjum. Lýsum við eftir rökum fyrir þessari fjarlægðarviðmiðun, sem okkur virðist vægast sagt yfirdrifið, sbr. greinargerð. Liður þessi gæti einfaldlega hljóðað þannig: *svæða, sem njóta verndar skv. þjóðminjalögum*.

**2.iv (d)**

Í viðauka 3 teljum við rétt að sleppa lið 2. iv (d), enda er um að ræða endurtekningu á hluta upptalningar í lið 2. iii. Að vísu er því bætt við þarna að sérstaklega skuli tekið tillit til „svæða á Náttúruminjaskrá“. Þarna myndi vera um að ræða þau svæði á Náttúruminjaskrá, sem ekki eru talin upp í lið 2. iii og njóta ekki neins konar friðlýsingar skv. lögum Okkur þykir óvarlegt að gera slíkum svæðum svo hátt undir höfði, enda gætu embættismenn þar með heimtað umhverfismat á öllum svæðum á Náttúruminjaskrá. Hafa ber í huga, að á Náttúruminjaskrá eru m.a. svæði, sem einhverjum hefur einhvern tíman dottið í hug að bæri að friðlýsa, þótt hugmyndin hafi ekki fengið frekari umfjöllun.

Í viðauka 3. leggjum við einnig til, að í 2.iv (e) (sem yrði (d), ef athugasemd (g) verður takin til greina) komi í stað orðanna „ósnortinna víðerna“ orðið *óbyggða*. Rökkin fyrir þessu eru þau, að ósnortin víðerni eru ekki til á Íslandi.

Í viðauka 3. leggjum við einnig til, að 2. iv (f) (sem vonandi breytist (e) verði breytt til samræmis við textann og þar standi eingöngu orðið *skóglendis*. Erfitt er að skilgreina

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

hugtakið „upprunalegt gróðurlendi“, enda ekki notað í enska textanum. Nægjanlegt tillit er tekið til verndarsjónarmiða við lagasetningu þessa með upptalningunni í lið 2.iii í viðauka 3. og uppfyllir hún riflega lámarskröfur EC, hvað það varðar.

3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:

- i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,
- ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa,
- iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,
- iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa,
- v. sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði,
- vi. áhrifa yfir landamæri.

**Félag skógarbænda á Vesturlandi:**

Í viðauka 3. leggjum við til, að liður 3. iv hljóði þannig: *tímalengdir, tíðni og afturkræni áhrifa.*

Í viðauka 3. leggjum við til, að liður 3. iv hljóði þannig: *tímalengdir, tíðni og afturkræfni áhrifa.*

Í viðauka 3. leggjum við til, að felldru verði niður fyrirleggjandi texti í lið 3.v. Í stað hans kæmi í samræmi við 97/11/EC: *hversu umfangsmikil og margbreytileg áhrif um er að ræða.*

**Héraðsskógar:**

Alm. viðauki 3.

Skipulagsstofnun er gefin heimild til að úrskurða um mat í 100 m fjarlægð frá fornminjum. Í þjóðminjalögum er tekið fram að ekki skuli stunda framkvæmdir í 20 m. fjarlægð frá fornminjum. Nægir það ekki? Fari svo að 100 m. verði samþykktir og Skipulagsstofnun úrskurði að ekki verði stundað skógrækt í 100 m. fjarlægð frá fornminjum fylgir með hér (fskj.1) sem sýnir hverjar afleiðingarnar yrðu á dæmigerðri skógræktarjörð í Fellahreppi N-Múl. Ljóst er að bóndinn getur aðeins stundað skógrækt í litlum reitum á nokkrum stöðum á jörðinni og við slíkar kringumstæður er skógrækt ekki nytjaskógur. Ákvörðun hans getur

***Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.  
Vinnuskjal umhverfisnefndar - ekki til dreifingar.***

Því ekki orðið önnur en að hefja ekki skógrækt enda segja lög um Héraðsskóga til um að þar skuli stunda nytjaskógrækt. Til að fá þessa niðurstöðu gæti bóndinn þurft að greiða 1-3 millj. kr.

